# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

104. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. MAÍ 2017





Veðrið lék við landann í gær en þó allra mest við íbúa á norðausturhluta þess. Hiti fór víða yfir tuttugu gráður og gripu þessir ungu Akureyringar til þess ráðs að stökkva í sjóinn til að kæla sig niður. Í höfuðstað Norðurlands rifu menn grillin fram og seldust pylsu- og hamborgarabrauð upp í sumum verslunum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi blíðskaparveðri í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Telur bæjarráðsmenn hafa verið blekkta

**Fyrrverandi bæjarfulltrúi segir ljóst að bæjarfulltrúar á Akureyri hafi verið blekktir þegar þeir seldu hlut bæjarins í fjárfestingarfélaginu Tækifæri í fyrra. Bærinn hefði hagnast um 75 prósent af söluandvirðinu ef salan, sem fram fór í lokuðu ferli, hefði ekki orðið.**

**AKUREYRI** „Það er að koma betur og betur í ljós að bæjarfulltrúar voru blekktir, þeir voru ekki með réttar upplýsingar og KEA eignast þarna félag sem býr til góðan hagnað. Þeir höfðu menn í stjórn og vissu nákvæmlega framtíðaráformin á meðan bæjarfulltrúar vissu lítið um málið og reiddu sig á upplýsingar fjármálastjóra bæjarins,“ segir Sigurður Guðmundsson, kaupmaður á Akureyri og fyrrverandi bæjarfulltrúi, en hann gagnrýndi harðlega sölu bæjarins á hlut í Tækifæri á síðasta ári. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs, viðurkennir að bærinn hafi skoðað hvort hægt væri að láta kaupin ganga til baka.

Guðmundur er að tala um sölu á rúmlega fimmtán prósenta hlut bæjarins í fjárfestingarfélaginu Tækifæri í fyrra til KEA. Fljótlega varð ljóst að Tækifæri hafði hagnast um rúman hálfan milljarð króna á árinu 2016. Akureyrarbær hefði því hagnast um 86 milljónir, eða um þrjá fjórðu hluta 116 milljóna söluandvirðis árið 2016, ef hann hefði ekki selt hlut sinn, en salan var harðlega gagnrýnd á sínum tíma.

Salan fór fram í lokuðu ferli. Samþykkt var af hálfu bæjaryfirvalda að beiðni KEA að færa málið í trúnaðarbók félagsins. Fyrrverandi bæjarfulltrúi og kaupmaður á Akureyri segir ljóst að bæjarfulltrúar hafi verið blekktir. „Þeir voru ekki með réttar upplýsingar,“ segir Sigurður. – sa / sjá síðu 6

## Öryggismiðstöð Íslands til sölu

**VIÐSKIPTI** Eigendur Öryggismiðstöðvar Íslands hafa ákveðið að bjóða til sölu allt hlutafé í félaginu. Hagnaður félagsins var ríflega 220 milljónir króna í fyrra. Næstum tvöfaldaðist milli ára. Stærstu hluthafar eru Hjörleifur Jakobsson og Guðmundur Ásgeirsson. – hae /sjá síðu 14

## Hætta hefði getað skapast

**FLUGMÁL** Varaflugvallamál eru í ólestri að mati Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA). Formaður öryggisnefndar FÍA segir að háskalegt ástand hefði getað skapast þegar vél Primera Air fór út af braut á Keflavíkurflugvelli á föstudag. – gar / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um ríkisstjórn stjórnarandstöðunnar. 16

**SPORT** Strákarnir okkar eiga erfiðan leik í Skopje í kvöld. 28

**MENNING** Spenningur fyrir frumsýningu Ég man þig. 36

**LÍFIÐ** Letrið Silk eftir Rakel Tómasdóttur er komið í sölu á stærstu letursölusíðu internetsins. 50

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MEISTARANÁM Á BIFRÖST**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæglætisveður víðast hvar, bjart og fallegt vorveður, en samt verður þokan viðloðandi strendur landsins. Hiti 13 til 20 stig.

SJÁ SÍÐU 34



**Myndavélarnar á horni Klapparstígs eru þær síðustu sem námu ferðir Birnu Brjánsdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fylgjast betur með í bænum eftir hvarf Birnu

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur komið upp 25 nýjum eftirlitsmyndavélum vítt og breitt um miðbæinn. Unnið er að því að fá heimildir fyrir átta myndavélum til viðbótar en búnaðurinn er til staðar og er tilbúinn að vera tekinn í gagnið.

Myndavélarnar eru settar upp á svæðinu í kringum Kvosina, Laugaveg, Hverfisgötu og Skólavörðustíg. Myndavélarnar eru mun fullkomnari en verið hefur og gefa skýrari mynd en myndgæði myndavéla hefur verið ábótavant eftir myrkur.

Eftir hvarf Birnu Brjánsdóttur í janúar vöknuðu spurningar um öryggi almennings í miðbænum. Í myrkri námu eftirlitsmyndavélar miðbæjarins ekki bílnúmer, hreyfiskynjarar fóru ekki í gang ef gengið var framhjá vélunum og sum svæði voru ókortlögð. Af tólf vélum sem komið var upp árið 2012 voru fjórar orðnar óvirkar.

Eftirlitsmyndavélar á horni Klapparstígs voru þær síðustu til að nema ferðir Birnu Brjánsdóttur að morgni 14. janúar. Hreyfiskynjari á myndavél við Laugaveg 31 fór ekki í gang þegar Birna gekk fram hjá en það truflaði rannsókn lögreglu og gerði það að verkum að ekki er til myndband af því þegar Birna fór upp í rauða Kia Rio bílinn sem Thomas Møller Olsen ók umrædda nótt. **– snæ**

# Fötin skapa manninn



**Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands er árviss viðburður og ætíð vel sóttur. Í þetta sinn var engin breyting á. Tíu upprennandi tískumógúlar sýndu hönnun sína fyrir fullum Norðurljósasal Hörpu í gærkvöldi, en tískusýningin er hluti af viðamikilli dagskrá útskriftarhátíðar Listaháskólans, þar sem upprennandi listamenn sýna á samsýningu á ári hverju. Í fremstu röð á tískusýningunni í ár sátu meðal annars Kolfinna Von Arnardóttir, eigandi Reykjavík Fashion Festival, og Erna Bergmann, hönnuður og stílisti.** **Sjá síðu 66** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fá Rolls Royce frystitogara

**SJÁVARÚTVEGUR** Stjórn HB Granda hf. hefur ákveðið að ganga til samninga við spænsku skipasmíðastöðina Astilleros Armon Gijon, S.A. um smíði á frystitogara á grundvelli tilboðs. Samningsupphæðin liggur nærri 5 milljörðum króna. Áætlað er að gangi samningar eftir muni skipið verða afhent 2019. Frá þessu er greint á heimasíðu fyrirtækisins.

Togarinn er hannaður af Rolls Royce í Noregi og er 81 metra langur, 17 metra breiður og hefur lestarrými fyrir um þúsund tonn af frystum afurðum á brettum. Er því um eitt stærsta fiskiskip í sögu íslenska flotans að ræða.

Ekki eru fyrirhugaðar frekari nýsmíðar af hálfu félagsins að svo stöddu en félagið gerir nú út 3 frystitogara sem eru smíðaðir á árunum 1988-1992, 4 ísfisktogara og 2 uppsjávarveiðiskip. **– shá**

# Fimmtugir feður hafa meiri tíma fyrir börnin

**Hópur karla sem eignast börn eftir fimmtugt hefur stofnað félagsskap. Formaðurinn segir menn fyrst þá hafa nægilegan þroska í föðurhlutverkið og telur leikskólana vera talsvert betri í dag en þeir voru fyrir þrjátíu árum.**

**SAMFÉLAG** „Þetta er nú frekar óformlegur félagsskapur feðra sem eignast börn eftir fimmtugt. Við lítum svo á að menn hafi eiginlega ekki þroska til að eignast börn fyrr en um það bil á þeim aldri,“ segir Runólfur Ágústsson, formaður Félags eldri feðra.

Runólfur segir félagsskapinn vera um það bil tveggja ára gamlan og að hann sé mjög óformlegur. Félagsmenn eru um fimmtán talsins en í þeim hópi eru auk Runólfs menn á borð við Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, Ara Edwald forstjóra, Halldór Baldursson skopmyndateiknara, Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmann, Björn Karlsson, forstjóra Mannvirkjastofnunar, og fleiri.

„Margir okkar hafa reynt þetta á fyrri ævistigum og þetta gengur miklu betur núna,“ segir Runólfur léttur í bragði. Hann á sjálfur börn á aldrinum tveggja til þrjátíu ára og segir það mjög algengt í þessum félagsskap. „En einhverjir komu síðar inn á þennan vettvang. Það er að segja að þeir hafa byrjað að eignast börn eftir að þeir tóku út þroskann,“ segir Runólfur.

Alvarlegur í bragði segir Runólfur að munurinn á að eignast barn eftir fimmtugt og fyrir fimmtugt snúist um forgangsröðun. „Við þroskuðu feðurnir höfum meiri tíma fyrir börnin okkar í dag sem við höfðum kannski ekki fyrir 20 til 30 árum. Ungir menn og metnaðarfullir eru gjarnan held ég að sigra heiminn en á okkar aldri eru menn hættir svoleiðis vitleysu,“ segir hann.

Runólfur segir að mörgu leyti betra að ala börn upp núna, sé horft til þeirrar þjónustu sem samfélagið hefur upp á að bjóða. „Þetta er persónuleg upplifun og við, sem eldri feður, tökum fyrst og fremst sjálfir ábyrgð á okkar lífi og okkar börnum. Við erum ekkert endilega að gera miklar kröfur á samfélagið í þeim efnum en nýtum okkur þá grunnþjónustu sem er í boði. Og hún er nú bara býsna góð. Til að mynda held ég að það sé mikill gæðamunur á leikskólum í dag og fyrir þrjátíu árum,“ segir hann.



**Runólfur Ágústsson á börn á aldrinum tveggja til þrítugs. Hann er formaður í óformlegum félagsskap eldri feðra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Margir okkar hafa reynt þetta á fyrri ævistigum og þetta gengur miklu betur núna.**
>
> Runólfur Ágústsson, formaður Félags eldri feðra

Runólfur segir að Félag eldri feðra styðji stefnu stjórnvalda í að stytta nám. „Við studdum sérstaklega fyrrverandi menntamálaráðherra í styttingu náms til stúdentsprófs og styðjum áframhaldandi vinnu við að stytta grunnskólann. Af því að við höfum það að markmiði að börnin okkar geti útskrifast sem stúdentar áður en við verðum sjötugir,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

HANDVERK OG HÖNNUN
CRAFTS AND DESIGN
Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
4.–7. MAÍ


4.-8. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
Kringlan
OPIÐ
10–21
ALLA FIMMTUDAGA
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is



**Innan sveitarfélagsins eru óteljandi náttúruperlur og ferðamönnum fjölgar stöðugt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fordæmalaus uppbygging í sveit og bæ

**Sveitarstjóri Rangárþings eystra segir uppbyggingu í sveitarfélaginu meiri nú en áður hafi sést. Það á bæði við um þéttbýli og dreifbýli. Ferðaþjónusta drífur vöxtinn áfram. Sveitarfélagið og gróin fyrirtæki eins og Sláturfélag Suðurlands eru einnig í framkvæmdum.**

**BYGGÐAMÁL** „Það eru einfaldlega engin fordæmi fyrir uppbyggingu sem þessari hér í sveitarfélaginu,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra. Verkefni í sveitarfélaginu, langt komin eða við það að hefjast, skipta tugum – flest tengjast ferðaþjónustu. Uppbyggingin einskorðast ekki við þéttbýliskjarnann á Hvolsvelli heldur nær hún ekkert síður til dreifbýlisins þar sem gistiaðstaða, hótel, gistiheimili og smáhýsi, er í byggingu.

Ísólfur Gylfi segir að ef litið er til baka komi upp í hugann sú mynd þegar allt virtist á fallandi fæti. „Það eru farin af stað fjölmörg spennandi verkefni, sum hver tengjast sveitarfélaginu beint og önnur ekki.“ Hann nefnir Eldfjallasetrið og verkefni þar sem ungt fólk sem er að breyta gamalli steypustöð og iðnaðarhúsnæði Suðurverks, sem stóð autt, í gistiaðstöðu fyrir ferðamenn.

„Uppbyggingin er svo sannarlega ekki bundin við þéttbýlið. Hún nær til dreifbýlisins einnig þar sem ferðaþjónustan er hreyfiaflið,“ segir Ísólfur Gylfi.

Sé tæpt á því helsta grípur augað að átta hótelverkefni eru í gangi á ýmsum stigum – nýbyggingar og stækkanir. Fjögur af þeim eru í sveitinni, en uppbygging gistingar er á ellefu jörðum. Fyrirtæki eru líka að bregðast við vexti og er Sláturfélag Suðurlands að fara af stað með byggingu á 24 íbúðum fyrir sína starfsmenn vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Eins og kunnugt er verður Eldfjallasetrið (Lava) opnað um næstu mánaðamót í um 3.000 fermetra húsnæði sem hýsir sýningu, verslun, veitingastað og fleira. Þá stendur sveitarfélagið í uppbyggingu í þéttbýlinu á Hvolsvelli; skipuleggur nýjan miðbæ og fjölda lóða fyrir verslun og þjónustu auk íbúða. Einnig er gert ráð fyrir veglegu hátíðarsvæði. Þá er verið að byggja við dvalar- og hjúkrunarheimilið á staðnum.

Spurður hvort þessi hraða uppbygging valdi sveitarstjóranum áhyggjum, segir hann að svo sé. „En þetta eru viðfangsefni dagsins, og ef við bregðumst ekki við þessu þá missum við kannski frá okkur tækifæri. Ég segi að það sé skylda okkar að taka þátt í þessu.“

Haft hefur verið á orði að ekkert sé mikilvægara í tilliti til byggðamála en samgöngur og fjarskipti, en á vegum sveitarfélagsins er verið að ljúka fyrsta áfanga að lagningu ljósleiðara í dreifbýli. Í beinu framhaldi verður haldið áfram með ljósleiðaravæðingu alls sveitarfélagsins og stefnt að því að um næstu áramót verði henni lokið.

svavar@frettabladid.is

> Ég segi að það sé skylda okkar að taka þátt í þessu.



Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra

## Stór sem smá verkefni um allt sveitarfélagið




### HVOLSVÖLLUR

- Búið er að úthluta tveimur lóðum, fyrir 100 herbergja hótel á hvorri lóð.
- Hostelið Midgard var opnað 1. maí með rými fyrir um 30 manns í gistingu.
- Eldfjallasetrið (Lava) um 3000 $m^2$ sem hýsir sýningu, verslun, veitingastað ofl. verður opnað núna 1. júní.
- Einungis 3 íbúðalóðir klárar lausar til úthlutunar. Er að klárast skipulag íbúðasvæða sem hægt verður að úthluta og byggja á núna í sumar, samtals um 50 íbúðir.
- Sláturfélag Suðurlands að fara af stað með byggingu á 24 íbúðum fyrir sína starfsmenn v. fyrirhugaðrar stækkunar.

### SKÓGAR

- Verið er að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir nærumhverfi Skógafoss. Tekur mestmegnis til nýrra bílastæða, aðkomu og gönguleiða.
- Viðbygging við Hótel Skóga um 15 herbergi.
- Viðbygging við Hótel Skógafoss, veitingasalur.
- Viðbygging við Skógasafn, ný og glæsileg móttaka.

### SVEITIN

1. **Tjaldhólar**. 4 smáhýsi til ferðaþjónustu.
2. **Goðaland** – 6 herbergja gistiheimili.
3. **Hellishólar** – 18 herbergja hótelálma.
4. **Brú** – 12 smáhýsi til ferðaþjónustu.
5. **Steinmóðarbær** – 7 herbergi í 1 hluta hótels.
6. **Njálsbúð** (félagsheimili) Breyting á hluta húsnæðis í gistiheimili ca. 8 herbergi.
7. **Skálakot** – 18 herbergja lúxushótel sem verður opnað á næstunni.
8. **Rauðsbakki** – 30 herbergja hótel sem verður opnað á næstunni.
9. **Lambafell** – 15 smáhýsi til ferðaþjónustu.
10. **Varmahlíð** – Fjósi breytt í 7 stúdíóbúðir fyrir ferðaþjónustu.
11. **Syðri-Kvíhólmi** – Íbúðarhúsi breytt í gistiheimili, 5 herbergi.
12. **Seljalandsfoss/Hamragarðar** – Deiliskipulag á lokametrum í ferlinu. Gert ráð fyrir talsverðum breytingum í aðkomu, bílastæðum, göngustígum, byggingu þjónustumiðstöðvar o.fl.
13. **Þórsmörk** – Deiliskipulag á lokametrunum. Gert ráð fyrir göngubrú úr Fljótshlíð í Húsadal. Boðið verður upp á nokkrar ferðaþjónustulóðir í Húsadal og í Básum.




# Skiptastjóri Milestone getur ekkert gert

**DÓMSMÁL** Skiptastjóri Milestone hefur engar heimildir til þess að bregðast við eignafærslu Karls Wernerssonar til sonar síns, Jóns Hilmars Karlssonar.

Karl og Steingrímur bróðir hans áttu eignarhaldsfélagið Milestone fyrir hrun. Á meðal eigna Milestone var Lyf og heilsa, en lyfjafyrirtækið var selt út úr eignarhaldsfélaginu skömmu fyrir hrun og varð eini eigandinn Karl Wernersson.

Í mars síðastliðnum dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur Karl og Steingrím Wernerssyni og Guðmund Karl Ólason til að greiða þrotabúi Milestone, sem var eignarhaldsfélag þeirra bræðra, 5,2 milljarða króna í skaðabætur. Ástæðan er sú að bræðurnir fjármögnuðu kaup á hlut Ingunnar Wernersdóttur í Milestone með peningum frá eignarhaldsfélaginu sjálfu.

Í fyrrakvöld greindi RÚV frá því að samkvæmt ársreikningum væru Lyf og heilsa ekki lengur í eigu Karls Wernerssonar heldur væri fyrirtækið í eigu rúmlega tvítugs sonar hans.

„Það sem skiptir máli varðandi gerninga Karls er að hann er ekki gjaldþrota. Ég er ekki skiptastjóri yfir Karli,“ segir Grímur Sigurðsson, skiptastjóri Milestone. Þess vegna hafi hann ekki heimild til að bregðast við þessum gerningi. „En svo kann það að breytast. Í dag liggur fyrir héraðsdómur um að Karl skuldi þrotabúi Milestone fimm milljarða í höfuðstól. Ef sú krafa verður ekki greidd kann að vera að hann verði úrskurðaður gjaldþrota og það verði skipaður skiptastjóri yfir því þrotabúi,“ segir hann. – jhh



**Aðalmeðferð í Milestone-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SMÁRALIND




SKELLTU ÞÉR Í POTTINN

VERSLAÐU Í SMÁRALIND 4.–14. MAÍ OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 100.000 KR. GJAFAKORT

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT




Í þessari fjölbreyttu ferð munum við kynnast hinni gullfallegu Slóveníu en landið er löngum þekkt fyrir náttúrufegurð sína: alpa, skóga, ár og vötn, hella og kastala sem prýða útsýnið.

Við fljúgum til Trieste á Ítalíu og byrjum á að aka til fjallaþorpsins Kranjska Gora sem liggur í hlíðum slóvensku Alpanna, en þar munum við gista fyrstu nóttina. Á leið okkar til Kranjska Gora ökum við meðfram þjóðgarðinum Triglav sem fær nafn sitt af hæsta fjalli Slóveníu.

Því næst ökum við til vatnanna Bohinj og Bled og höldum áfram að njóta undurfagurrar náttúrunnar sem lætur engan ósnortinn. Við gistum í bænum Bled sem stendur við samnefnt vatn í hlíðum Karawanks fjallgarðsins. Næst liggur leið okkar til höfuðborgarinnar Ljubljana, en hún þykir mjög falleg og hefur verið afar vinsæl undanfarin ár.





Við getum ekki heimsótt Slóveníu án þess að koma við í hinum frægu Postojna dropasteinshellum og kastalanum Predjama. Næst liggur leið okkar til strandarbæjarins Portoroz eða „Rósahöfnin", sem stendur við Adríahafið.

Frá Portoroz förum við í dagsferð til Króatíu, ökum til bæjanna Porec og Motovun á Istríuskaganum, heillandi bæja sem vert er að skoða. Porec er falleg hafnarborg og um tvö þúsund ára gömul. Hún þykir sérstök m.a. þar sem hún stendur á afar þröngu nesi. Motovun er sveitaþorp í miðaldastíl sem stendur upp á 270 m. hárri hæð. Við njótum síðasta dagsins í rólegheitunum í Portoroz en flogið er daginn eftir til Keflavíkur.

**Frá kr. 189.995 m/morgunmat o.fl.**
Netverð á mann frá kr. 189.995 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar og akstur. Gisting á 3-4* hótelum m/morgunmat, kvöldverður alla daga nema 2 kvöld í Ljubljana. Sigling um Bled vatnið og aðgangseyrir í Bled kastalann, kynnisferð í Ljubljana og sigling með drykk um ána Ljubljanica, aðgangseyrir í Postojna hellana og í Predjama kastalann, kynnisferð í Porec, íslensk fararstjórn.

ENNEMM / SIA • NM80725 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


## Deilurnar halda áfram



**Til átaka kom** milli óeirðalögreglu og mótmælenda í Karakas, höfuðborg Venesúela, í gær en yfir þrjátíu hafa látist í mótmælum undanfarið. Óeirðaseggirnir eru stjórnarandstæðingar og krefjast þess að Nicolas Maduro forseti fari frá og ráðist ekki í umdeildar breytingar á stjórnarskrá. Undanfarið hefur landið rambað á barmi félags-, efnahags- og hugmyndafræðilegs þrots. Ekkert bendir til að staðan batni í bráð. NORDICPHOTOS/AFP

# Bærinn reyndi að láta kaupin ganga til baka

**Rúmlega hálfs milljarðs króna hagnaður Tækifæris á síðasta ári sýnir að bæjarráð hafi verið blekkt, segir fyrrverandi bæjarfulltrúi. Á þessu eina ári hefði hagnaður bæjarins verið um 75 prósent af söluandvirði, hefði hluturinn ekki verið seldur.**

**AKUREYRI** Fjárfestingarfélagið KEA keypti í fyrra 15,2 prósenta hlut í Tækifæri af Akureyrarbæ fyrir 116 milljónir. Nokkrum mánuðum síðar var upplýst um að Tækifæri hefði hagnast um 555 milljónir á árinu 2016. KEA keypti upp hluti sveitarfélaga í upphafi árs 2016 rétt undir nafnverði í lokuðu ferli. Tólf sveitarfélög fylgdu Akureyrarbæ í blindni og seldu á sama verði og Akureyrarbær.

„Það er að koma betur og betur í ljós að bæjarfulltrúar voru blekktir, þeir ekki með réttar upplýsingar og KEA eignast þarna félag sem býr til góðan hagnað. Þeir höfðu menn í stjórn og vissu nákvæmlega framtíðaráformin á meðan bæjarfulltrúar vissu lítið um málið og reiddu sig á upplýsingar fjármálastjóra bæjarins," segir Sigurður Guðmundsson, kaupmaður á Akureyri og fyrrverandi bæjarfulltrúi, en hann gagnrýndi harðlega sölu bæjarins á hlutnum í Tækifæri á síðasta ári.

Eign Akureyrarbæjar var bókfærð upp á um 116 milljónir króna sem segir okkur að Akureyrarbær taldi fyrirtækið metið á um 900 milljónir. Bærinn seldi hlut sinn í lokuðu ferli og samþykkti beiðni KEA um að færa málið í trúnaðarbók félagsins á sínum tíma. Bærinn var harðlega gagnrýndur fyrir að hafa farið með eignir bæjarbúa á þennan hátt og ekki tryggt hæsta mögulega verð fyrir hlut bæjarbúa. Hlutdeild Akureyrarbæjar í hagnaði félagsins fyrir þetta eina ár, ef bærinn hefði ekki selt hlut sinn, hefði því verið um 86 milljónir, eða sem nemur um 75 prósentum af söluandvirðinu.



**Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs**



**Sigurður Guðmundsson, kaupmaður**

**555** milljónir var hagnaður Tækifæris á árinu 2016.

**900** milljónir mat Akureyrarbær Tækifæri á í byrjun árs 2016.

„Við skoðuðum það á sínum tíma hvort hægt væri að láta kaupin ganga til baka," segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs. „Við töldum á þeim tíma að þetta væri ásættanlegt verð. Fjármagnið sem fékkst við söluna hefur meðal annars verið nýtt til að stofna frumkvöðlasetur en að öðru leyti vísa ég í bókun bæjarráðs frá 13. október þar sem bæjarráð fer yfir málið."

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri segir það ekki eiga að vera hlutverk sveitarfélaga að sýsla með fyrirtæki eins og Tækifæri. „Akureyrarbær fékk greitt fyrir hlut sinn það sama og það lagði út í upphafi. Maður veltir því fyrir sér hvort bærinn eigi að eiga hlut í fyrirtækjum sem þessum."

Ekki náðist í Halldór Jóhannsson, forstjóra KEA og stjórnarformann Tækifæris, við vinnslu fréttarinnar. Tekið skal fram að stjórn Tækifæris leggur ekki til að greiddur verði arður til hluthafa vegna afkomu síðasta árs.

sveinn@frettabladid.is

Made in Iceland
BIOEFFECT

# BIOEFFECT KYNNINGARDAGAR




## 20% AFSLÁTTUR AF BIOEFFECT HÚÐVÖRUM
## 4.–10.MAÍ Í HAGKAUP

Kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 7.900 kr. eða meira*

BIOEFFECT Á ÍSLANDI
www.bioeffect.com

*Takmarkað magn

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ólafur Ólafsson óskaði formlega eftir fundi á föstudaginn

**VIÐSKIPTI** Ólafur Ólafsson, athafnamaður og stærsti eigandi Samskipa, hefur sent stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis formlegt erindi og óskað eftir að fá að mæta á fund hennar. Erindið barst nefndinni á föstudag og verður tekið fyrir á fundi hennar fyrir hádegi í dag.

Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og varaformaður nefndarinnar, sem stýrir umfjöllun hennar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu Búnaðarbankans, vill ekki upplýsa um efni erindisins annað en að þar megi finna rökstuðning Ólafs fyrir beiðninni.

**Við munum skila skýrslu um skýrsluna um Búnaðarbankann.**

Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar



„Við munum ræða málsmeðferðina á morgun. Við erum að skipuleggja hana en þetta er viðamikið mál og ekki einungis Búnaðarbankaskýrslan heldur einnig mat á því hvort ráðast eigi í frekari vinnu og gögn sem varða einkavæðingu annarra banka,“ segir Jón Steindór.

Ólafur sendi frá sér yfirlýsingu þann 12. apríl þar sem hann óskaði eftir að fá að mæta á fund nefndarinnar. Rannsóknarnefnd Alþingis kynnti í lok mars niðurstöðu sína um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003 en hún var sú að þýski bankinn hefði í raun aldrei verið þar fjárfestir. Í yfirlýsingu sinni sagðist Ólafur vilja varpa ljósi á atburðarásina og svara spurningum.



**Ólafur Ólafsson, athafnamaður**

„Við munum skila skýrslu um skýrsluna um Búnaðarbankann og skila einhvers konar greinargerð um framhaldið að öðru leyti.“

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður nefndarinnar, og Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður sama flokks og 2. varaformaður, sögðu í samtali við Fréttablaðið síðasta fimmtudag það geta reynst óskynsamlegt að hafa fundinn opinn fyrir fjölmiðlum og almenningi.

„Ég er ekki búinn að gera það endanlega upp við mig og það hangir saman við hvernig nefndin tekur á málinu. Það er ekki komin ákvörðun um það,“ svarar Jón Steindór. **– hg**

# Engin viðbrögð við aðvörun flugmanna

## Formaður öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna segir háska geta hafa skapast ef þotan sem fór út af braut hefði gert það á háannatíma. Varaflugvellir séu í ólestri en stjórnvöld sinni ekki ábendingum. Flugslysarannsóknir taki allt of langan tíma á Íslandi.

**FLUGMÁL** „Það hefði getað skapast háskalegt ástand ef þetta hefði gerst milli þrjú og fjögur um daginn,“ segir Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, um óhappið sem varð er farþegaþota Primera Air fór út af braut í lendingu á Keflavíkurflugvelli klukkan rúmlega fimm á föstudaginn.

Ingvar segir að hefði óhappið orðið á háannatíma hefði fjöldi véla þurft að hverfa til varaflugvalla. Þar sé um að tefla Reykjavík, Akureyri og Egilsstaði. Það hamli síðarnefndu völlunum tveimur að þar sé aðeins pláss fyrir fjórar þotur á hvorum stað. Ef Keflavíkurflugvöllur lokist til dæmis vegna snjókomu sé oft snjókoma í Reykjavík sömuleiðis.

„Þessi varaflugvallamál eru í ólestri og við höfum ítrekað bent stjórnvöldum á það en engin viðbrögð fengið,“ segir Ingvar.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að flugvellirnir á Egilsstöðum, Akureyri og Reykjavík taki tuttugu til þrjátíu flugvélar. „Það er það sem er á klukkustund þegar mest lætur í Keflavík,“ bendir hann á. Þoturnar komi eins og perlufesti að Keflavíkurflugvelli, þær öftustu á leið frá Evrópu séu nær Skotlandi en Íslandi og geti snúið þangað til lendingar lokist völlurinn.

„Það væri þægilegt að hafa stærri flughlöð á Egilsstöðum og Akureyri en við getum á öðrum flugvöllum en Keflavíkurflugvelli tekið á móti umferðinni sem er þar á um einum klukkutíma eða vísað vélunum yfir á aðra flugvelli,“ segir Guðni.

Varðandi atvikið á föstudag segist Ingvar hvorki vilja hrapa að ályktunum né alhæfa neitt. „En það eru óneitanlega vísbendingar þarna á ferðinni. Snjóhreinsun í Keflavík hefur verið svolítið umfjöllunarefni,“ vekur hann athygli á. „Það eru sterkar vísbendingar um að það þurfi að setja meiri kraft í snjóhreinsun á Keflavíkurflugvelli og mér skilst að það standi til bóta næsta haust.“



Hvekktir farþegar stíga frá borði Primera Air þotunnar sem endaði utan brautar á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/JBG

Guðni segir það vissulega rétt að bæta þurfi við tækjum í snjómokstri en það sé vegna þess að bætt hafi verið við flugvélastæðum svo svari til átján fótboltavalla. „Hálkuvarnir og snjóvarnir á Keflavíkurflugvelli eru með því besta sem gerist í heiminum, það er bara staðreynd. Það er ekkert til sparað,“ segir hann.

Að sögn Ingvars er mjög mikilvægt að komist sé sem fyrst að orsökum óhappsins á föstudag sem og orsökum allra annarra óhappa og slysa í fluginu.

„Það er geysilega mikið af góðu fólki að vinna í flugiðnaðinum á Íslandi en það eru sterkar vísbendingar um að rannsóknarnefnd samgönguslysa þurfi að fá aukin fjárframlög,“ segir Ingvar og vísar til laga um rannsókn samgönguslysa þar sem viðmiðið sé að rannsóknarskýrslur komi út innan eins árs.

„En þetta hefur verið að dragast úr hófi fram. Maður spyr sig hvort það geti verið að þetta sé eins og með Matvælastofnun; að þarna þurfi meiri peninga til að auka afköstin. Það er náttúrlega grundvallarflugöryggismál þegar það verður óhapp eða slys að niðurstaðan um orsakirnar komi fram sem allra fyrst til þess að það sé hægt að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir þannig að slíkur atburður endurtaki sig ekki.“

gar@frettabladid.is

### Rannsókn skal ljúka innan eins árs

„Þegar rannsókn slyss eða atviks er lokið skal rannsóknarnefnd svo fljótt sem verða má gefa út lokaskýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í lokaskýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyss auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um ráðstafanir til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra ...

... Lokaskýrslu um rannsókn slyss skal að jafnaði gefa út innan árs frá því að slys varð.“

*Úr lögum um rannsókn samgönguslysa.*

**Það er náttúrlega grundvallar flugöryggismál þegar það verður óhapp eða slys að niðurstaðan um orsakirnar komi fram sem allra fyrst til þess að það sé hægt að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir þannig að slíkur atburður endurtaki sig ekki.**

Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar FÍA







**Föstudaginn 5. maí kl. 16-18 í Norræna húsinu**

VIÐBURÐUR Í BOÐI SENDINEFNDAR ESB Á ÍSLANDI Í SAMSTARFI VIÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í ár eru 60 ár liðin frá undirritun Rómarsáttmálans, sem markaði eitt fyrsta skrefið í átt að sameinaðri Evrópu. Sáttmálar ESB hafa alla tíð síðan haft mikil áhrif á daglegt líf Íslendinga, sérstaklega í gegnum EES-samninginn.

Á þessum opna viðburði langar okkur að gleðjast yfir því sem áunnið er og fagna áframhaldandi samvinnu og samstöðu.

Sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, herra **Matthias Brinkmann**, býður fólk velkomið.

Forseti Íslands, herra **Guðni Th. Jóhannesson**, flytur ávarp.

Viðburðurinn er opinn öllum og fer að mestu fram á íslensku. Léttar veitingar verða í boði.

Sendinefnd ESB á Íslandi

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLI ÍSLANDS


# 10 milljónir hafa safnast

**HJÁLPARSTARF** Yfir 10 milljónir króna hafa nú þegar safnast í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir Sómalíu, Suður-Súdan, Jemen og Nígeríu sem stendur sem hæst þessa dagana.

UNICEF og samstarfsaðilar hjálparsamtakanna hafa meðhöndlað um það bil 56 þúsund börn í Sómalíu vegna alvarlegrar vannæringar, meðal annars með veittum stuðningi frá Íslandi.

Rúmlega þrjú hundruð nýjar næringarmiðstöðvar hafa verið settar upp í Sómalíu. UNICEF styður nú rúmlega átta hundrað slíkar miðstöðvar í landinu og hafa 92 prósent barnanna sem fengið hafa aðstoð þar náð sér.

Í Nígeríu og Suður-Súdan er umfangsmikið hjálparstarf í gangi og í Jemen hefur UNICEF meðal annars veitt um það bil 5 milljónum barna skammta af A-vítamíni. **– ibs**




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Einelti er samfélaginu dýrkeypt

**Rannsóknir í Noregi og Svíþjóð benda til að kostnaður af einelti sé ekki undir 150 milljónum á hvern einstakling sem bíður af því varanlegt tjón. Fólk flosnar upp úr skóla. Sama á við um þolendur og gerendur.**

**SKÓLAMÁL** Rannsóknir sænskra og norskra sérfræðinga sýna að samanlagður kostnaður af einelti samsvari að minnsta kosti 150 milljónum króna á einstakling – hvort sem um er að ræða þolanda eða geranda. Eru þá talin til útgjöld félags- og heilbrigðisþjónustu, dómskerfisins og glataðar skatttekjur af þeim sem bera örin ævilangt og ná aldrei að lifa eðlilegu lífi vegna ofbeldisins.

Þorlákur Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar á Íslandi, segir að rannsóknir sýni, svo ekki verði komist hjá því að viðurkenna það, að afleiðingar eineltis séu hrikalegar. Eins að allt bendi til að niðurstöður sérfræðinganna eigi við hér á landi einnig.

„Mörg börn eru brennd af langvarandi einelti, og önnur af því að hafa komist upp með að leggja aðra í einelti á svínslegan hátt. Sárin eru djúp og gróa flest ekki ævilangt. Sum þeirra missa alveg flugið. Rannsóknir sýna að einelti á ríkan þátt í brottfalli nemenda í skóla. Hættan á varanlegu þunglyndi er miklu meiri hjá þeim sem hafa lent í einelti í æsku, og þunglyndið varir í áratugi. Gerendur eru líka í hættu á að fara villur vegar í lífinu sé ekki brugðist við og eineltið stöðvað á frumstigi,“ segir Þorlákur.

Hann segir að þrátt fyrir allt hafi einelti minnkað á Íslandi undanfarinn áratug. Einn mælikvarðinn sé að einelti í þeim skólum sem fylgja Olweusaráætluninni mælist nú 4,7% í 5.-10. bekk – var 7,6% árið 2007. Einelti mælist hér minna en á Norðurlöndunum, samkvæmt Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

Spurður um Olweusaráætlunina segir Þorlákur hana hafa verið við lýði hérlendis í 15 ár – í dag eru 50 skólar viðurkenndir Olweusarskólar en miklu fleiri grunnskólar hafa innleitt áætlunina á þessu tímabili og vinna í eineltismálum í sínu skólastarfi.

„Á annað hundrað verkefnastjórar hafa lokið námi í fræðunum á vegum verkefnisins, en verkefnastjórar eru faglegir leiðbeinendur í skólunum,“ segir Þorlákur og útskýrir að Olweusaráætlunin sé í senn forvarnarstarf og markviss lausnarvinna ef grunur er um einelti. Hann segir að vinna að heildstæðu ferli gegn einelti eigi sér stað – reglugerð um ábyrgð og skyldur í skólasamfélaginu nái orðið til bæði grunnskóla og framhaldsskóla.

„Það er vitað að það skiptir miklu máli að byrja að vinna að þessum málum sem fyrst á skólaferli barnanna. Við viljum ræða við skólastjórnendur framhaldsskóla og grunnskóla um samstarf. Við þurfum að tryggja öllum örugga skólagöngu og vinna gegn brotthvarfi nemenda úr skóla, svo ekki sé talað um að koma í veg fyrir allan þann sársauka sem einelti veldur allt of mörgum,“ segir Þorlákur. svavar@frettabladid.is



Samskipti stúlkna hafa kallað á sérstakar aðgerðir og framhaldsnám fyrir Olweusarskóla. NORDICPHOTOS/AFP

### Skylda að vakta og bregðast við einelti

- Reglugerð um „ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum“ tók gildi í apríl 2016.
- Sambærileg reglugerð fyrir grunnskólann hefur verið í gildi frá 2011.
- Sérstakur kafli er um starf framhaldsskólanna gegn einelti. Skólar eiga að setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti „með virkri forvarnar- og viðbragðsáætlun ...“
- Þá skal skal kanna reglulega „eðli og umfang eineltis“ í skólunum.
- 2% af stelpum í 5.-10. bekk í grunnskólum sem fylgja Olweusaráætluninni segja að einelti sem þær hafi lent í hafi verið hræðilegt.
- 1% strákanna er sama sinnis.
- 3,4% bætast við í stelpnahópinn séu tekin með svör þeirra sem segja að eineltið hafi verið vont og særandi.
- 1,5% strákanna eru í þessum hópi.



Kosningin um aðild Sáda í kvennanefnd SÞ var leynileg. NORDICPHOTOS/AFP

## Kosning Sáda í kvennanefnd SÞ sætir gagnrýni

**SÞ** Sjö lönd sátu hjá og 47 sögðu já þegar kosið var um aðild Sádi-Arabíu að kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna, SÞ. Að sögn sænska utanríkisráðuneytisins er ekki hægt að greiða atkvæði gegn aðild einhvers ríkis.

Upplýsingar um hvernig Svíar greiddu atkvæði verða ekki gefnar þar sem kosningin var leynileg en niðurstaða hennar hefur sætt gagnrýni vegna þeirra ströngu laga sem gilda um samfélagslega þátttöku kvenna í Sádi-Arabíu. Leiðtogi Hægri flokksins í Svíþjóð, Anna Kinberg Batra, hefur krafist þess að fá að vita afstöðu sænskra yfirvalda.

Belgía er eitt fárra landa sem greint hafa frá afstöðu sinni. Forsætisráðherra Belgíu, Charles Michel, kveðst iðrast þess að hafa greitt atkvæði með aðild Sádi-Arabíu að kvennanefndinni. – ibs











Frambjóðendur í setti áður en myndavélarnar voru settar af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Lítið fór fyrir málefnunum

**Einu sjónvarpskappræður frönsku forsetaframbjóðendanna voru í gær. Frambjóðendur vörðu miklum tíma í að rægja persónu hvor annars. Macron líklegri.**

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron og Marine Le Pen, kandídatar í embætti forseta Frakklands, tókust á í sjónvarpskappræðum í gærkvöldi. Nokkur heift ríkti milli frambjóðendanna og gerði það þáttarstjórnendum oft erfitt fyrir að stýra umræðum. Gárungar telja að hvorugt þeirra hafi staðið uppi sem óumdeildur sigurvegari.

Kappræðurnar í gær voru þær einu þar sem frambjóðendurnir tveir mætast í sjónvarpi. Oftar en einu sinni og oftar en tvisvar varð kappið til þess að frambjóðendur misstu sjónar á boltanum og hjóluðu beint í manninn. Le Pen varði til að mynda talsverðum tíma í að benda á að hún teldi Macron vera frambjóðanda „elítunnar“ og að hann nyti stuðnings „íslamskra öfgahópa“. Vísaði hún þar til stuðningsyfirlýsingar ímams sem var vísað úr landinu í síðasta mánuði. Ástæðan var möguleg ógn við almannaöryggi.

„Akkúrat núna horfi ég á æðstaklerk hræðsluáróðursins,“ var svar Macron við ásökunum Le Pen. Að hans mati er andstæðingur hans algerlega ófær um að stjórna landinu án þess að stefna því í óefni. „Frakkland er þér ekki mikilvægt. Þú nærist á hræðslu. Frakkland á betra skilið,“ sagði hann.

„Það er sama hvort okkar þið kjósið, Frakklandi verður alltaf stýrt af konu á næsta kjörtímabili. Annaðhvort mér eða Angelu Merkel,“ sagði Le Pen um Macron. Hún ýjaði að því að öll stefnumál andstæðings síns ættu rætur að rekja eitthvert annað og að hann stæði í raun ekki fyrir neitt. „Þú vilt loka verksmiðjum, skólum og sjúkrahúsum. Það eina sem þú vilt ekki loka eru landamærin.“

Efnahags-, mennta-, utanríkis- og innanríkismál bar einnig á góma en umræðurnar náðu sjaldnast að endast lengi þar sem þær leystust upp í rifrildi.

Talið er að um tuttugu milljónir Frakka, um helmingur atkvæðabærra manna, hafi fylgst með kappræðunum. Kosningarnar fara fram um helgina. Skoðanakannanir benda til þess að Le Pen þurfi að fá rúmlega tíu prósent kjósenda til að skipta um skoðun en Macron mælist með um 60 prósenta fylgi gegn 40 prósentum Le Pen. Ólíklegt er talið að frammistaða hennar í gær dugi til þess. johannoli@frettabladid.is

# Svisslendingur njósnaði um þýska skattinn

**ÞÝSKALAND** Þýska lögreglan handtók í Frankfurt í lok síðustu viku Svisslending sem grunaður er um að hafa njósnað fyrir svissnesku leyniþjónustuna um starfsmenn skattayfirvalda í Þýskalandi. Maðurinn á að hafa reynt að afla upplýsinga um hvernig þýsk skattayfirvöld komust yfir tölvugögn með lista yfir Þjóðverja sem grunaðir eru um að hafa falið fé í svissneskum bönkum.

Svisslendingurinn er fyrrverandi lögreglumaður sem starfað hefur við öryggismál hjá einum af stórbönkum Sviss. Hann hefur jafnframt njósnað í Þýskalandi fyrir svissnesku leyniþjónustuna NDB.

Þýsk yfirvöld, einkum í Nordrhein-Westfalen, hafa um árabil keypt tölvugögn fyrir samtals 19 milljónir evra af einstaklingum sem búa yfir upplýsingum um viðskiptavini svissneskra banka.

Samkvæmt frásögn dagblaðsins Süddeutsche Zeitung hafa yfirvöld fyrir tilstilli þessara upplýsinga innheimt yfir sex milljarða evra í




Svissneskir bankar vilja vita hvernig þýsk skattayfirvöld komust yfir upplýsingar um viðskiptavini þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

skatta og sektir.

Yfirvöld í Sviss líta á þetta sem ólögleg viðskipti með leynilegar upplýsingar og svissneskir saksóknarar hafa gefið út handtökuskipun á skattrannsóknarmenn í Þýskalandi. Viðskiptin með upplýsingar um viðskiptavini svissnesku bankanna hafa samtímis aukið þrýstinginn á Sviss að aflétta bankaleyndinni sem hefur gert landið að paradís skattsvikara. – ibs


Ford
KUGA
KUGA
#HÆFASTUR
Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.
FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:
5.690.000 KR.
Ford
Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Þykir Ísland spennandi



Gervais Williams, sjóðsstjóri CF Miton Multi Cap Income Fund

Gervais Williams, sjóðsstjóri breska fjárfestingarsjóðsins CF Miton Multi Cap Income Fund, sem keypti í mars verulegan hlut í Sjóvá, VÍS og Símanum, telur Ísland vera einstaklega góðan fjárfestingarkost.

„Ég held að mest spennandi hagkerfið um þessar mundir sé Ísland,“ sagði Williams í viðtali við viðskiptamiðilinn breska Citywire á þriðjudag. Þar bendir sjóðsstjórinn á batnandi skuldastöðu ríkisins, en útlit sé fyrir að hreinar skuldir verði engar innan 18 mánaða, hinn mikla hagvöxt sem hefur meðal annars verið vegna fjölgunar ferðamanna og að stýrivextir Seðlabankans séu fimm prósent.

„Það voru [í fyrra] 1,5 milljónir ferðamanna í landi sem telur 350.000 íbúa. Á þessu ári er spáð að þeir fari í 2,4 milljónir,“ segir Williams. – **hg**















Frá árinu 2012 hefur velta Öryggismiðstöðvarinnar aukist um meira en 90 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vilja selja allt hlutafé í Öryggismiðstöðinni

**Eigendur hafa ákveðið að bjóða til sölu allt hlutafé í félaginu en tekjur þess voru 3.700 milljónir í fyrra. Stærstu hluthafar Hjörleifur Jakobsson og Guðmundur Ásgeirsson. Verðbréfafyrirtækið Arctica Finance hefur umsjón með söluferlinu.**

Eigendur Öryggismiðstöðvar Íslands, sem eru meðal annars Hjörleifur Þór Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Hampiðjunnar og Olíufélagsins Esso, og Guðmundur Ásgeirsson, oft kenndur við Nesskip, hafa ákveðið að bjóða til sölu allt hlutafé í félaginu. Hagnaður Öryggismiðstöðvarinnar nam ríflega 220 milljónum króna í fyrra og næstum tvöfaldaðist á milli ára.

Í stuttri fjárfestakynningu sem var send á fjárfesta og ýmsa markaðsaðila í lok síðustu viku, og Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur meðal annars fram að tekjur félagsins hafi aukist um liðlega fjórðung á árinu 2016 og numið tæplega 3,7 milljörðum króna. EBITDA-hagnaður – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – batnaði einnig um liðlega 130 milljónir á milli ára og nam 421 milljón í fyrra. „Fjárhagur félagsins, staða Öryggismiðstöðvar Íslands á markaði og horfur í ytra rekstrarumhverfi hafa sjaldnast ef nokkurn tíma verið betri,“ segir í kynningunni. Hreinar vaxtaberandi skuldir félagsins voru 184 milljónir í árslok 2016 og eiginfjárhlutfall um 32 prósent.

Það er fyrirtækjaráðgjöf verðbréfafyrirtækisins Arctica Finance sem hefur umsjón með söluferlinu á Öryggismiðstöðinni en frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í félagið er til 17. maí næstkomandi.

**421**

**milljón var EBITDA-hagnaður í fyrra og jókst um 44 prósent á milli ára.**

Heildarvelta á öryggisþjónustumarkaðnum var talin vera á bilinu 8 til 13 milljarðar á árinu 2015. Neðri mörkin miðast þá einungis við tvö stærstu fyrirtækin – Öryggismiðstöðina og Securitas – en ef einnig er tekið tillit til áætlaðra umsvifa annarra aðila sem reka eigin öryggisgæslu, svo sem Isavia og Landspítalans, þá er stærð markaðarins um 4 til 5 milljörðum meiri. Á það er bent í kynningu Arctica Finance að vöxtur tveggja stærstu félaganna hafi verið mikill síðustu ár en á tímabilinu 2007 til 2015 var árlegur meðalvöxtur tekna ríflega níu prósent. Frá árinu 2012 hefur velta Öryggismiðstöðvarinnar aukist um meira en 90 prósent.

Þá segir í kynningunni að uppgangur í íslensku efnahagslífi muni styðja við áframhaldandi vöxt og eftirspurn á öryggismarkaði auk þess sem „vænt breyting á aldurssamsetningu þjóðar [mun] stækka markaðinn frekar á komandi árum, hvort sem er á sviði öryggis- eða velferðartengdrar þjónustu.“

Stærsti eigandi Öryggismiðstöðvarinnar er Unaós ehf. með 90 prósenta hlut. Helstu eigendur þess félags, hvor um sig með ríflega 30 prósenta hlut, eru Guðmundur Ásgeirsson og hjónin Hjörleifur Þór og Hjördís Ásberg. Hjörleifur, sem er jafnframt stjórnarformaður Öryggismiðstöðvarinnar, var um tíma einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og stýrði þá fjárfestingarfélaginu Kili sem var stór hluthafi í Kaupþingi og sat í stjórn bankans. Eignarhaldsfélag Hjörleifs og eiginkonu hans seldi tæplega fjórtán prósenta hlut í Hampiðjunni í maí 2014 og nam hagnaður félagsins af sölunni 760 milljónum. Þá var Hjörleifur á meðal þeirra einkafjárfesta sem voru umsvifamiklir í fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu sem lauk í árslok 2016.

Aðrir hluthafar í Öryggismiðstöðinni eru meðal annars Róbert Aron Róbertsson, sem hefur starfað náið með Ólafi Ólafssyni undanfarin ár og setið í stjórnum margra félaga á hans vegum, og Ragnar Þór Jónsson, forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, en hann á ríflega 4,3 prósent í fyrirtækinu. **hordur@frettabladid.is**

# Skórisi skoðar samruna við Ellingsen

**VIÐSKIPTI** Heildverslunin S4S ehf., sem á meðal annars Steinar Waage, Ecco, Kaupfélagið og Skór.is, skoðar samruna við Ellingsen samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Markaðurinn greindi frá því í febrúar að fjárfestingarfélagið Sjávarsýn í eigu Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Glitnis, hefði keypt 26 prósenta hlut í S4S í október. Sjávarsýn á meðal annars útivistarvöruverslunina Ellingsen.

Beðið er eftir áliti Samkeppniseftirlitsins um samrunann áður en ákveðið verður með hann.

Stærsti hluthafi sameinaða félagsins yrði Pétur Þór Halldórsson, sem nú er stærsti eigandi S4S, og á um 50 prósenta hlut í félaginu. Aðrir hluthafar í S4S eru Hermann Helgason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Georg Kristjánsson en þeir eiga sín tólf prósentin hvor. S4S var rekið með 111 milljóna króna hagnaði árið 2015. – **sg**




S4S á meðal annars skóverslunina Steinar Waage. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**» Stærsti hluthafi sameinaða félagsins yrði Pétur Þór Halldórsson.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 170704




Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

TRU INFRARED

ENGAR ELDTUNGUR | MINNI GASNOTKUN | Í ALLRI VEÐRÁTTU | STYTTRI ELDUNARTÍMI | BETRI STJÓRN Á HITA | SAFARÍKARI MATUR | 100% JAFN HITI



**CHAR-BROIL BIG EASY**
Steikarofn, reykofn og grill
**54.900 KR.**



**CHAR-BROIL GASGRILL**
Grillflötur 420x440 mm
2 brennarar
**69.900 KR.**



**CHAR-BROIL GASGRILL**
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
**109.900 KR.**



**CHAR-BROIL TITAN GASGRILL**
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
**189.000 KR.**

Netgíró
Betri leið til að borga

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

# Ábyrgð kjósanda



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Seinni umferð frönsku forsetakosninganna fer fram á sunnudaginn. Valið stendur milli hins óháða Emanuel Macron og þjóðernissinnans Marine Le Pen.

Líklegt er að Macron fari nokkuð örugglega með sigur af hólmi, en skoðanakannanir benda til að hann hafi um tuttugu prósentustiga forskot. En lærdómur undanfarinna missera í pólitíkinni er að ekki borgar sig að ganga út frá neinu sem vísu. Í vor var talið að aðildarsinnar í Bretlandi myndu sigra stuðningsmenn Brexit nokkuð örugglega. Sömuleiðis var talið að Hillary Clinton myndi leggja Donald Trump með ríflegum mun.

Raunin varð önnur í báðum tilvikum. Lærdómurinn er sá að fólk þarf að skila sér á kjörstað og nýta atkvæðisréttinn. Fólk getur nefnilega ekki barmað sér yfir orðnum hlut ef það hefur ekki lagt sitt af mörkum til að fá vitræna niðurstöðu.

Önnur lexía gæti verið sú að kjósa ekki breytingar, einungis breytinganna vegna. Bretar kusu Brexit yfir sig til að mótmæla ímynduðu Evrópubákni og til að gefa sitjandi forsætisráðherra á baukinn. Minna fór fyrir yfirvegaðri skoðun á því hvernig Bretlandi mynda reiða af utan Evrópusambandsins. Nú ári síðar eru þeir engu nær. Sterlingspundið hefur fallið um fimmtung gagnvart helstu myntum með tilheyrandi lífskjaraskerðingu fyrir land og þjóð.

Niðurstaðan hefði orðið önnur ef fleiri kjósendur hefðu lagt dæmið niður fyrir sér.

Kosning Trumps Bandaríkjaforseta var sama eðlis. Hann talaði í sífellu um að nauðsynlegt væri að endurreisa Bandaríkin – setja Bandaríkin í fyrsta sæti. Til þess ætlaði hann að byggja vegg, stemma stigu við straumi innflytjenda, endurskoða varnarsamstarfið í NATO, lögsækja Hillary Clinton, umbreyta heilbrigðiskerfinu og þar fram eftir götum. Í málflutningnum var ekki heil brú og ómögulegt að átta sig á hvernig hann ætlaði sér að setja Bandaríkin í forgang – enda hefur nánast ekkert gengið eftir á fyrstu hundrað dögum hans í embætti.

Sumt hefur einfaldlega reynst með öllu óraunhæft og í öðru hefur hann rekið sig á raunverulega veggi í stað þess ímyndaða sem hann ætlar að byggja. Hæst ber þar að nefna röð ósigra í dómskerfinu vegna innflytjendanna, sem hann ætlaði að stoppa. Þar eiga bandarískir dómarar hrós skilið fyrir að standa í lappirnar gagnvart yfirgangi framkvæmdavaldsins.

Marine Le Pen er af sama meiði. Hún reynir að höfða til þeirra óánægðu og illa upplýstu. Hennar helstu stefnumál bera keim af einangrunarhyggju og ótta við útlendinga.

Sama hversu mikinn leiða fólk hefur fengið á „kerfinu", þá er lausnin ekki sú að kjósa einstaklinga eins og Trump eða Le Pen til hárra embætta. Ekki er heldur skynsamlegt að tefla efnahagnum í tvísýnu eins og Bretar gerðu með því að kjósa sig út úr Evrópusambandinu.

Breytingar geta verið nauðsynlegar. En breytingar breytinganna vegna skila einna helst ringulreið.

> **Breytingar geta verið nauðsynlegar. En breytingar breytinganna vegna skila einna helst ringulreið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Gamma græðir**

**Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hyggst fjárfestingarfélagið Gamma bjóða upp á húsnæðislán frá einni og til átta milljóna króna í gegnum lánasjóð sinn sem ber heitið Framtíðin. Lánin koma sem sagt ungu fólki yfir erfiðasta hjallann í húsnæðiskaupum, sem er útborgunin. Það vill svo vel til að Gamma á vel á annað þúsund eignir um landið. Fasteignabólan sem myndast þegar æ fleiri komast út á markaðinn umfram framboð og fasteignaverð hækkar verður svo til þess að eignir Gamma hækka í verði með enn gildari gróða Gamma. Eftir situr unga fólkið, skuldsett upp í topp, til allrar Framtíðar.**

**Reynir borgina**

**Borgarstjórnarkosningar verða eftir ár. Legið er í Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni að bjóða sig fram, þrátt fyrir að vera ekki búsettur í Reykjavík. Leitast er eftir því að skipta nærri öllum borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokkksins út og háværar raddir eru uppi um að leitað sé að nýjum oddvita hjá VG. Það heyrist einnig að fyrrverandi þingmaðurinn Álfheiður Ingadóttir telji sig geta leitt lista VG. Það er nú spurning hvort þeir sem leita mest á þeim bænum vilji finna Álfheiði.** snaeros@frettabladid.is

# Ríkisstjórn stjórnarandstöðunnar



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Stöðugt fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins lýsa því yfir að þeir styðji ekki stefnumál ríkisstjórnarinnar þ. á m. um jafnlaunavottun. Ætlar Viðreisn að sætta sig við það? Er sjálfgefið að stjórnarandstaðan hjálpi ríkisstjórn sem hefur nú fellt grímuna og hyggst í engu koma til móts við einarða kröfu þjóðarinnar um aukin fjárframlög til innviða samfélagsins á sviði menntamála og ríkisrekinna heilbrigðisstofnana?

Þegar að afgreiðslu frumvarps um jafnlaunavottun kemur, sem er það eina sem Viðreisn hreykir sér af að hafa náð inn í stjórnarsáttmálann (Björt framtíð hreykir sér ekki af neinu), þá gefst stjórnarandstöðunni einstakt tækifæri til að gleðja Sjálfstæðismenn. Það gera þeir með því að taka undir með formanni Sjálfstæðisflokksins um síðustu aldamót. Þessi formaður hefur í viðtalsbók (Í hlutverki leiðtogans, bls. 60) lýst því hvernig flokkar eigi að hegða sér í stjórnarandstöðu:

„Ég gerði öll mál tortryggileg … Ég tók því upp öll mál, jafnvel þó að ég væri í hjarta mínu samþykkur þeim, og hjólaði í þau … því að ég leit á stjórnarandstöðu sem stjórnarandstöðu."

Hér er einboðið að stjórnarandstaðan taki höndum saman og sýni Sjálfstæðismönnum fram á áhrifamátt fyrrverandi formanns þeirra. Þeir fylgi leiðbeiningum hans og greiði atkvæði gegn frumvarpi um jafnlaunavottun jafnvel þó stjórnarandstaðan sé í hjarta sínu samþykk frumvarpinu. Þegar mikið liggur við skiptir það engu máli eins og þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti í viðtalinu.

Ef stjórnarandstaðan er reiðubúin að hlaupa undir bagga með ríkisstjórninni, ætlar hún bara að láta bjóða sér það sem ríkisstjórninni þóknast að rétta að henni hverju sinni? Ætlar stjórnarandstaðan ekki að krefjast þess á móti að ná einhverjum sinna mála fram, gegn því að styðja lykilmál ríkisstjórnarinnar? Getur ríkisstjórnin einfaldlega kallað á stjórnarandstöðuna eftir eigin hentugleika og hún hlýtt kallinu án þess að fá nokkuð í staðinn?

> **Ef stjórnarandstaðan er reiðubúin að hlaupa undir bagga með ríkisstjórninni, ætlar hún bara að láta bjóða sér það sem ríkisstjórninni þóknast að rétta að henni hverju sinni?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Enn um hringa

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Fákeppni tröllríður enn sem fyrr íslenzku efnahagslífi eins og ég hef lýst á þessum stað tvær undanfarnar vikur líkt og félagi minn Guðmundur Andri Thorsson. Byrðarnar sem fólkið í landinu ber af völdum fákeppninnar eru þungar eins og fram kemur t.d. í dómsskjölum um samráð olíufélaganna 1993-2001. Byrðarnar birtast einkum en þó ekki eingöngu í of háu verði til neytenda, þ.e. okri. Víst má telja að fákeppni á bankamarkaði og víðar leggi með líku lagi þungar byrðar á almenning enn sem fyrr. Bankarnir halda áfram að hegða sér eins og ríki í ríkinu svo sem ný dæmi vitna um.

Hægt er að meta byrðarnar sem okrið leggur á neytendur með því að bera saman útgjöld neytenda við ráðandi okurverð og útgjöld þeirra eins og ætla má þau hefðu verið við heilbrigða samkeppni. Þessi aðferð m.a. var notuð við rannsókn á samráði olíufélaganna. Slík athugun hefur ekki farið fram á starfsemi bankanna aftur í tímann.

Svo er önnur fær leið að sama marki. Frekar en að reyna að slá tölulegu mati á byrðarnar sem neytendur bera vegna okurs á fákeppnismarkaði sem útheimtir flókna útreikninga er hægt að skoða tækifærin sem fyrirtækjum bjóðast til okurs í krafti fákeppni. Þetta er gerlegt með því t.d. að skoða fjölda fyrirtækja á markaði og samanlagða markaðshlutdeild stærstu fyrirtækjanna á hverjum markaði.

### Bílar og fákeppni

Byrjum í Bandaríkjunum. Þar eru þrjú gamalgróin bílafyrirtæki: General Motors, Ford og Chrysler sem heitir nú Fiat Chrysler. Samanlögð markaðshlutdeild þeirra var 45% í fyrra, 2016. Innlendu fákeppnisfyrirtækin þrjú seldu m.ö.o. næstum annan hvern bíl í landinu. Erlend bílafyrirtæki sjá bandarískum neytendum sem sagt fyrir meira en helmingi bílaflotans þar vestra; hlutdeild japanskra bílaframleiðenda á Bandaríkjamarkaði var 37% 2016. Fákeppnin milli bandarísku bílarisanna þriggja kemur ekki að sök vegna erlendrar samkeppni.

Í Japan eru starfandi á þriðja tug innlendra bílaframleiðenda, þ. á m. Toyota, Honda, Daihatsu, Nissan, Suzuki, Mazda, Mitsubishi, Subaru, Isuzu, Kawasaki, Yamaha og Mitsuoka. Þessi fyrirtæki eru nógu mörg til að tryggja harða samkeppni um hylli japanskra neytenda þótt bílainnflutningur til Japans frá öðrum löndum sé háður ströngum hömlum. Hömlurnar gegn bílainnflutningi koma því ekki að sök í Japan þar eð innlendu framleiðendurnir eru svo margir.

### Íslenzkt okur ehf.

Berum þessar lýsingar saman við Ísland. Hér heima er markaðshlutdeild stóru bankanna þriggja 97%. Erlend samkeppni er engin í þeim skilningi að enginn erlendur banki starfar á Íslandi. Einstaklingar og flest fyrirtæki hafa því yfirleitt ekki í önnur hús að venda. Bankarnir geta farið sínu fram eins og jafnan fyrr. Hrunið hefði átt að brýna stjórnvöld til að endurskoða skipulag bankakerfisins en ekki bólar enn á slíkri endurskipulagningu. Til samanburðar er samanlögð markaðshlutdeild þriggja stærstu banka Bandaríkjanna innan við fjórðungur auk þess sem bandarískir bankar þurfa að keppa við erlenda banka á heimavelli. Erlend samkeppni á bankamarkaði er reglan í nálægum löndum. Ísland er einstök undantekning frá reglunni.

Markaðshlutdeild þriggja stærstu olíufélaganna á innanlandsmarkaði hér heima er yfir 90%. Olíufélögin hafa aldrei þurft að sæta erlendri samkeppni, ekki frekar en bankarnir, og hafa því gengið á lagið, jafnvel með lögbrotum líkt og bankarnir, en nú styttist í erlenda samkeppni af hálfu Costco. Markaðshlutdeild þriggja stærstu tryggingafélaganna er 90%, engin erlend samkeppni þar. Þau voru öll fundin sek um ólöglegt verðsamráð 2002-2005. Tvö fyrirtæki á byggingavörumarkaði höfðu lengi um 90% markaðshlutdeild og voru bæði fundin sek um ólöglegt verðsamráð. Þýzkt fyrirtæki hefur veitt þeim samkeppni síðustu ár. Munstrið er býsna skýrt.

### Okrið burt

Sumir líta svo á að Ísland hljóti ævinlega að vera undirlagt af okri vegna smæðar landsins og við því sé ekkert að gera þar eð ekki sé rúm fyrir fleiri stöndug fyrirtæki en þrjú í hverri grein. Ég er á öðru máli. Reynslan utan úr heimi sýnir þvert á móti að erlend viðskipti geta leyst lítil lönd undan oki smæðarinnar. Og ekki bara reynslan utan úr heimi: Íslendingar hrintu danskri einokunarverzlun af höndum sér á 19. öld en gættu þess ekki að halda innlendum okrurum í skefjum. Aðild Íslands að EFTA 1970 og EES 1994 ber einnig vitni; hún reisti loksins lagaskorður við okrinu.

Til að firra almenning okri í krafti einokunar eða fákeppni þurfa lönd annaðhvort að vera stór, þ.e. fjölmenn, eða búa við heilbrigða erlenda samkeppni nema hvort tveggja sé. Fólksfæð og fákeppni eru banvæn blanda.




# Vagga börnum og blómum – Stefnumótun hjá Kópavogsbæ



Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir
formaður bæjarráðs Kópavogs

Þorsteinn Valdimarsson skáld bjó lengi í Kópavogi og orti fallegan lofsöng um bæinn sinn. Þar segir m.a.: „Vagga börnum og blómum – borgin hjá vogunum tveimur“.

Vissulega er Kópavogur bær barna og blóma. Uppbygging samfélagsins hefur verið ævintýri líkust og frá 1990 hefur íbúafjöldinn tvöfaldast. Það gefur augaleið að til að stýra svo hröðum samfélagsbreytingum er gríðarlega mikilvægt að hafa skýra sýn til framtíðar um það hvernig samfélag við viljum búa fólki og fyrirtækjum hér í Kópavogi til að tryggja hagsæld og velferð allra sem hér búa og starfa.

Í málefnasamningi núverandi meirihluta bæjarstjórnar Kópavogs frá því í júní 2014 er skýrt ákvæði um að setja af stað stefnumótunarferli þar sem lykilatriði er samtal milli lýðræðislegra kjörinna fulltrúa annars vegar og starfsmanna bæjarins hins vegar. Um verkefnið náðist þverpólitísk samstaða og vinnan hófst í október 2016. Verkefnið er talsvert óvenjulegt og þarna er ekki tjaldað til einnar nætur því ráðinn var verkefnisstjóri stefnumótunar á skrifstofu bæjarstjórnar til að sinna eingöngu þessu verkefni. Rannsóknir sýna að það sem ræður úrslitum er einmitt innleiðingin og eftirfylgnin á þeirri stefnu sem hefur verið mótuð.

Bæjarfulltrúar eru 11 talsins, úr 5 flokkum, sem spanna allt pólitíska litrófið. Eðli málsins samkvæmt er það bæjarstjórnin sem mótar framtíðarsýn og meginmarkmið – nokkurs konar yfirstefnu bæjarins. Það er gangur lýðræðisins að það sé virt enda leggja bæjarfulltrúar störf sín og hugmyndir í hendur bæjarbúa á 4 ára fresti.

Kópavogsbær er með gríðarlega umfangsmikinn rekstur. Velta bæjarins er 28 milljarðar á ári og starfsmenn eru yfir 2.000 talsins – þó talsvert fleiri á sumrin. Kópavogsbær er 4. stærsti vinnuveitandi landsins og það er á ábyrgð starfsmanna bæjarins að sjá til þess að stefnu bæjaryfirvalda sé framfylgt og framkvæmdin verði með þeim hætti að sómi sé að.

Í sinni allra einföldustu mynd skiptist stefnumótun fyrir skipulagsheildir í þrennt.

1) Greiningu
2) Mótun stefnu og framtíðarsýnar
3) Innleiðingu

Auðvitað skarast þessir þættir en því má halda fram að vel heppnað stefnumótunarferli heppnist ekki nema að farið sé vandlega gegnum alla þessa þætti.

Verkefnið hefur farið afar vel af stað. Mikil greiningarvinna hefur átt sér stað á öllum fjórum rekstrarsviðum bæjarins og tugir verkefnahópa eru nú þegar starfandi. Þeir munu skila niðurstöðum sínum í vor. Á annað hundrað manns hefur tekið þátt í þessari vinnu við að móta framtíðarsýn fyrir bæjarfélagið. Greining á ytri þáttum verður gerð með nýstárlegum hætti og samanburður við stöðu velferðar íbúanna mældur við Ísland í heild sinni og á alþjóðavísu.

**Greining á ytri þáttum verður gerð með nýstárlegum hætti og samanburður við stöðu velferðar íbúanna mældur við Ísland í heild sinni og á alþjóðavísu.**

Kjörnir fulltrúar munu leggja fram „yfirstefnu“ bæjarins og stefnu í einstaka málaflokkum en auðvitað er til mikið efni hjá bæjarfélaginu um stefnu í ýmsum málum. Stefnumótunarvinnan verður notuð til að samræma framlögn stefnunnar og að allir gangi í takt. Niðurstaðan verður síðan lögð til grundvallar stefnumarkandi áætlunum fyrir árið 2018 sem Kópavogsbær hyggst þróa áfram.

Við erum stolt af þessari vinnu – og ég trúi því að hún muni skila sér áfram til íbúa Kópavogs og bærinn verði áfram „griðland börnum og blómum!“ og hér vilji fólk búa og starfa. Það er einmitt nauðsyn að huga að framtíðinni og setja sér metnaðarfull markmið. Eða eins og Þorsteinn Valdimarsson segir í sínu fallega ljóði:

„Sýndu þitt svar í verki,
Og set þér æ hærra mið“.




# Staða aldraðra og öryrkja óásættanleg!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Hver er staða aldraðra og öryrkja í dag? Hefur hún batnað? Er hún ásættanleg? Með stöðu aldraðra og öryrkja er ekki aðeins átt við það, hvort lífeyrir aldraðra og öryrkja sé viðunandi, heldur einnig stöðu hjúkrunarmála lífeyrisfólks; framboð rýmis á hjúkrunarheimilum og heimahjúkrun.

**Lífeyrir óviðunandi**

Í dag opnar ráðamaður á Íslandi varla munninn án þess að hann tali um það hvað þjóðin hafi það gott, hagvöxtur sé í hámarki og staða ríkisfjármála ágæt. Í samræmi við það ætti lífeyrir aldraðra og öryrkja að vera ásættanlegur. En er það svo? Nei, það er langur vegur þar frá.

Ný lög um almannatryggingar tóku gildi um síðustu áramót; þau höfðu verið í undirbúningi í meira en áratug. Samkvæmt því hefði átt að vera mikið kjöt á beinunum. En svo var ekki. Lögin voru rýr í roðinu. Í fyrstu var ekki boðin ein króna í hækkun til þeirra aldraðra og öryrkja, sem aðeins höfðu lífeyri frá almannatryggingum. Það var ekki fyrr en Félag eldri borgara í Reykjavík hafði haldið 1.000 manna mótmælafund í Háskólabíói, að þáverandi ríkisstjórn lét undan og samþykkti hungurlús í hækkun til þeirra, sem voru á „strípuðum“ lífeyri. Þegar hungurlúsin hafði náð fram að ganga, var lífeyrir aldraðra í hjónabandi og í sambúð kominn í 197 þúsund á mánuði, eftir skatt! Lífeyrir einhleypra aldraðra hafði þá hækkað í 230 þúsund á mánuði eftir skatt. Það mundu víst margir aðrir geta lifað af þessum upphæðum í dag? Þetta er skammarlega lágt og engin leið að framfleyta sér af þessum lífeyri. Þetta er óásættanlegt, þegar nógir peningar eru til í þjóðfélaginu.

**305 þúsund á mánuði eftir skatt er lágmark**

Hvað þarf lífeyrir að vera hár til þess að hann dugi fyrir sómasamlegri framfærslu? Svarið er þetta: 400 þúsund á mánuði fyrir skatt fyrir einhleypa eldri borgara. Það þýðir 305 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Mér finnst þetta lágt, þegar haft er í huga, að meðaltekjur einstaklinga voru 620 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt 2015.

**Lífeyrir aldraðra og öryrkja er óásættanlegur, þ.e. þeirra sem hafa „strípaðan“ lífeyri. Það er ekki unnt að lifa af honum.**

Lífeyrir aldraðra og öryrkja er óásættanlegur, þ.e. þeirra sem hafa „strípaðan“ lífeyri. Það er ekki unnt að lifa af honum. En hvað með aðra þætti, sem varða lífeyrisfólk, t.d. hjúkrunarheimili? Þar er staðan einnig óásættanleg: Biðtími eftir rými er 6 mánuðir að lágmarki. Og heimilin eru svo fjársvelt, að þau geta ekki ráðið nægilega margt fagmenntað fólk eins og hjúkrunarfræðinga. Þetta ástand er til skammar hjá „velferðarríki“. Talað er mikið um að stuðla eigi að því að eldri borgarar eigi að geta verið sem lengst heima. En ekkert er gert til að tryggja það. Heimahjúkrun er einnig fjársvelt.

Samandregið: Það ríkir vandræðaástand í málefnum aldraðra og öryrkja á öllum mikilvægustu sviðum.

# Sæstrengur! Er það góð hugmynd?



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur, starfar að nýsköpun á sviði raforkuflutningskerfa

Þungi umræðu um sæstreng fer vaxandi. Flutningskerfi raforku hafa fengið nokkra umfjöllun en lítil umræða er um orkuverð, sem þó fer hækkandi. Útlit er fyrir frekari hækkanir orkuverðs. Áætlanir orkufyrirtækja benda til að sæstrengur sé í farvatninu. Orkusala um sæstreng krefst hnökralausrar fæðingar orku að streng. Gott og sveigjanlegt raforkuflutningskerfi er forsenda þessa. Landsnet er dótturfyrirtæki Landsvirkjunar og hefur í mörg ár með miklum tilkostnaði unnið að stórum og stæðilegum áætlunum um framkvæmdir sem eiga að styrkja flutningskerfið; fyrir landsbyggðina, að mér skilst. Hér dugir ekkert minna en 100 milljarða verkefnaveisla, á erlendum lánum.

Sala orku um lengsta og dýrasta sæstreng í heimi er tæknilega útfæranlegt verkefni. Hins vegar er ástæða til að velta fyrir sér eftirfarandi: Gríðarmiklar fjárfestingar hafa verið gerðar í grænni orkutækni undanfarin ár. Nýsköpun og tækniþróun hafa blómstrað á þessu sviði (erlendis) og einungis tímaspursmál hvenær árangurinn lítur dagsins ljós. Vöxtur frekari fjárfestinga í grænni orkutækni er fyrirsjáanlegur og mun enn auka framboð og valmöguleika, nýr ofur-fjárfestingasjóður ríkasta manns heims, Bill Gates, er vísbending um hvert hugur fjárfesta stefnir.

Í hverri viku fellur meiri endurnýjanleg orka á jörðina en mannkynið notar í heild sinni – á ári. Líklegt er að nýting aukist hratt á næstu árum; ný efni, ný framleiðslutækni og breytt hugsun munu sjá til þess. Þýskaland er á undan eigin áætlun um breytingu úr kjarnorku í græna orku (30% orku nú græn), þróun sem gengur þvert á efasemdaraddir. Framboð og nýting eru líklegri til að aukast verulega frekar en hitt. Fjölmargar nýjar og jafnvel betri – staðbundnar – lausnir til vinnslu grænnar orku eru enn fremur líklegar til að líta dagsins ljós á næstu árum. Hverjar eru líkur þess að lengsti og dýrasti sæstrengur heims – og mesta orkutap – verði samkeppnisfær og styrki íslenska velferð?

**Orkuverð margfaldaðist**

Noregur hefur nú þegar tengt sig við umheiminn með sæstreng. Það er margt ákaflega gott í Noregi þegar kemur að lífsgæðum og velferð venjulegs fólks. Hins vegar er mér minnisstæður harður vetur þegar orkuverð margfaldaðist. Orsök þessa reyndist orkusala sumarið áður, er tiltekin vatnslón tæmdust við orkusölu úr landi. Í kjölfarið fékk almenningur það hlutskipti að slást um afgangsorku – restar – í vatnslónum Noregs og greiða fyrir það margfalt verð. Þetta kom sér auðvitað ekki illa fyrir orkufyrirtækið (góð sumar- og vetrarsala), öllu verr fyrir almenning. Allt undir merkjum markaðsfræðanna góðu. Þekkt er að orkuverð hækkaði verulega eftir tilkomu sæstrengs.

**Noregur hefur nú þegar tengt sig við umheiminn með sæstreng. Það er margt ákaflega gott í Noregi þegar kemur að lífsgæðum og velferð venjulegs fólks. Hins vegar er mér minnisstæður harður vetur þegar orkuverð margfaldaðist.**

Vatn, sundlaugar og heitir pottar eru ómetanleg lífsgæði á Íslandi og frelsi sem endurspeglast í því að eiga einfaldlega nóg af dásamlega heitu og köldu vatni? Hvernig verður rekstrarumhverfi baðstaða og heimila eftir verðhækkun orkunnar? Er ekki rétt að spyrja hvernig sæstrengur til Evrópu auki hagsæld og lífsgæði íslensks almennings? Ungt fólk, verkafólk, öryrkjar, lífeyrisþegar, einstæðir foreldrar, kennarar og vel menntað fólk sem ekki getur lifað af launum sínum á Íslandi, þá meðtalið.

Skoðum einn þátt enn. 100 milljarða fjárfesting í nýjum raforkuflutningskerfum endurspeglar áætlanir um afar fyrirferðarmikið kerfi. Ásýnd náttúru Íslands er viðfangsefni stærsta iðnaðar á Íslandi í dag. Ferðamannaiðnaðurinn skapar tekjur og tækifæri í annarri stærðargráðu en álfyrirtæki eða sambærilegt mun nokkurn tíma gera. Allar helstu áætlanir Landsnets um raforkuflutningskerfi fela í sér hefðbundnar stálgrindur, táknmynd liðinna tíma iðnvæðingar og stóriðjuhugsunar. Full ástæða er til að efast um að slíkt hafi góð áhrif á ferðamannagreinina sem nær nú yfir allt landið. Hin neikvæða ímynd orkunnar sem Landsnet kappkostar að viðhalda með úr sér gengnum lausnum og yfirgangi – þá einna helst í dómsölum – er ekki bara skaðleg íslenskum orkuiðnaði, hún er líklega enn skaðlegri stærstu atvinnugrein landsins; ferðamannaiðnaði. Hversu skynsamleg er slík áhætta? Hver er þörfin, í tölum, á mannamáli?

Vissulega er erfitt að átta sig á því hvernig sæstrengur styrkir íslenska velferð. Þvert á móti, þá virðist fátt í kortunum styðja slíka ofurframkvæmd. Hins vegar er fjölmargt sem bendir skýrt til að afleiðingin verði skerðing á almennum lífsgæðum, skerðing á íslenskri velferð, eina ferðina enn.

Kæru lesendur, þetta ætti að vera í okkur höndum, en er ekki. Gerum eitthvað í málinu. Verjum íslenska velferð, íslenska náttúru og íslenskar auðlindir gagnvart fámennum sérhagsmunaöflum sem þurfa sífellt meira. Sé landsbyggðin raunverulega að verða rafmagnslaus, er bæði hagkvæmara og umhverfisvænna að nota staðbundnar lausnir. 100 milljarða flutningskerfi – fyrir sæstreng – er ekki góð hugmynd.

# MÚRBÚÐARVERÐ fyrir vorið!

**Furukrossviður**
9-12-15-18mm þykkur
Gæðavara. Gott verð

Kaliber PREMIUM GRILL

**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur 196,0cm², 5KW
Vagn fylgir með
**29.980**

**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
**24.990**
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti og aukaspíssar.
Made by Lavor

Frábært verð á stál- og plastþakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is

**Kailber KG-KG-2 gasgrill** 4x3,5KW brennarar, grillflötur 303,6 cm²,14KW
**52.880**

ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
**4.390**

Bio Kleen pallahreinsir 5 lítar
**3.295**

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**
**12.490**
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.

15 metra rafmagnssnúra
**2.790**

Deka Hrað 5 kg
**1.890**

MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**5.980**
1 líter kr.
**1.580**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
**1.790**

Landora tréolía, 3 lítrar
**2.690**

Meister jarðvegsdúkur 9961360 5x1,5 meter
**795**

Truper 10574
**1.895**

Hlúaajárn Buf PGH316
**1.890**

Strákústur 30cm breiður
**695**

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.790**

LFD260AL 8 þrep 2,32m
**13.990**
7 þrepa 2,11m **12.840,-**

Öflugar hjólbörur, 90 lítra
**8.590**

**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

MIKIÐ ÚRVAL
Verð frá
**2.190**
**1.790**
**2.390**

Truper 21" greinaklippur
**2.295**

Trup hekkklippur 23060
**1.245**

**995**
25 stk. 110 lítra ruslapokar
Einnig 200lítra 10 stk. kr. **795** (65my)

Pretul greinaklippur
**895**

Proflex Nitril vinnuhanskar
**395**

Gróðurmold 20 l
**490**

Blákorn 5 kg
**1.190**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Að stuðla að óheilsu



**Gunnar Alexander Ólafsson**
heilsuhagfræðingur

**Heilbrigðisráðherra hefur sagt að hann styðji ekki breytingar sem leiði til meiri áfengisneyslu en hefur samt ekki gefið upp afstöðu sína til frumvarpsins.**

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um að leyfa sölu á vodka, bjór og öðru áfengi í matvöruverslunum auk þess sem heimilað verður að auglýsa áfengi í fjölmiðlum. Frumvarpsflytjendur hafna því að neysla áfengis muni aukast ef það nær fram að ganga, þvert á rökstuddar umsagnir stofnana eins og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, Embættis landlæknis og Umboðsmanns barna um að samþykkt þess hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Verra er að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að aukin áfengisneysla hafi afleiðingar. Ef aðgengi að áfengi er aukið verða afleiðingar þess aukin neysla sem leiðir til meiri félags- og heilbrigðislegra vandamála. Fjarvistir frá vinnu munu aukast, sem og ölvunarakstur, innlagnir á sjúkrahús, aukinn þrýstingur verður á félagsmálayfirvöld og lögreglu. Ef skoðað er hvaða áhrif aukin áfengisneysla muni hafa á heilbrigði fólks er nóg að líta til Danmerkur, en þar er tíðni skorpulifrar 26 á hverja 100 þúsund hjá körlum en sambærileg tala á Íslandi er 3,3. Þess má geta að Danir lifa nokkrum árum skemur en Íslendingar. Af hverju nefni ég Danmörku í þessu sambandi? Jú, frumvarpsflytjendur vilja fá sama fyrirkomulag á sölu áfengis eins og tíðkast í Danmörku. Við megum taka upp margt jákvætt frá Dönum, en sleppum að taka upp þeirra áfengisómenningu.

Ljóst er að umrætt frumvarp gengur gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnavörnum frá árinu 2014, þar sem m.a. kemur fram að takmarka beri aðgengi að áfengi með aðhaldssömu sölufyrirkomulagi. Heilbrigðisráðherra hefur sagt að hann styðji ekki breytingar sem leiði til meiri áfengisneyslu en hefur samt ekki gefið upp afstöðu sína til frumvarpsins, heldur ætlar hann að fylgjast með þinglegri meðferð þess.

Afstaða ráðherrans er köld kveðja til aðila sem berjast á degi hverjum í forvarnastarfi gegn aukinni áfengisneyslu. Því er viðeigandi að minna ráðherra á að heilbrigðisráðuneytið ber ábyrgð á forvörnum og lýðheilsu í landinu sem hefur að markmiði að allar aðgerðir hins opinbera og annarra skulu miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, en ekki stuðla að aukinni óheilsu.

# Pólitískur rétttrúnaður og hatursorðræða



**Stefán Karlsson**
stjórnmálafræðingur og guðfræðingur

Skorin hefur verið upp herör gegn þeim sem sagðir eru stunda hatursorðræðu, sérstaklega gegn múslímum. Þeir sem telja sig hafa völdin innan orðræðunnar vilja þagga niður í þeim sem ekki fylgja réttu línunni. Þessi forræðishyggja byggist á pólitískum rétttrúnaði. Gagnrýni á hugmyndafræði íslamskra öfgamanna er t.d. bönnuð og henni jafnað við rasisma. Allir hafa hins vegar skotleyfi á vestræna menningararfleifð. Önnur menningarsamfélög en það vestræna eru lofsömuð og litið framhjá feðraveldi, kynþáttahyggju og kúgun sem eru oft fylgifiskar sumra menningarheima. Alið er á sjálfsgagnrýni og sektarvitund Vesturlandabúa. Þetta hefur leitt til fórnarlambsvæðingar minnihlutahópa og menningarlegs sjálfshaturs. Þegar íslamskir bókstafstrúarmenn fremja t.d hryðjuverk hefja menn vægðarlausa sjálfsritskoðun í stað þess að fordæma verknaðinn. Viðkvæðið er: „Höfum við ekki sjálf kallað þetta yfir okkur?“ Þessi afstaða sviptir fólk í fyrrverandi nýlendum og innan minnihlutahópa ábyrgð sem er nýtt form nýlendustefnu. Það þykir ekki nógu þroskað til að bera eigin sekt.

Pólitískur rétttrúnaður aðhyllist menningarlega afstæðishyggju. Sett er spurningarmerki við mannréttindi og lýðræði sem arfleifð vestrænnar menningar. Hafna ber algildum mælikvörðum varðandi rétt og rangt, gott og illt. Allir lífshættir jafn réttháir sem bannar að lagt sé mat á þá út frá siðfræðilegri og þekkingarfræðilegri gagnrýni. Enginn fulltrúi pólitísks rétttrúnaðar myndi samt vilja vera í sporum þess fólks sem verður að búa við sumar þessar siðvenjur, t.d. umskurð kvenna. Þeir krefjast þess að siðvenjur annarra þjóða séu virtir en sjá ekki þjáningar fólksins sem verður að lifa við þær.

Áherslan á sérstöðu menningarhópa stríðir gegn réttindum einstaklingsins. Hann er bundinn menningararfleifð sinni og réttindi hans lúta ofurvaldi hópsins. Þetta hefur reist múra milli þjóðfélagshópa og rutt fordómum leið, t.d. vaxandi gyðingahatri. Litið er á menningarhópa sem lokaðar heildir og arfleifð þeirra talin eðlislæg einstaklingunum sem tilheyra þeim. Það sem áður var talið eðlislægt og bundið við kynþætti er nú tengt við menningarheima. Menningarleg kynþáttahyggja hefur leyst þá líffræðilegu af hólmi þar sem áherslan á sérstöðu menningarheima er notuð til að réttlæta aðgreiningu og nýja aðskilnaðarstefnu.

Í viðleitni sinni til að þagga niður umræðu um mikilvæg og viðkvæm málefni er pólitískur rétttrúnaður í andstöðu við grunngildi mannréttinda. Með forræðishyggju sinni grefur hann undan sjálfræði og málfrelsi manna. Hann setur tjáningarfrelsinu skorður og kemur á ritskoðun sem er undirbyggð með reglum um hvaða málefni megi fjalla um og hvernig. Hann kemur í veg fyrir opna umræðu þegar svo mikil þörf er á að tekist sé á um mikilvæg málefni á gagnrýninn hátt. Þess í stað er allri gagnrýni mætt með þöggun eða klisjum um kynþáttafordóma eða fælni. Þegar íslamskir bókstafstrúarmenn ráðast á grunngildi vestrænna samfélaga þegja menn þunnu hljóði frekar en að taka þá áhættu að vera kallaðir rasistar.

Mannréttindi eru algild og skilyrðislaus. Þau lúta ekki menningu og arfleifð. Þau eru grundvallarréttindi sem standa óháð þeirri menningu sem viðkomandi er hluti af. Þegar þau eru annars vegar á ætíð að setja einstaklinginn og sjálfræði hans yfir heildina. Einstaklingurinn hefur rétt og kröfu til að gagnrýna allt með því að leggja það í dóm skynseminnar og vísindalegrar nálgunar. Þar eru hefðir engin undantekning.

# Hugleiðing um íslenska heilbrigðiskerfið



**Dagbjört Jónsdóttir**
sjúkraliði

**Ég fer fram á það sem borgari þessa lands að farið verði að vilja landsmanna og nýr Landspítali rísi strax, en til þess að það megi verða þurfa stjórnvöld að taka niður einkavæðingargleraugun.**

Bygging nýs Landspítala hefur staðið til í að minnsta kosti síðastliðin tíu ár. Enn er bygging hans einungis á umræðustigi sem hefur afar neikvæð áhrif á heilbrigðiskerfið. Ég velti því fyrir mér hvert íslenskt heilbrigðiskerfi stefnir og þá sér í lagi hver verða örlög Landspítalans, eina sérhæfða sjúkrahúss landsins, sjúkrahússins okkar. Undanfarin tuttugu ár hefur að mínu mati verið unnið leynt og ljóst að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins. Á síðustu árum hafa sprottið upp um alla borg aðgerðakjarnar þar sem gerðar eru aðgerðir allt frá að fjarlægja vörtur upp í stærri aðgerðir eins og brjóstnám og/eða liðskipti.

Það er að sjálfsögðu í lagi að aðgerðakjarnar í einkaeigu séu fyrir hendi til að gera minni aðgerðir sem taldar eru áhættulitlar og létta á Landspítalanum. En svo er komið að margir læknar hafa ekki tíma til að sinna störfum á Landspítalanum vegna starfa sinna á einkavæddum stöðvum með áherslu á gróðahyggju og arðgreiðslur, og eins kaldhæðnislegt og það er greiðast þær af Sjúkratryggingum Íslands. Læknisstarfið er í eðli sínu göfugt og flestir læknar starfa af heilindum, því þykir mér miður að ákveðinn fjöldi lækna kjósi gróðahyggjuna.

**Nýr Landspítali**

Bygging nýs Landspítala hefur í mörg ár verið eins og heit kartafla sem enginn hefur viljað halda utan um og kastað er manna á milli. En nú er ekki hægt að bíða lengur með aðgerðir því komið er að þolmörkum. Það er gífurlega mikilvægt að byggt verði nýtt sjúkrahús sem búið er nýjustu tækjum og búnaði sem nútímasjúkrahús þurfa að hafa til að geta sinnt hlutverki sínu. Samkvæmt könnunum vilja nær allir landsmenn að byggður verði nýr Landspítali sem þjónar okkur öllum og jafnar aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Landspítalinn er ekki bara húsakostur og tæki heldur starfar þar fjöldi fagmenntaðra starfsmanna af ýmsum toga, eins og læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar. Einnig eru þar stoðdeildir, rannsóknardeildir og aðrir starfsmenn sem allir hafa það að markmiði að lækna og líkna. Og þá er kennsluskylda Landspítalans afar mikilvæg enda eina háskólasjúkrahús landsins þar sem verðandi heilbrigðisstarfsmenn sækja menntun sína. En til þess að sjúkrahúsið geti framfylgt þeim skyldum sem þjóðfélagið leggur því á herðar hvað varðar kennslu, læknisþjónustu og rannsóknir er mjög brýnt að nýtt sjúkrahús verði að veruleika.

Eins og allir landsmenn vita hefur Landspítalinn verið í stöðugu svelti í langan tíma sem skert hefur heilbrigðisþjónustuna í heild. Eftir að hafa unnið í tuttugu ár sem heilbrigðisstarfsmaður (sjúkraliði) á Landspítalanum tel ég mig geta lagt mat á þróun sjúkrahússins eða öllu heldur hnignun undanfarinna ára. Þegar ég tala um hnignun þá er ég ekki einungis að vísa í ónýt tæki eða úreltan búnað, þ.e. hið efnislega, heldur þau hugarfarslegu áhrif sem þetta niðurrif hefur haft á starfsmenn sjúkrahússins. Þetta stanslausa niðurrif hefur valdið því að starfsmenn upplifa sig valdalausa og án virðingar, en það sem verra er, við þessar aðstæður telja þeir sig ekki geta sinnt sjúklingum sínum af nægilegri fagmennsku og þeirri alúð sem þeim býr í brjósti.

**Ábyrgð stjórnvalda**

Ábyrgð stjórnvalda er mikil hvað varðar byggingu nýs Landspítalaháskólasjúkrahúss ásamt styrkingu heilbrigðiskerfisins og jöfnu aðgengi allra landsmanna. Að lokum beini ég máli mínu beint til ráðamanna: Ég fer fram á það sem borgari þessa lands að farið verði að vilja landsmanna og nýr Landspítali rísi strax, en til þess að það megi verða þurfa stjórnvöld að taka niður einkavæðingargleraugun.

# Bann eða lögleiðing fíkniefna, þriðja leiðin



**Einar Guðmundsson**
læknir

Í umræðunni um fíkniefni eru yfirleitt einungis tveir valkostir ræddir. Í fyrsta lagi bann við fíkniefnum, sem er núverandi ástand í flestum löndum. Í öðru lagi lögleiðing fíkniefna, oftast að minnsta kosti til eigin brúks. Hér er verður bent á þriðju leiðina, en fyrst nokkur orð um birtingu vandans.

Fíkniefni eru efni sem með tímanum skemma heilann og þá sérstaklega þá hluta heilans sem eru hvað nýjastir í þróun mannkynsins og hafa með mennskuna að gera. Þannig verður persónuleiki neytenda smátt og smátt frumstæðari og þeir háðir efnunum til að geta haldið sér gangandi. Að lokum verður einstaklingurinn svo sjálfmiðaður að lítill munur verður á honum og siðblindum einstaklingum. Glæpir verða því valkostur margra. Þekking á þessum vanda er eldri en vísindin og því hafa samfélögin fyrir löngu sett lög til að bjarga einstaklingunum frá sjálfum sér og samfélaginu frá einstaklingunum, þegar þeir eru orðnir skemmdir.

Annar vandi sem herjar á samfélagið, og fíkniefnaneytendurna sjálfa, eru óbilgjörn glæpafélög, sem byggja í raun tilveru sína á ofbeldi af verstu gerð og hafa náð að skapa ótta og beita ofbeldi langt út fyrir raðir fíkniefnaneytenda. Þessir glæpahópar hafa setið einir árum saman að markaði sem veltir tugum milljarða árlega. Þannig hefur vöxtur þeirra verið gífurlegur og fórnarlömbum fjölgað eftir því. Saklaust fólk, s.s. gangandi vegfarendur, stjórnmálamenn, ættingjar neytenda, heilbrigðisstarfsfólk, lögreglumenn, fjölmiðlamenn, sjúkraflutningamenn og aðrir opinberir starfsmenn, allt eru þetta dæmi um fórnarlömb glæpahópa. Umfang ofbeldisins er slíkt að heilu samfélögin þora sums staðar ekki út úr húsi, nema yfir hábjartan daginn. Kvikmyndir frá Hollywood og víðar sýna okkur viðbjóðinn reglulega, en um leið verða kvikmyndirnar að kennslumyndböndum fyrir ofbeldismenn framtíðarinnar, eins og sjá má jafnvel hér á landi.

**Lögleiðing við sérstakar aðstæður**

Áðurnefnd „þriðja leið“ gengur út á að lögleiða fíkniefni, en eingöngu við sérstakar aðstæður. Markmiðið með þessari nálgun er aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að hjálpa neytendum til að draga úr, eða hætta alveg neyslu. Opnaðar yrðu fíknimóttökur reknar af hinu opinbera, mannaðar með heilbrigðisstarfsfólki, eða öðrum sem hafa menntun, og/eða innsýn í og reynslu af vanda fíkniefnaneytenda. Efnin yrðu framleidd af hinu opinbera og afhent ódýrt, eða jafnvel ókeypis, gegn vissum skilyrðum, svo sem skráningu, samtali við ráðgjafa, hvar má neyta þeirra, auk þess sem magnið verður takmarkað hverju sinni. Fíkniefnaneytandinn myndar væntanlega smám saman tengsl við starfsfólk móttökunnar og þá hjálp sem þar er að fá. Þegar hann er síðan tilbúinn fyrir frekari hjálp taka önnur meðferðarúrræði við, s.s. Vogur og LSH.

Í öðru lagi myndi þessi nálgun draga úr og jafnvel stöðva samskipti fíklanna að mestu eða öllu leyti við fíkniefnasala og glæpahópa. Það mun síðan smám saman eyðileggja hinn gróðavænlega markað fíkniefnanna og þannig fjársvelta glæpasamtökin. Ungir fíklar sem hafa misst tökin á neyslu og eru komnir í fjárskuldir við glæpasamtök, yrðu ekki lengur neyddir til innbrota, vændis, eða annarra glæpa. Glæpasamtök myndu visna að innan vegna skorts á fé. Enginn annar markaður er sambærilegur að kostum fyrir glæpahópana, því þar sameinast í dag fórnarlömbin (fíklarnir) og glæpasamtökin í að auka umfangið stöðugt, og vegna fíknarinnar er eftirspurnin að mestu stöðug á hverju sem gengur. Fórnarlömbin eru háð glæpahópunum og vernda þá síðan gegn afskiptum lögreglunnar með því m.a. að þegja um starfsemina.

Þessi þriðja leið er ekki að öllu leyti ný, því svipuð leið hefur þegar verið farin varðandi heróínfíkla, þ.e.a.s. heróínfíklar fá t.d. resept fyrir náskyldu efni, Metadón, sem var talið örlítið minna ávanabindandi og því léttara að losna úr viðjum þess en heróínsins sjálfs. Fíkillinn þarf að sjálfsögðu að eiga í samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk til að fá efnið. Einnig má segja að þessi leið hafi að miklu leyti verið valin við afléttingu áfengisbannsins á bannárunum. Áfengi mátti selja og neyta, en aðeins á ákveðnum stöðum, og að fengnu leyfi yfirvalda.

Það væri glapræði að lögleiða fíkniefni, en núverandi ástand er óásættanlegt og því er hér stungið upp á þriðju leiðinni, sem kalla má „Metadónaðferðina“ (The Metadone Method). Nákvæmari útfærslu aðferðarinnar er ekki hægt að gera skil í svo stuttri grein og bíður því betri tíma.

NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS

# SUMARTILBOÐ BÍLALANDS



**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun




SKODA Citigo Active.
Nýskr. 05/13, ekinn 64 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.250 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**950 þús. kr.**




BMW X5 Xdrive30d.
Nýskr. 10/11, ekinn 97 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 6.290 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**5.490 þús. kr.**




VW Golf Trendline.
Nýskr. 05/13, ekinn 66 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.290 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.790 þús. kr.**




OPEL Adam.
Nýskr. 11/15, ekinn 9 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.590 þús. kr.**




CHEVROLET Spark LT.
Nýskr. 09/14, ekinn 46 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.490 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.190 þús. kr.**




OPEL Astra.
Nýskr. 05/16, ekinn 10 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**2.490 þús. kr.**




PEUGEOT 3008.
Nýskr. 04/16, ekinn 32 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.490 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**2.990 þús. kr.**




HONDA CRV Elegance.
Nýskr. 05/16, ekinn 28 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**4.390 þús. kr.**




RENAULT Clio Dynamic Sport Tourer.
Nýskr. 07/14, ekinn 49 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.290 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.890 þús. kr.**




BMW X5 Xdrive30d.
Nýskr. 11/12, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.590 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**5.790 þús. kr.**




VW Passat Comfortline.
Nýskr. 08/14, ekinn 33 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**2.690 þús. kr.**




CITROEN C3 Seduction.
Nýskr. 10/12, ekinn 54 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.490 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**990 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe II V6 LUX.
Nýskr. 11/07, ekinn 147 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.290 þús. kr.**




SUBARU Outback Premium.
Nýskr. 05/15, ekinn 67 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.690 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**4.190 þús. kr.**




CHEVROLET Captiva 7 sæta.
Nýskr. 10/15, ekinn 77 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.980 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**3.990 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe III Comfort.
Nýskr. 06/15, ekinn 82 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**4.390 þús. kr.**




RENAULT Megane Sport Tourer.
Nýskr. 05/13, ekinn 99 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**1.390 þús. kr.**




LAND ROVER Discovery 4 SE.
Nýskr. 08/14, ekinn 55 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 9.900 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**8.900 þús. kr.**




HYUNDAI IX35 Comfort.
Nýskr. 05/14, ekinn 93 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**2.690 þús. kr.**




BMW 520i F10.
Nýskr. 06/14, ekinn 38 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.990 þús. kr.**
SUMARVERÐ:
**4.990 þús. kr.**

ENNEMM / SÍA / NM81748

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengl.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**

# KRÓNAN



Krónan mælir með!

**229** kr. kg

Rauðar vatnsmelónur, Kosta Ríka





Borðaðu mig - bestar núna!

-20%

**299** kr. kg

Melónur, kantalópa, Hondúras

**199** kr. kg

Gular melónur, Kosta Ríka

Verð áður ~~260~~ kr. kg

Tilboðin gilda til 7. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Gott á borgarann
FABRIKKU SÓSAN
BEIKONSULTAN
shake&pizza
399 kr. stk.
Fabrikku sósa 300 ml
689 kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta
100% hamborgara-búðin þín!
90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
FABRIKKU SMÁBORGARAR
12 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
GERÐU ÞINN EIGIN FABRIKKUBORGARA
Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar
Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar
Tilboðin gilda til 7. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!**




**-30%**

Grísahnakkaspjót

# 1259 kr. kg

Grísahnakkaspjót, úrval marineringa, Spánn

**Verð áður ~~1799~~ kr. kg**

**Ódýrt**




# 1499 kr. pk.

1/2 önd með pönnukökum og Hoi Sin sósu

**Verð áður ~~1799~~ kr. pk.**

**-30%**



# 1399 kr. kg

Lambalærissneiðar, blandaðar

**Verð áður ~~1999~~ kr. kg**

# KRÓNAN

**ódýrt**




**389** kr. pk.

Gestus rúnstykki, 6 stk./540 g




LÍFRÆNT VOTTAÐ

**199** kr. stk.

Oatly lífræn haframjólk, 1 lítri




**149** kr. stk.

Eplasafi, 1,5 lítrar




**299** kr. pk.

Gestus rauð smoothie blanda, 450 g




**199** kr. stk.

Gestus amerískar pönnukökur, 200 g

Tilboðin gilda til 7. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

**Fyrirtæki & húsfélög**

*sláttur, garðhreinsun, sópun ofl.*

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin hvort sem það er fyrir fyrirtæki, húsfélög, einkaaðila eða sveitarfélög. **Sláttur, garðhreinsun, klipping, sópun á plönum, stéttahreinsun ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

















# Um nýja háspennulínu í Heiðmörk eða nýjan jarðstreng til Geitháls!




Örn Þorvaldsson
rafiðnaðarmaður


Hamraneslínur 1 og 2 eru í vegi fyrir byggð í Vallahverfi Hafnarfjarðar, svo fjarlægja þarf þær eða setja í jörð. Umræðan snýst um hvort koma eigi 400–440 kV loftlína/línur ofan við vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar eða 220 kV jarðstrengur/strengir úr byggð í Hafnarfirði upp á Bleiksteinsháls eða alla leið að Geithálsi.

**Núverandi raforkuflutningur og flutningsgeta**

220 kV Línurnar þrjár sem flytja orkuna til Hamraness: Hamraneslína 1, Hamraneslína 2 (tvær línur á sömu staurastæðu) og Búrfellslína 3B, gætu hver um sig flutt alla raforkunotkun álversins í Straumsvík, sem er um 380 MW. Suðurnesjalína 1 flytur u.þ.b. 70 MW frá Suðurnesjum til Hamraness, hún er ein af fimm 132 kV línum sem flytja raforku til höfuðborgarsvæðisins. 220 kV línurnar þrjár og 132 kV línan flytja samtals til Hamraness um 450 MW í dag, en gætu flutt þangað fulllestaðar 1.400 MW svo þær eru einungis um 30% lestaðar!

**Flutningsgeta fyrirhugaðrar nýrrar línu/lína Landsnets**

Áætluð ný Sandskeiðslína 1 (400-440 kV) hefði flutningsgetu uppá 1.200-1.800 MW. Þar af leiðandi gætu tvær nýjar 400 kV Sandskeiðslínur og Búrfellslína 3B flutt 2.900 MW til Hamraness sem er 30%, meira en notkun á öllu landinu er í dag.

**Þrír sýnilegir valkostir:**

*I. Valkostur – áform Landsnets, um nýja línu/línur.*

Landsnet leggur til að Hamraneslínur 1 og 2 (HN1 og HN2) verði fjarlægðar. Byggja skuli í stað þeirra nýja línu, Sandskeiðslínu 1 (400-440 kV), tveggja leiðara stálgrindarlínu, milli Kolviðarhóls og Straumsvíkur 37 km leið sem rekin yrði á 220 kV til að byrja með. Síðar kæmi mögulega önnur lína af sömu stærð. Að auki vill Landsnet byggja tvö ný 220/440 kV tengivirki á svæðinu.

Landsnet hefur ekki fært fram nauðsynleg rök fyrir því að byggja nýjar 400-440 kV línur og ný 220/440 kV tengivirki eða sýnt fram á orkuþörf sem kalli á slíkt.

*II. Valkostur – tillögur undirritaðs um jarðstreng að Geithálsi*

Að leggja í stað Hamraneslínu 1 og 2 220 kV jarðstreng með 350-400 MW flutningsgetu að tengivirkinu á Geithálsi, stystu leið með núverandi línuvegi. Leggja þarf jarðstrenginn af alúð, sérlega á svæðum þar sem áberandi hraunmyndanir eru, austan Kaldárselsvegar í Hafnarfirði og sunnan Urriðavallar í Garðabæ að Heiðmerkurveginum. Þá þyrfti einnig að leggja 132 kV jarðstreng með 150-170 MW flutningsgetu í stað Hnoðraholtslínu 1 til Hnoðraholtstengivirkis í Kópavogi. Því gagnslítið væri að fjarlægja aðeins HN1 og 2 en skilja Hnoðraholtslínu 1 eftir sem liggur þeim samhliða til Kópavogs. Tengja ætti Búrfellslínu 3A og 3B inn í Kolviðarhólstengivirkið. Tveir jarðstrengir milli Hamraness og Straumsvíkur í stað Ísallínu 1 og 2 til álversins yrðu lagðir, þegar og ef samningur við álverið yrði endurnýjaður árið 2025 (sem mögulega fæli í sér að álverið legði fjármuni til þess). Ísallínur 1 og 2 yrðu svo fjarlægðar.

*III. Valkostur - tillögur undirritaðs um jarðstrengi úr byggð á Völlunum í Hafnarfirði.*

A) Að nýta áfram lengstan hluta Hamraneslína 1 og 2, þar sem eftirstöðvar endingartíma þeirra eru 25 ár og þær eru aðeins 30% lestaðar. Að leggja 220 kV jarðstreng með 350-400 MW flutningsgetu frá Hamranesi úr byggð upp á Bleiksteinsháls, norðan Vallahverfisins á svipaðan stað og endavirki Hnoðraholtslínu 1 er, en þó aðeins fjær byggð, síðan yrði sá hluti línunnar fjarlægður. Tengja ætti Búrfellslínu 3A og 3B inn í Kolviðarhólstengivirkið. Jarðstrengur milli Hamraness og Straumsvíkur yrði lagður og annar jarðstrengur milli endavirkis Hamraneslínu 1 og 2 á Bleiksteinshálsi til Straumsvíkur í stað Ísallínu 1 og 2 til álversins, þegar og ef samningur við álverið yrði endurnýjaður árið 2025. Ísallínu 1 og 2 yrðu síðan fjarlægðar. B) Eftir 25 ár, þegar endingartími Hamraneslína 1 og 2, væri nær liðinn, yrði lagður jarðstrengur/jarðstrengir alla leið að Geithálsi (sjá lagnaleið í valkosti II). Þá yrði um leið lagður 132 kV jarðstrengur með 150-170 MW flutningsgetu, í stað Hnoðraholtslínu 1 til Hnoðraholts í Kópavogi.

*Undirritaður er rafiðnaðarmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsvirkjunar og Landsnets sem unnið hefur að uppbyggingu raforkukerfisins og viðhaldi þess.*

# Þráhyggjulok




Birgir Guðjónsson
læknir


Jóhann Hjartarson og Kristín Björk tengdadóttir Kára Stefánssonar senda mér kveðjur í Fréttablaðinu 29. og 30. mars. Í þeim er urmull af staðreyndavillum sem verður að leiðrétta.

Bann við misnotkun lyfja er upphaflega tilkomið vegna hættu fyrir íþróttamennina en misnotkun er ekki síður talin svik og siðleysi. Fundur lyfs í þvagsýni íþróttamanns án fyrri undanþágu er alltaf lyfjabrot eða með öðrum orðum dóping hvort sem lyfið hefur verið tekið af ásetningi eða vangá. Sama hver einstaklingurinn er, lyfið, félagið eða tengdar persónur.

Refsing fyrir ásetning er keppnisbann í 2 ár skv. alþjóðareglum, en allt að einu ári fyrir vangá þótt hún sé trúanleg. Minna má á að norska afreksskíðakonan fékk 13 mánaða keppnisbann fyrir að taka varaþurrkslyf af vangá!

Jóhann fullyrti í fyrri grein að málfærsla hefði verið DeCode algerlega óviðkomandi. Nafn DeCode er hins vegar efst á þrettán (13) skjölum sem hann lagði fram. Meðal þeirra er skjal frá lækni um lyfjapróf Kristínar, þar sem segir „Spirometria var eðlileg“ og „Áreynslupróf er því algerlega eðlilegt.“ Þetta ætti að leiðrétta tvær meginstaðreyndavillur þeirra!

Kristín hafði vissulega leitað læknis vegna öndunarerfiðleika en framlögð gögn eftir á hefðu ekki nægt til undanþágu samkvæmt skilgreindum alþjóðareglum. Jákvætt sýni eftir skriflega yfirlýsingu um engin lyf kom því mjög á óvart. Til þess að forðast líkleg Ragnarök, sem ég skynjaði í kortunum, vildi ég fyrir alla muni leysa þetta sem mögulega vangá með stuttu keppnisbanni. Til þess taldi ég mig þurfa stuðning Alþjóðaólympíunefndarinnar og Alþjóðakörfuboltasambandsins FIBA.

Eftir bréfaskriftir, símbréf, tölvupóst, símtöl, ítarlegar skýringar og leiðréttingar, gat ég lagt fram undirrituð símbréf frá þeim og stuðning við að krefjast aðeins þriggja mánaða keppnisbanns, fremur en tveggja ára sem var mögulegt. Ég var þarna raunverulega í hlutverki verjandans. Þessari viðleitni var samt mætt með hroka og fyrirlitningu eins og fram kemur í fyrri grein Jóhanns og krafist sýknunar sem fékkst eins og engin lyf hefðu verið tekin.

Ég taldi þetta óeðlilegt eða hreint út sagt svindl. Ég vildi áfrýja til efra dómstigs þar sem hefði mátt hnekkja svindlákæru minni en aðilar gert sé grein fyrir að líklega hefði hún verið staðfest og komu í veg fyrir frekari dómsmeðferð.

Ásökun mín um ósvífið siðlaust svindl stendur því. Mál þetta varð til þess að endi var bundinn á tíu ára náið samstarf og stuðning Alþjóðaólympíunefndarinnar við námskeiðahald um íþróttalæknisfræði þar sem fjallað var um forvarnir og umönnun íþróttamanna. Endi var bundinn á marktæka lyfjafræðslu og eftirlit a.m.k undir forystu tveggja fyrrverandi forseta.

> **Mál þetta varð til þess að endi var bundinn á tíu ára náið samstarf og stuðning Alþjóðaólympíunefndarinnar við námskeiðahald um íþróttalæknisfræði þar sem fjallað var um forvarnir og umönnun íþróttamanna.**

Er þetta ofurkapp að hindra „réttvísina“ og þriggja mánaða keppnisbann með ítarlegri hnikun staðreynda dæmigert fyrir fyrirtæki sem telur sig einstakt í heiminum í vísindum, þar sem áreiðanleiki, heiðarleiki og siðfræði ættu að vera í fyrirrúmi? Fyrirtækið boðar sífellt lausnir á næsta leiti en fáar sjást og krefst þess nú að taka að sér lífsýnarannsóknir sem eiga að skera úr um sekt eða sýknu manna.

Kjarni þessa máls er að vísindafyrirtækjum á að vera hægt að treysta og sömu reglur eiga að gilda um alla í þessu spillta þjóðfélagi en gera því miður ekki. Ég mun ekki hirða um að leiðrétta fleiri staðreyndavillur þeirra þó nóg sé eftir né svara þeim óhróðri sem á mig verður borinn.

*Höfundur er sérfræðingur í lyflækningum og var viðriðinn fræðslu og eftirlit um lyfjamisnotkun innanlands og á alþjóðavettvangi um tveggja áratuga skeið.*

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. MAÍ 2017



# Saumar á sig sjálf

Sædís Ýr Jónasdóttir hefur mikinn áhuga á fötum og tísku og finnst fátt skemmtilegra en að fara í fín föt og hafa sig til. →2



Daníel Örn eða Danni hárgreiðslumeistari segir að með hækkandi sól styttist hárið. Klippingar eru aftur komnar í tísku.

tíska →4



Sumarið er komið

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Sædís Ýr stundar nám við Menntaskólann við Sund og vonast til að útskrifast þaðan sem stúdent í vor. Hún vinnur með skólanum í Ísbúð Huppu í Álfheimum. Fatahönnun er hennar aðaláhugamál og nýlega tók hún upp á því að sauma sjálf föt á sig.

***Spáir þú mikið í tísku?*** „Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á fötum og tísku síðan ég man eftir mér. Tíska er miklu meira en bara eitthvert trend fyrir mér. Tískan gefur fötunum sögu og getur jafnvel komið mikilvægum skilaboðum á framfæri. Hver og einn hefur sinn stíl og ég elska að sjá hvernig fólk túlkar tísku á sinn hátt.“

***Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*** „Ég elska liti og munstur og ég á mér engan svokallaðan þægindaramma þegar kemur að fatavali. „Vintage“ föt eru í miklu uppáhaldi, þau eiga oft sína eigin sögu og eru svo miklu meira en bara flík oft á tíðum. Rúskinn, kögur, flauel og pallíettur eru í miklu uppáhaldi.“

***Hvar kaupir þú fötin þín?*** „Ég kaupi mikið af mínum fatnaði í Kolaportinu og á öðrum „second hand“ mörkuðum og finnst sjálfbærni skipta miklu máli. Ég sel líka oft fötin mín í Kolaportinu og á fatasölum á Facebook. Uppáhaldsfataverslanir mínar á Íslandi eru einna helst Yeoman, Húrra Reykjavík, Topshop og Zara. Þegar ég panta föt á netinu panta ég aðallega af Asos og vanda merkjavalið vel en þar er mikið úrval af merkjum og hröð sending. Þegar ég er erlendis þá er auðvitað algjört möst að koma við í H&M eins og allir alvöru Íslendingar.“

***Eyðir þú miklu í föt?*** „Já, vandræðalega miklu. Mér finnst ekkert skemmtilegra en að kaupa mér flott fataefni og flottar flíkur. Ég fæ oft þá spurningu hvort ég hafi reiknað veltuhraða flíkanna minna en ég get verið ansi fljót að umturna fataskápnum.“



Blússan sem Sædís er í er frá Zara, buxurnar Topshop, skórnir Nike, sokkarnir Asos og úrið er frá MK. MYND/ERNIR

***Hver er uppáhaldsflíkin þín?*** „Örugglega pelsinn minn en mamma mín átti hann og nýju Miista-skórnir mínir sem ég fékk í Yeoman um daginn.“

***Áttu þér uppáhaldshönnuð?*** „Ég á mér marga uppáhaldshönnuði en ef ég myndi fá að velja mér flík frá hvaða fatahönnuði sem er myndi ég velja Alexander McQueen. Öll fötin hans eru einstök og hafa mikinn karakter. Nýja skólínan hans er t.d. er geggjuð.“

***Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?*** „Skór og jakkar.“

***Notar þú fylgihluti?*** „Ég er mikið fyrir fallegar, litríkar töskur og áberandi belti. Ég hef aldrei verið mikið fyrir fíngerða skartgripi eins og eyrnalokka og sæt men. Það er mögulega vegna þess að það er svo smágert og mér tekst oftast nær að týna þeim.“

***Áttu þér tískufyrirmynd?*** „Svala Björgvins og mamma mín. Svala er einstök og er með einn speisaðasta fatastíl sem ég veit um. Hún er ekki hrædd við að taka áhættu í fatavali. Mamma var aftur á móti algjör hippi og var mikið í þægilegum en mjög töff fötum. Ég man aðallega eftir henni í stórum munstruðum mussum og útvíðum gallabuxum. Svo átti hún líka margar flottar gallaskyrtur og þá man ég sérstaklega eftir einni sem var „oversized“ úr Levi's.“



Sædís er í kjól og buxum sem hún saumaði sjálf. Keðjan er frá Asos og skórnir frá Miista. MYND/ERNIR

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands
Opið 8-22
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Tryggðu þér áskrift
*9.990.- á mánuði.
365.is | Sími 1817




333 kr á dag*
365

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Með hárlubba sem fylgihlut

Leikarinn ungi Jaden Smith, sonur stórstjörnunnar Wills Smith, hefur sinn eigin stíl. Það sannaði hann sannarlega á Met Gala á dögunum þegar hann mætti nýsnoðaður með dredd-lokkana sína í hendinni líkt og fylgihlut.

Jaden lét klippa ljósa dredd-lokkana sína í byrjun apríl vegna hlutverks í kvikmyndinni Life in a Year þar sem hann leikur á móti fyrirsætunni Cöru Delevingne.

**» Enginn annar en faðir hans, Will Smith, sá um klippinguna.**

Enginn annar en faðir leikarans sá um klippinguna.

Hárið á sér þó greinilega framhaldslíf, hversu geðslegt sem fólki þykir það.



Meðan hárið var enn á kollinum.



Jaden Smith með hár í hendi.



## Hárið fjarlægt með vaxi

Þegar sumarið gengur í garð og sólböð og sundferðir verða daglegt brauð eru margar konur sem fara í svokallað brasilískt vax. Konur vilja fjarlægja hár sem standa út fyrir bikiníbuxurnar. Sumar ganga svo langt að fjarlægja öll hár. Slík meðhöndlun getur verið varasöm ef ekki er vandað til verka. Til dæmis á ekki að vaxa viðkvæma húð. Ekki skrúbba húðina stuttu fyrir vaxmeðferð því þá er hún viðkvæmari. Ekki fara í mjög heitt bað fyrir vax, né heldur nota sterka sápu. Varist að vaxa rétt fyrir blæðingar.

Ræðið við sérfræðinginn um hvað það er sem þið viljið nákvæmlega láta gera svo ekkert fari á milli mála. Meðferðin verður afslappaðri ef þið hafið rætt saman. Á eftir meðferð þarf að forðast sturtu, líkamsrækt og kynlíf í að minnsta kosti 24 tíma. Gætið ýtrasta hreinlætis á eftir því svæðið er opið og viðkvæmt. Bakteríur eiga greiða leið að húðinni ef ekki er farið varlega.



## Leiðrétting

Við myndir sem birtust með viðtali við Birnu V. Sigurðardóttur um brúðarkjólinn hennar föstudaginn 28. apríl, í FÓLK-hluta Fréttablaðsins, gleymdist að taka fram nafn ljósmyndara. Það er Kristbjörg Sigurjónsdóttir.



Fallegur sumarfantaður



Kjólar í str. 36-56

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030




My Style tískuhús

Stærðir 38-52

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464






Daníel Örn, eða Danni, hárgreiðslumeistari. Myndin er úr þættinum Heimsókn á Stöð 2.

# Síða hárið fær að fjúka í sumar

**Síða hárið sem einkennt hefur tísku síðustu ára fær að fjúka fyrir sumarið. Nú á hárið að vera í axlasídd, frjálslegt með ljósum og mjúkum tónum. Stjörnurnar í Hollywood eru hver af annarri að breyta hárgreiðslunni.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Daníel Örn Hinriksson, hárgreiðslumeistari og eigandi hárgreiðslustofunnar Senter, segist verða mikið var við að konur vilji breytingu. „Það er eins og einhver ferskur blær hafi komið yfir okkur og síða hárið fær að fjúka. Ég fór að taka eftir þessum breytingum eftir áramótin. Allt þetta síða, mikla hár sem er búið að vera í tísku og leit út fyrir að vera ólitað og óklippt fær núna meðhöndlun með skærunum. Það er engin spurning að hárið verður styttra í sumar, frjálslegra og með ljósum og gylltum mjúkum tónum. Núna eiga strípurnar að fara niður í rót. Einnig hefur aukist að beðið sé um aflitaðar strípur sem ekki hafa verið lengi,“ segir Daníel og bætir við að allar stuttar, flottar línur séu mjög vinsælar í dag. „Klippingar, til dæmis stuttar í hnakkann en með lengd í toppnum eru að koma mikið inn hjá okkur. Við hárgreiðslufólk fögnum því að fá aftur svona alvöru klippingar og línur,“ segir Daníel.

„Toppurinn er oft jafn síður og hárið en það er einnig flott að láta hann líta út eins og „gamlan“ topp en þá fellur hann vel inn í hárið. Það er eins og hann sé aðeins úr sér vaxinn. Það er minna um beina toppa,“ segir hann. „Annars má segja að allt sé í tísku í klippingum, þetta fer svoldið eftir hvað passar andlitsfallinu. Hér áður fyrr voru allir með eins klippingu, ef Jennifer Aniston klippti hárið stutt vildu allir vera með stutt eins og hún. Jennifer hafði gríðarlega áhrif á tískuna. Núna er meira frjálsræði í tískunni,“ segir Daníel.

Hann segir að mikil aukning sé í permanenti hjá yngri herrum. Það sé nýtt í herrahártískunni. „Strákar vilja vera vel klipptir með létta liði og vel snyrt skegg. Það er fjölbreytni í hártískunni hjá strákunum eins og stelpunum og fólk vill breytingu.“

Myndir hafa birst á erlendum netsíðum sem sýna stjörnur á borð við Kim Kardashian, Victoriu Beckham, Rose Leslie, Chloe Grace Moretz, Lea Seydoux, Bellu Hadid, Anne Hathaway og margar aðrar frægar konur sem hafa klippt síða hárið. Það ætti því að vera í lagi að huga að breytingu fyrir sumarið.



Leikkonan Anne Hathaway er ákaflega glæsileg kona.



Kim Kardashian á Met Gala í New York.



Victoria Beckham er alltaf glæsileg.



Rose Leslie úr Game of Thrones.



Ofurfyrirsætan Bella Hadid.

# SUMARLEGIR TILBOÐSDAGAR

## SUMARFRKKAR – FISLEÉTTIR DÚN OG VATTJAKKKAR






SUMARLEG SPARIDRESS FRÁ BETTY BARCLAY

**20% AFSLÁTTUR**

SVARTAR BASIC DRAGTIR

**25% AFSLÁTTUR**

- gildir frá fimmtudegi til mánudags -





**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

ÚTSÖLUMARKAÐURINN
Í FULLUM GANGI HJÁ
LAXDAL LAUGAVEGI

50%-60%-70%
afslættir

BERNHARD LAXDAL

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Verður bara mikið stuð

## Plötusnúðurinn Snorri Ástráðsson kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í næsta mánuði. Hann fylgist helst með tískunni gegnum samfélagsmiðlana.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Einn þeirra ungu listamanna sem koma fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum í næsta mánuði er hinn 16 ára gamli plötusnúður Snorri Ástráðsson. Ferill hans sem plötusnúðs hófst í lok árs 2015 á böllum í Hagaskóla. „Síðan þá hefur áhugi minn á þessu listformi þróast mikið og komið mér þangað sem ég er í dag. Stíllinn minn hefur verið mjög svipaður síðan ég byrjaði en það sem einkennir mig helst er að ég spila meira og minna bara hip hop.“ Auk þess að spila tónlist stundar Snorri nám við Hagaskóla og vinnur í Háskólabíó en helstu áhugamál hans eru tónlist og körfubolti.

Hann er mjög spenntur fyrir því að koma fram á Secret Solstice hátíðinni en þetta er fyrsta stóra tónlistarhátíðin sem hann kemur fram á. „Ég held að þetta verði bara mikið stuð. Undanfarið hef ég verið að búa til smá „line-up“ fyrir settið mitt og fá nokkra artista til að taka lagið með mér þannig að það ætti bara að vera gaman. Þótt spennan sé mikil verður þetta samt ekkert stress. Maður vonar bara að það komi nóg af fólki og að við búum til einhverja stemmingu.“

Innlenda hip hop-ið er í miklu uppáhaldi hjá Snorra og nefnir hann þar m.a. Sturlu Atlas, Aron Can og Birni. „Þessi sena er mjög sterk í augnablikinu þannig að það er bara gaman að heyra allt þetta nýja dót frá innlendu listamönnunum. Ég einskorða mig þó ekki við hip hop enda er mikilvægt að halda sér opnum fyrir öllu upp á kúltúrinn.“

**Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?** Það mætti flokka mig inn í „street-wear“ senuna og er ég þannig klæddur flesta dagana.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Það gerðist bara eiginlega með aldrinum. Ég datt upprunalega inn í þetta út af bróður mínum en svo þróaðist áhugi minn á þessari menningu bara eftir því sem ég varð eldri.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Ég fylgist með henni á samfélagsmiðlum eins og flestir aðrir, þá helst til að sjá hvað merkin eru að gefa út og sjá hvaða veg þau ætla með línuna að hverju sinni.

**Hvað einkennir klæðnað karla í dag?** „Street-wear“ klæðnaður er mjög einkennandi fyrir karlmenn í dag og hefur verið það í einhvern tíma að mínu mati, sérstaklega eftir innkomu Húrra Reykjavík.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég á mér svo sem engar uppáhaldsverslanir erlendis, kannski helst Supreme, Palace, Stone Island, Dover Street Market o.fl. Hér á Íslandi er Húrra Reykjavík uppáhaldsbúðin mín.

> **„Uppáhaldsflíkin er Stone Island jakkinn sem ég keypti núna um páskana í Svíþjóð. Þetta er hinn fullkomni sumarjakki sem hentar einstaklega vel með hlýnun jarðar.**

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?** Eins og er held ég ekki beint upp á neinn hönnuð. Ég er þó mjög hrifinn af því sem Jör er búinn að vera að gera og þá sérstaklega Child-bolunum sem Jóhann Kristófer hafði yfirumsjón með.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Uppáhaldsflíkin er Stone Island jakkinn sem ég keypti núna um páskana í Svíþjóð. Þetta er hinn fullkomni sumarjakki sem hentar einstaklega vel með hlýnun jarðar. Annars held ég mikið upp á Child-bolina úr Jör og þessar tvær flíkur vinna frekar vel saman.

**Notar þú einhverja fylgihluti?** Ekki eins og er en ég er að vinna með honum Hlyni Snæ hjá Reykjavík Grills að einhverri pælingu þannig að það styttist vonandi í það.

**Hvað er helst fram undan hjá þér?** Bráðum sæki ég um menntaskóla þannig að ég þarf að skoða það eitthvað og ákveða hvað ég ætla að gera í þeim málum. Annars ætla ég bara að halda áfram að gigga og gera það sem mér finnst gaman að gera með mínu fólki og sjá hvað gerist í framhaldinu.



Hér er Snorri í Stone Island bomber-jakkanum sem er uppáhaldsflíkin hans, Child-bol úr Jör og svörtum Nike Air Max 95. MYNDIR/ANTON BRINK



Child-bolurinn úr Jör er einnig í miklu uppáhaldi hjá Snorra.



20-50% afsláttur
af völdum vörum dagana 4-8.maí!
Stærðir 36-56
KRINGLUKAST!
20-50% afsláttur af völdum nýjum vörum í Kringlunni og á Glerártorgi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.42-56
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 st.36-46
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXL
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 ein stærð
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 2.490 ein stærð
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.490 st.S-XXL
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXL
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314











# Ekkert fyrir sviðsljósið

## Hinn árlegi tískuviðburður Met Gala var í ár tileinkaður lífi og störfum hinnar mögnuðu Rei Kawakubo en hún er 74 ára japanskur hugmyndasmiður tískumerkisins Comme des Garçons.



Þetta er í fyrsta sinn sem lifandi hönnuður er heiðraður á Met Gala síðan 1983 en það ár var Yves Saint Laurent þema ballsins.

Ekki kannast allir við nafnið Rei Kawakubo enda er það nákvæmlega það sem hönnuðurinn sækist eftir. Kawakubo reynir eftir bestu getu að halda lífi sínu frá fjölmiðlum og hefur tekist ágætlega upp. Hins vegar hafa makalausar hugmyndir hennar sem birtast í flíkum Comme des Garçons náð góðu flugi og eru lofaðar um allan heim.

Kawakubo hefur verið í tískubransanum í nærri hálfa öld. Hún hafði ekki hlotið neina formlega menntun í tísku þegar hún stofnaði Comme des Garçons árið 1969. Merkið hefur vaxið og dafnað og inniheldur nú ýmsar línur bæði fyrir karla og konur.

Hugmyndafræðin virðist Kawakubo mikilvægari en sölutölur, frægð og frami. Þannig hannar hún flíkur sem fæstum er hægt að klæðast hvunndags.

Fjöldi ungra hönnuða á henni mikið að þakka en hún er dugleg að taka hæfileikafólk undir sinn verndarvæng. Frægasti skjólstæðingur hennar er líklega Junya Watanabe.

Hún hefur veitt ófáum stjörnum innblástur en þar má nefna allt frá gömlum kanónum á borð við Karl Lagerfeld og Dries Van Noten til rapparahönnuðarins Kanye West. Þá á hún sér fjölda aðdáenda meðal fræga fólksins. Til dæmis Kanye West, Pharrell Williams og Lady Gaga en hennar stærsti aðdáandi er leikarinn og leikstjórinn John Waters.

Kawakubo er hlédræg með eindæmum þegar kemur að fjölmiðlum og veitir afar sjaldan viðtöl. Meðan margir hönnuðir eru andlit síns merkis hefur hún haldið sig til hlés og er meira að segja hætt að hneigja sig í lok sýninga sinna.

Kawakubo er gift Adrian Joffe, suður-afrískum málvísindamanni sem er forstjóri Comme des Garçons. Hjónin búa sitt í hvoru landinu, hún í Tókýó og hann í París. Þau hittast þó einu sinni í mánuði og fara reglulega í frí til landa á borð við Jemen og Rúmeníu.


Rei Kawakubo er lítið fyrir að veita viðtöl.


Kjólar úr smiðju Rei Kawakubo en sýning á flíkum hennar var opnuð í The Metropolitan Museum of Art Costume Institute í New York í tengslum við Met Gala.



Kjólar af sýningu Metropolitan Museum of Art Costume Institute.


Úr vor- og sumarlínu Commes Des Garçons fyrir 2016.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Meistaranám

FIMMTUDAGUR 4. MAÍ 2017 Kynning á meistaranámi við Háskólann á Bifröst




## Öflugt, framsækið og spennandi meistaranám

Viltu auka þekkingu þína og samkeppnishæfni?



**Nýtt meistaranám í viðskiptadeild: Markaðsfræði og forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.** →2



**Meistaranám í menningarstjórnun þróar gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík.** →3



**MBL, nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði, opið öllum þeim sem lokið hafa grunnháskólagráðu.** →4

# Meistaranemar í viðskiptadeild stunda námið í fjarnámi

## Nýtt nám í boði í Markaðsfræði og Forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun. Mikil áhersla á mannauðinn í stjórnunarstörfum.

Flestir nemendur við Háskólann á Bifröst stunda meistaranám við viðskiptadeildina en námið er fjarnám sem er skipulagt þannig að fyrirlestrar og kennsluefni í hverju námskeiði er aðgengilegt á sérstökum fjarnámsvef og nemendur geta þannig skipulagt tíma sinn eins og þeim hentar best,“ segir Sigurður Ragnarsson, forseti viðskiptadeildar. „Síðan eru einnig vinnuhelgar þar sem nemendur hittast ásamt kennurum. Flestir meistaranemar stunda námið með vinnu enda geta þeir stýrt sínum námshraða og valið hvað þeir taka mörg námskeið hverju sinni. Bakgrunnur nemenda er gríðarlega fjölbreyttur og meðal nemenda í meistaranáminu er ekki bara fólk með viðskiptafræðibakgrunn eða viðskiptafræðimenntun heldur líka fólk úr til dæmis heilbrigðisgeiranum, kennarar, félagsráðgjafar og lögfræðingar.“ Meistaranáminu er hægt að ljúka með því að skrifa ritgerð eða sleppa ritgerð og taka þá fleiri námskeið í staðinn.

### Nýtt nám: Meistaranám í markaðsfræði

Í haust verður boðið upp á ýmsar nýjungar og þar á meðal nýtt meistaranám í markaðsfræði. Ákveðið hefur verið að bjóða þennan valkost samhliða aukinni eftirspurn eftir meistaranámi við viðskiptadeild skólans en í áratug hefur BS markaðsfræðinám á Bifröst verið í sérflokki á Íslandi með fjölbreyttu úrvali markaðsfræðiáfanga. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við markaðsmál og hafa þegar reynslu af markaðs- og sölumálum en vilja dýpka þekkingu sína á fjölbreyttri flóru markaðsfræðinnar. „Meistaranám í markaðsfræðum er heildstætt nám sem inniheldur víðtæk námskeið, allt frá markaðslegri stefnumótun til stafrænna markaðssamskipta en slík kunnátta og þekking er sífellt mikilvægari í þjónustu og samskiptum við neytendur. Með faglegri markaðsstjórn geta fyrirtæki og stofnanir þjónað viðskiptavinum sínum enn betur og náð meiri árangri,“ segir Sigurður.

### Boðið uppá nám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

Forysta og stjórnun hefur verið í boði frá 2014 og er fjölmennasta námsbraut skólans. „Flestir nemendur eiga það sameiginlegt að vilja efla sig og verða betri stjórnendur og leiðtogar og sumir fara í námið vegna þess að þeir ætla sér að komast í stjórnenda- og leiðtogastöðu,“ segir Sigurður og bætir við að í haust verði í fyrsta skipti boðið upp á sérstaka áherslu í náminu á mannauðsstjórnun. „Í dag er mikil áhersla lögð á mannauðinn þegar kemur að því að leiða og stjórna, og því teljum við að við getum þjónað bæði nemendum og samfélagi með því að bjóða líka upp á meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.“



„Flestir meistaranemar stunda námið með vinnu enda geta þeir stýrt sínum námshraða og valið hvað þeir taka mörg námskeið hverju sinni,“ segir Sigurður Ragnarsson, forseti viðskiptadeildar.

### Alþjóðaviðskipti

Meistaranám í alþjóðaviðskiptum hefur verið í boði í mörg ár og í náminu er sérstök áhersla á stefnumótun og markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Í náminu eru skoðaðir vel hlutir sem tengjast alþjóðaviðskiptum, eins og alþjóðasamskipti, alþjóðafjármál og alþjóðleg markaðssetning, bæði hefðbundin sem og stafræn. „Við höfum verið að efla og þróa þetta nám sérstaklega, en miklar breytingar hafa orðið á sviði alþjóðaviðskipta undanfarin misseri sem taka þarf tillit til,“ segir Sigurður að lokum.

» Á haustönn verða í boði nýjungar í meistaranámi í viðskiptadeild, meistaranám í markaðsfræði og meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.

**”Með vaxandi starfsemi og fjölgun starfsfólks og svona miklu meira umleikis heldur en var í byrjun þá finnst mér ég þurfa sjálf að skoða mig og aðeins líta inn á við og hvernig ég geti orðið betri, bæði leiðtogi og stjórnandi og haldið við þessari hugsjón ... Þetta nám höfðar til mín af því að ég get ráðið mínum tíma svolítið sjálf.**

Erna Magnúsdóttir, forstöðukona í Ljósinu (MS forysta og stjórnun)

**”Fjarnámið hentar mér mjög vel og með því að fá fyrirlestra í gegnum netið get ég skipulagt tíma minn betur. Þá eru verkefnin mjög hagnýt og notuð raunveruleg dæmi sem tengjast vel inn í atvinnulífið.**

Sigurbjörg Hjálmarsdóttir (MS forysta og stjórnun, 2017)

**”Námið hefur reynst mér frábærlega vel í starfi mínu sem mannauðsstjóri Iceland Travel og VITA. Með því að samtvinna nám og starf tókst mér að auka fagmennsku fyrirtækisins á marga vegu og innleiða nýjungar sem stuðla að auknum árangri og betri vinnustað.**

Ragnheiður Valdimarsdóttir, mannauðsstjóri hjá Iceland Travel og VITA (MS í alþjóðlegum viðskiptum, 2016)

**”Ég valdi mér meistaranám í forystu og stjórnun því mig langar að vera fyrirmyndarafl í mínu samfélagi og láta gott af mér leiða. Þjónandi forysta er ein besta gjöfin sem ég hef fengið og hún mun leiða mig hvert sem ég fer jafnt í einkalífi mínu sem starfi.**

Rósa Matthíasdóttir (MS forysta og stjórnun, 2016)





Á myndinni má sjá f.v. Dirk van Dierendonck, prófessor við Rotterdam School of Management , Kathleen A. Patterson, prófessor við Regent University, Sigrúnu Gunnarsdóttur, dósent og formann Þekkingarseturs um þjónandi forystu, og Sigurð Ragnarsson, forseta viðskiptadeildar.

## Þjónandi forysta er akademísk undirstaða

Háskólinn á Bifröst og Þekkingarsetur um þjónandi forystu hafa átt í farsælu samstarfi síðastliðin ár og meðal annars staðið að fjölsóttum ráðstefnum og viðburðum. Síðasta haust var vísindaþing um þjónandi forystu, Global Servant Leadership Research Roundtable, haldið á Bifröst en þar komu saman nokkrir af fremstu fræðimönnum heims í greininni og byggðist dagskráin á fyrirlestrum og pallborðsumræðum. Vísindaþingið var opið starfsfólki og nemendum háskólans og fengu meistaranemar í forystu og stjórnun, sem t.d. vinna að rannsóknum um þjónandi forystu, þar t.a.m. tækifæri á að hlýða á þekkta höfunda rannsókna sem þeir hafa lesið og stuðst við í sínu námi og rannsóknarverkefnum.

Útgefandi: 365 miðlar | Háskólinn á Bifröst: www.bifrost.is | Sölumaður auglýsinga: Atli Bergmann, atlibergmann@365.is, s. 512 5457 | Veffang: Visir.is



Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er ein þeirra er lokið hafa meistaranámi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst.

# Gagnrýn sýn á menningarpólitík

## Meistaranám í menningarstjórnun hefur verið í boði á Bifröst frá árinu 2004.

Meistaranám í menningarstjórnun hefur verið í boði við Háskólann á Bifröst frá árinu 2004. Námið byggir jafnt á fræðilegri og hagnýtri nálgun sem gefur nemendum kost á að vinna með og þróa gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík, um leið og þeir öðlast hagnýta þjálfun sem lýtur að rekstri, stjórnun og skipulagningu.

„Meistaranám í menningarstjórnun er góður undirbúningur fyrir starf innan menningar- og menntastofnana, í listum og skapandi greinum og besti vitnisburðurinn um það eru nemendurnir okkar. Það virðist líka vera mikil eftirspurn eftir fólki sem getur tekist á við ótrúlegustu

**» Nemendur geta valið á milli tveggja áherslusviða til MA gráðu: Menningarstefnu og miðlunar annars vegar og menntastjórnunar hins vegar. Jafnframt er hægt að ljúka MCM gráðu með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.**

vandamál á skapandi og skilvirkan hátt, enda þarf samfélagið einfaldlega á slíkum mannskap að halda,“ segir Njörður Sigurjónsson, dósent í menningarstjórnun.

Njörður segir flesta nemendur hafa mikla reynslu af vinnumarkaði þegar þeir hefja nám. Þeir hafi því tekist á við margvísleg verkefni sem stjórnendur og sérfræðingar en vilji bæta við sig hagnýtu námi til að dýpka skilning sinn á sviðinu.

„Við erum stolt af nemendunum okkar sem lokið hafa námi hjá okkur í gegnum árin og allra skemmtilegast er að hitta útskrifaða nemendur í skapandi og skemmtilegum stjórnunarstörfum út um allan bæ,“ segir Njörður.

# Deildarforseti nemur við hinn virta Oxford-háskóla

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, forseti félagsvísindadeildar við Háskólann á Bifröst, hlaut styrk til eins árs rannsóknarstarfa við Oxford-háskóla skólaárið 2016-2017.

Um er að ræða styrk (individual fellowship) úr Marie Sklodowska-Curie áætlun Evrópusambandsins og starfar Sigrún Lilja við tónlistardeild háskólans.

Rannsóknarverkefni hennar snýr aðallega að tónlistarhefð og tónlistarstarfi innan veggja háskólans með sérstakri áherslu á sögu, hefðir og menningarpólitísk álitamál.

„Þrátt fyrir aukinn sýnileika kvenna hafa þær enn þann dag í dag ekki sömu tækifæri og karlmenn hvað varðar aðgengi að tónlistarþjálfun og tækifærum til að syngja opinberlega við messur og athafnir.

Jafnframt er ansi margt sem gefur til kynna að nemendahópur



Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, forseti félagsvísindadeildar við Háskólann á Bifröst.

**„ Konur fá enn þann dag í dag ekki sömu tækifæri og karlmenn hvað varðar aðgengi að tónlistarþjálfun.**

sá sem hefur kost á því að fá svokallaða kórstyrki (choral scholarships) sé ansi einsleitur hópur nemenda úr einkaskólum,“ segir Sigrún Lilja Einarsdóttir um helstu niðurstöður rannsóknar sinnar hingað til.



„Almenningsbókasöfn eru menningarstofnanir með stóru emmi, afar mikilvægt almannarými í samfélögum nútímans,“ segir Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður Reykjavíkurborgar. MYND/DAGUR GUNNARSSON

# Námið nýtist í daglegum störfum

## Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður er stjórnandi mest sóttu menningarstofnunar Reykjavíkur.

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður Reykjavíkurborgar, lauk meistaranámi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst árið 2008. Pálína, sem er með BA í bókasafns- og upplýsingafræði fyrir og starfaði á almenningsbókasafni frá útskrift, segir námið hafa nýst sér mjög vel.

„Námið hefur sérstaklega nýst vel við stefnumótunarvinnu og framtíðarsýn fyrir Borgarbókasafnið, sem er stór hluti af starfi mínu sem borgarbókavörður. Mannauðshluti námsins, þ.e. það sem snýr að stjórnun mannauðs, hefur einnig verið afar gagnlegur og viðskiptatengingin sem var þá og er mjög sterk í náminu hefur nýst feikivel. Í heild hefur námið nýst mér á margvíslegan hátt í daglegum störfum sem stjórnandi stærstu og mest sóttu menningarstofnunar Reykjavíkurborgar,“ segir Pálína.

### Dvöl á Bifröst dásamleg upplifun

„Ég valdi meistaranám í menningarstjórnun því það hentaði vel inn í það starf sem ég hef gegnt frá því ég var 28 ára, að vera forstöðumaður bókasafns. Ég taldi ekki að framhaldsnám í mínu fagi hentaði mér sem stjórnanda og tók því ákvörðun um að sækja um þetta nám þegar ég sá það auglýst. Valið stóð um að fara í opinbera stjórnsýslu eða þetta og ég valdi menningarstjórnunina kannski vegna þess að mér fannst og finnst enn menningarfræðin afar spennandi. Námið sjálft reyndist það líka enda hitti ég fyrir á Bifröst ólíkan hóp fólks sem lagði stund á þetta nám og kynntist ótrúlega skemmtilegu fólki sem ég er svo að hitta fyrir á ný í gegnum starf mitt sem borgarbókavörður,“ segir Pálína.

Aðspurð um upplifun sína af náminu segir Pálína fyrirlestrana almennt hafa verið afar fræðandi og skemmtilega og að fimm vikna dvöl á Bifröst tvö sumur í röð hafi verið dásamleg upplifun sem staðið hafi algerlega undir væntingum. „Hópavinna hentar mér mjög vel og virkaði ágætlega í náminu og vinnuhelgarnar að vetri sömuleiðis,“ segir Pálína.

**„ Námið í menningarstjórnun nýtist vel í alls konar verkefni bæði hvað varðar t.a.m. markaðssetningu og í ýmiss konar samstarfi. Upplifun af náminu var sú að það var mjög vel skipulagt og gaman að kynnast fólki sem kom úr ólíkum greinum atvinnulífsins og gat miðlað þaðan sinni reynslu og kennt öðrum.**

Anna Leif Elídóttir, MA í menningarstjórnun, listakona og verkefnastjóri





**„ Þó að hluti af mínu námi hafi verið í fjarnámi þá upplifði ég mig aldrei sem kennitölu heldur alltaf sem einstakling sem var að takast á við námsefnið. Það var mér mjög mikilvægt og skapaði traust sem gerði það m.a. að verkum að maður lærði að vinna í hóp þar sem allir eru á jafnaðargrundvelli.**

Agnar Jón Egilsson, MA í menningarstjórnun, leikari og leikstjóri

# Nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði MBL

## Hagnýtt nám opið öllum þeim sem lokið hafa grunnháskólagráðu.

Nú á vorönn fór af stað nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði, MBL (Master of Business Law) sem er eina nám sinnar tegundar á Íslandi. Um er að ræða hagnýtt og krefjandi nám opið öllum þeim sem lokið hafa grunnháskólagráðu. Námið inniheldur námskeið á sviðum lögfræði og viðskiptafræði og er meginmarkmið þess að undirbúa nemendur fyrir fjölbreytt störf í viðskiptalífinu.

Námið er t.a.m. tilvalið fyrir stjórnendur og er einnig sérlega góður kostur fyrir þá sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði. Val er um tvær áherslur í meistaranámi í viðskiptalögfræði, annars vegar MBL gráðu og hins vegar ML gráðu. ML gráða, auk grunnnáms í lögfræði, er viðurkennt fullnaðarpróf í lögfræði og geta nemendur sem lokið hafa prófi setið námskeið til öflunar lögmannsréttinda.

Allt meistaranám í lögfræði er kennt í fjarnámi og er unnt að ljúka náminu á þremur önnum án ritgerðar eða fjórum með meistararitgerð. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem honum hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.



Unnar Steinn Bjarndal, hæstaréttarlögmaður og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.

„Í viðskiptalögfræði fléttast saman tvær hagnýtar námsgreinar þannig að úr verður fjölbreytt og krefjandi nám. Mikil eftirspurn er eftir öflugum lögfræðingum sem skilja og þekkja þarfir atvinnulífsins. Í viðskiptalögfræði er meginhersla lögð á kjarnagreinar lögfræðinnar en jafnframt þær greinar viðskiptafræðinnar sem tengjast rekstri og fjármálum,“ segir Unnar Steinn Bjarndal hæstaréttarlögmaður og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.




Námið er til að mynda tilvalið fyrir stjórnendur og er einnig sérlega góður kostur fyrir þá sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði.

## Í fararbroddi í fjarnámi

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi á Íslandi og er allt meistaranám við háskólann í boði í fjarnámi. Það er því kjörið fyrir þá sem vilja stunda nám samhliða vinnu.

Fjarnámið er þannig uppbyggt að nemendur fá einn til tvo fyrirlestra á rafrænu formi í hverri viku þar sem kennari kynnir og fjallar um efni vikunnar.

Þá eru reglulega lögð fram verkefni í námsefninu og nemendur sækja umræðu- og verkefnatíma með kennurum á vinnuhelgum á Bifröst.

Vinnuhelgar eru mikilvægur liður í því styrkja tengslanet kennara og nemenda.



» Allt meistaranám við háskólann er í boði í fjarnámi.

” Meistaranám í viðskiptalögfræði veitir nemendum tækifæri til að hasla sér völl á vettvangi réttarvörslunnar auk starfa á mörgum sviðum atvinnulífsins.

Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður og dósent við lagadeild



” Háskólinn á Bifröst er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni lagadeilda, LawWithoutWalls, og hefur nemendum okkar m.a. verið hrósað fyrir vandvirkni og að vera fljótir að tileinka sér ný vinnubrögð. Þetta staðfestir að kennsluaðferðir okkar eru árangursríkar og að nemendur okkar búi að breiðum grunni.



Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor við lagadeild og doktorsnemi við Fordham-háskóla




Spennandi og framsækið meistaranám á Bifröst

Styrktu stöðu þína til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

- Alþjóðaviðskipti – MS / MIB
- Forysta og stjórnun – MS / MLM
- Markaðsfræði - MS / MMM
- Lögfræði - MBL / ML
- Menningarstjórnun – MA / MCM

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir


hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Smíðaði fermingargjöfina

## Kormák Rögnvaldsson langaði að gefa frænku sinni persónulega fermingargjöf og smíðaði handa henni silfurhring með grænum steini

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Mér datt þetta í hug af því að mig langar til að verða gullsmiður. Vinur hans pabba, Kjartan Örn, er með gullsmíðaverkstæðið Orr og ég fékk að smíða hringinn hjá honum. Hann hjálpaði mér,“ segir Kormákur Rögnvaldsson, þrettán ára þúsundþjalasmiður en hann smíðaði silfurhring handa Helgu Guðrúnu, æskuvinkonu sinni og frænku, í fermingargjöf.

„Hún er þremur mánuðum og tuttugu og sjö dögum eldri en ég,“ segir hann en þau hafa verið góðir vinir frá því þau fæddust.

Hringurinn kom Helgu skemmtilega á óvart. „Hann er mjög flottur. Ég var með hann í fermingarveislunni,“ segir hún og viðurkennir að þetta setji örlitla pressu á hana að finna sniðuga gjöf handa Kormáki þegar hann fermist á næsta ári. „Jú, en annars reynum við alltaf að gefa hvort öðru spes afmælis- og jólagjafir, þannig að ég er alveg farin að spá í hans gjöf,“ segir Helga.

En hvernig gekk silfursmíðin fyrir sig?

„Við vorum þrjá klukkutíma að smíða hringinn. Kjartan þurfti stundum að afgreiða viðskiptavini og þá beið ég bara á meðan. Ég var ekki alveg búinn að ákveða hvernig hringurinn átti að vera þegar við byrjuðum,“ segir Kormákur. Hringurinn hafi smám saman tekið á sig mynd þegar þeir hófust handa.

„Við byrjuðum á að saga tvo búta af silfri, svo beygðum við þá í 90 gráður og bræddum saman. Við notuðum sög og tangir, eina sem beygði í horn og aðra sem gerði þetta að hring eða gíg. Steinninn fór ofan í og svo hömruðum við það utan um steininn. Svo notaði ég pússvél til að pússa hringinn,“ útskýrir Kormákur og segist hafa skemmt sér vel á verkstæðinu.

„Þetta var rosalega gaman. Það var ekki langt síðan ég ákvað að verða gullsmiður en ég skoða mikið hringa og skartgripi í búðum. Ég hafði ekki prófað að smíða svona áður, hafði bara prófað að smíða tréhring í smíði í skólanum þegar ég var lítill,“ bætir hann við og segist farinn að teikna upp hugmyndir að fleiri skartgripum sem hann langar að smíða. Í framtíðinni stefni hann jafnvel á hönnun eða annað skapandi nám.

„Smíði og textílmennt eru skemmtilegustu fögin í skólanum. Ég hef saumað eina peysu sem amma hjálpaði mér við. Mig langar að fara í VMA sem er eini verklegi skólinn á Akureyri en þar er listnámsbraut,“ segir Kormákur. Annars snúast áhugamálin um lestur góðra bóka. „Ég les mest fantasíur.“



Kormákur Rögnvaldsson fékk þá sniðugu hugmynd að smíða hring í fermingargjöf handa æskuvinkonu sinni og frænku.

> „Þetta var rosalega gaman. Það var ekki langt síðan ég ákvað að verða gullsmiður en ég skoða mikið hringa og skartgripi í búðum. Ég hafði ekki prófað að smíða svona áður.“



Æskuvinirnir og frændsystkinin á fermingardag Helgu, sem var hæstánægð með gjöfina.



Útkoman var fallegur silfurhringur með grænum steini.




SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
TRI
VEE TIRE CO.
TAKE YOURSELF FURTHER
BEETELITE
NeoSHOT
CUBE ATTAIN
Verð frá 119.990kr
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00
RolfPRIMA




Ítalska tónskáldið og píanóleikarinn Ludovico Einaudi heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni í Eldborgarsal Hörpu þann 17.júlí.

Einaudi leikur úrval verka af nýjustu plötu sinni „Elements" auk fjölda annarra verka frá hans magnaða ferli.

Elements inniheldur tólf hljóðverk þar sem leikið er á píanó, slagverk, gítar, strengja- og rafhljóðfæri.

Verkin eru innblásin af frumþáttum náttúrunnar, stærðfræði og vísinda, ólíkum tónlistarstefnum og lista verkum.

Töfrandi hljómaveisla sem enginn tónlistarunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.

HARPA

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA NÚNA Á TIX.IS, MIÐASÖLU HÖRPU EÐA Í SÍMA 528 5050

PROVENTS tix.is

17.07.17






Taktu frá kvöld í heimaspa og skrúbbaðu af þér vetrardrungann.

# Tími til að hressa upp á útlitið

**Margir tala um að endurfæðast á vorin. Gróðurinn lifnar við og mannfólkið skríður út úr vetrarhíðinu. Þá grípur marga óstjórnleg löngun til að fríska upp á útlitið.**



Hér eru fimm hlutir sem þú ættir að láta eftir þér með hækkandi sól.

1. **Farðu í klippingu og litun**
Það getur verið freistandi að taka vel af hárinu eftir vetrardrungann og um að gera að láta það eftir sér. Sumum nægir þó að snyrta endana til að öðlast hressara yfirbragð. Eins er um að gera að lýsa hárið, sérstaklega við andlitið. Það er alger óþarfi að bíða eftir náttúrulegum sólarstrípum sem koma í fyrsta lagi fram með haustinu.

2. **Útbúðu þitt eigið spa**
Taktu frá kvöld fyrir sjálfa/n þig. Láttu renna í freyðibað, settu á þig andlitsmaska og djúpnæringu í hárið. Berðu á þig ilmandi krem á eftir og þú verður eins og ný/nýr.

3. **Taktu fataskápinn í gegn**
Nú er tími til að setja vetrarflíkurnar ofan í kassa og losa sig við það sem hefur staðið óhreyft svo mánuðum og árum skiptir. Þá skapast líka pláss fyrir eitthvað nýtt en fátt er jafn skemmtilegt og að fá sér nýja sumarflík.

4. **Bættu við þig litum**
Nú má setja svarta gallann á ís og draga fram eitthvað litríkara. Pastellitir verða áberandi í sumar og sömuleiðis djarfar rendur í öllum regnbogans litum.

5. **Frískaðu upp á málninguna**
Þung augnmálning og dökkir varalitir tilheyra vetrinum. Yfir sumartímann ætti frekar að velja ljósari litatóna og um að gera að verða sér úti um eins og eitt ljómapúður til að fá frísklegan glans í kinnarnar.



Pastellitir verða áberandi í sumar og sömuleiðis djarfar rendur í öllum regnbogans litum.

Nú er kominn tími til að skipta svörtu fötunum út fyrir eitthvað litríkara og léttara.



# Paris Jackson leikur í kvikmynd

Paris Jackson, nítján ára dóttir tónlistargoðsins Michaels Jackson, hefur landað sínu fyrsta kvikmyndahlutverki. Hún mun leika í kvikmynd með þeim Charlize Theron og Amöndu Seyfried. Þetta mun vera svört þriller-kómedía. Paris leikur unga stúlku, Peggy, sem lendir í óvæntum aðstæðum með glæpagengi í Mexíkó. Paris hefur áður fengið lítið gestahlutverk í einum þætti af Star sem sjónvarpsstöðin Fox sýnir. Í kjölfarið bauðst henni starf sem fyrirsæta hjá IMG Models í mars.

Paris Jackson mætti á Met-gala-hátíðina í New York ásamt frægu fólkinu í Hollywood um helgina. Tímaritið Vanity Fair hefur gengið svo langt að kalla hana nýjustu stjörnuna.

Hún skreytti nýlega forsíðu tímaritsins Rolling Stone. Í viðtali við blaðið greindi hún frá eigin lífi og þótti opinská og heiðarleg. Meðal annars sagði hún frá kynferðislegri misnotkun sem hún varð fyrir fjórtán ára. Þá hefur hún komið fram sem gestur í þættinum Ellen. Það má líklegt teljast að eftir þessari stúlku verði tekið á næstunni.



# Hafnaði hlutverki í Dagbók Önnu Frank

Leikkonan og UNICEF-sendiherrann Audrey Hepburn hefði orðið 88 ára í dag en hún lést árið 1993. Hepburn fæddist í Belgíu 1929 og bjó ásamt móður sinni í Hollandi þegar nasistar réðust inn í landið. Hún upplifði hörmungar heimsstyrjaldarinnar og sagði síðar að hún skildi vel hvaða þýðingu UNICEF hefði fyrir börn, hún hafði sjálf þurft á aðstoð hjálparsamtaka að halda. Sextán ára vann hún sem sjálfboðaliði á sjúkrahúsi í Hollandi sem annaðist særða hermenn. Árið 1959 hafnaði hún hlutverki í kvikmynd eftir dagbók Önnu Frank þar sem hún treysti sér ekki til að endurupplifa hrylling stríðsins.

# Fínar tásur fyrir sumarið

Nú þegar sumarið er handan við hornið er tilvalið að fara í fótsnyrtingu svo tásurnar skarti sínu fegursta í sandölum eða opnum skóm. Þessa dagana eru svokallaðar french-neglur mjög vinsælar en þá er glært gel sett á táneglurnar til að slétta þær eða lengja og ljós rönd við brúnina. Þetta útlit er mjög náttúrulegt og fallegt og kemur vel út í opnum skóm. Svo er alltaf smart að lakka táneglurnar í fallegum litum og yfir sumarið eiga sterkir litir vel við. Í sumar eru í raun allir litir í tísku en þó eru sterkir litir í djúpum tónum mest áberandi. Ljósblár, gulur, grænn, ljósappelsínugulur og ljósbleikur eru nýjustu litirnir frá stóru tískuhúsunum sem gaman er að prófa en einnig koma ljósir litir með perluáferð líka sterkir inn.


Núna er rétti tíminn til að huga að fótsnyrtingu.




50 ára afmælis tilboð

JSB fyrir þig í 50 ár!

*Frábær afmælistilboð í ræktina*

**Mótun BM**

**Síðustu námskeið fyrir sumarfrí hefjast 8/5 - 3/6**
**Verð 12.200 kr. með 30% afmælisafslætti.**

Í Mótun BM er aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir allan líkamann. Hentar öllum aldurshópum.

Mán. og mið. kl. 16:50. Þri. og fim. kl. 16:50

**Fit form (60+)**

**Síðustu námskeið fyrir sumarfrí hefjast 8/5 - 3/6**
**Verð 12.200 kr. með 30% afmælisafslætti.**

Markviss þjálfun og hentar vel konum sem vilja lokaða tíma.
Þinn hópur - þinn þjálfari!

mán. og mið. kl. 9:30. Þri. og fim. kl. 9:30

**Opna kerfið og tækjasalur**

**Sérstakt afmælistilboð í ræktina!**
**Sumarkort á 30% afslætti, 19.900 kr.**

Gildistími 2. maí - 30. júní.
Mikið úrval af frábærum tímum í opna kerfinu .
Sjá stundatöflu á www.jsb.is

**Hraðlestin**

**Námskeið hefst 22. maí**
**2 vikna námskeið - 5 x í viku. Verð 10.900 kr.**

Matseðill fyrir allt tímabilið
Fjölbreyttir, krefjandi og hvetjandi tímar
Vigtað í upphafi og enda hvorrar viku.

**Innritun er hafin í síma 581 3730**

*Velkomin í okkar hóp!*

50 ára LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Bílar & Farartæki


MB bílar



**GÓÐUR BÍLL!**
VW Tiguan track field. Árgerð 2008, ekinn 149 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.110913.



**FLOTTUR BÍLL.**
MMC Pajero. Árgerð 2007, ekinn 168 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.101520.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
TOYOTA Land Cruiser 120 GX. Árgerð 2004, ekinn 292 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.159399.



**100% LÁN**
BMW X5 3.0i . Árgerð 2006, ekinn 206 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.



**100% LÁN**
SKODA Fabia 1.2 TSI. Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.136038.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.380.000. Rnr.136020.



**100% LÁN**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.162478.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**




SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


### Bílar til sölu

Toyota Avensis árg 2000 Ek. 165þús. Þarfnast lagfæringar. V. 250 þús. Uppl. í s. 8458168

### Hjólbarðar


VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

**www.stra.is**

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Garðyrkja

Garðsláttur, felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**

**CLEANING AND ASSISTANCE IN BAKERY**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf. Framtíðarstarf/sumarstarf.

Bakery in Kópavogi want to hire hardworking and good people for cleaning and assistance. Must have drivers license. Working hour Monday-Friday 9-17. Future work / summer work. Please send application to: kokuhornid@kokuhornid.is

**Áhugasamir sendi umsókn á: kokuhornid@kokuhornid.is**

VÍSIR

Vísir hf óskar eftir að fastráða háseta á Sighvat Gk 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar í síma 856-5770 eða á heimasíðu Vísis www.visirhf.is.

## Viðskiptatækifæri

**SNYRTISTOFAN SYSTRASEL ER TIL SÖLU.**
Stofan er mjög vel staðsett á höfuðborgarsvæðinu og er með mjög góðan viðskiptamannahóp. Húsnæðið sem fyrirtækið leigir er 147 fm og vel búið.
**Nánari upplýsingar veitir Sigurður hjá Landmark í síma 512-4900**







# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




























Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins Árnes.**

Kynnt er lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem fyrirhugað er að stækka íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis, fella út leikskólalóð norðan Skólabrautar, stækka svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins) auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að endurskoðun á eftirfarandi aðalskipulagi:**

**2. Aðalskipulag Flóahrepps 2016-2028. Heildarendurskoðun aðalskipulags.**

Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Flóahrepps. Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Flóahrepp árið 2006, þ.e. Hraungerðishrepp, Gaulverjabæjarhrepp og Villingaholt-shrepp, en með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins. Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulagsins var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 22. febrúar sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við einstaka hagsmunaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins. Tillagan er hér lögð fram til kynningar áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

**3. Lýsing deiliskipulags fyrir frístundahúsalóð í landi Jaðars í Hrunamannahreppi.**

Kynnt er lýsing deiliskipulags fyrir 3,2 ha lóð í landi Jaðars í Hrunamannahreppi þar sem fyrirhugað er að reisa frístundahús ásamt gestahúsi. Skipulagssvæðið er um 1,5 km austan við Gullfoss, framan við Hádegishæðir. Aðkoma að lóðinni verður um afréttarveg sem tekur við af Tungufellsvegi nr. 349.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**4. Deiliskipulag fyrir íbúðarhús og aðstöðhús á 93,8 ha spildu úr landi Auðsholts 2 í Hrunamannahreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulag fyrir íbúðarhús og aðstöðuhús á spildu sem heitir Auðsholt 2, Selholt 1 lnr. 217497. Landið er í heild 93,8 ha og eru afmarkaðir tveir byggingarreitir á holti í landinu. Landið er austan við bæjartorfu Auðsholts með aðkomu frá þjóðvegi nr. 340.

**5. Deiliskipulag fyrir smáhýsi til útleigu í land Eyvíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem felur í sér afmörkun 1 ha byggingarreits í landi Eyvíkur rétt sunnan við bæjartorfuna, þar sem heimilt verður að byggja allt að 5 smáhýsi til útleigu. Geta húsin verið á bilinu 20 – 60 fm að stærð.

**6. Deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst er tillaga að deliskipulagi sem nær til Minjastaðarins Stangar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og til svæðis við Gjána sem er aðeins austar. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að útbúa ramma yfir framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í til að bæta aðstöðu vegna aukins álags ferðamanna.

**7. Deiliskipulag fyrir Valhallarplan og Þingplan innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, Bláskógabyggð. Bílastæði og salerni.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til tveggja svæða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, Valhallarplan og Þingplan. Á báðum svæðum er afmörkuð lóð þar sem afmörkuð er bílastæði auk byggingarreits fyrir allt að 150 fm salernisbyggingu.

**8. Deiliskipulag fyrir Loftsstaði-Eystri (lnr. 165472) í Flóahreppi. Íbúðarhúsa- og frístundahúsalóðir, endurauglýsing.**

Auglýst að nýju tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 10 ha svæðis úr jörðinni Loftsstaðir-Eystri í Flóahreppi, Sunnan Villingaholtsvegar. Í tillögunni eru afmarkaðar sex 1,27 ha lóðir og er á þremur þeirra gert ráð fyrir íbúðarhúsum auk minniháttar atvinnustarfsemi (hugsanlega lögbýli) og á þremur verður heimilt að reisa frístundahús og fjölnotahús. Ennfremur er gert ráð fyrir 2 ha sameiginlegu svæði. Tillagan var upphaflega auglýst þann 25. janúar 2015 með athugasemdafresti til 7. ágúst s.á. en hlaut ekki formlega gildi og er hún því auglýst að nýju með minniháttar breytingu á byggingarreitum auk þess sem bætt hefur verið við ákvæðum er varða fornminjar.

**9. Breyting á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar. Um er að ræða ýmsar breytingar víða um virkjanasvæðið sem varða m.a. stærðir lóða og afmörkun vinnubúðasvæða, legu jarðstrengs, afmörkun og efnismagni náma og efnislosunarsvæða, legu vega innan svæðis, stærð byggingarreita, legu og gerð frárennslisskurðar o.fl. Þá er einnig afmörkuð lóð fyrir þjónustuhús (salerni) við hjálparfoss.

**10. Breyting á deiliskipulagi við Hótel Geysi og Geysisstofu í Bláskógabyggð.**

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hótel Geysi og Geysisstofu. Í breytingunni felst að skipulagssvæðis stækkar til suðausturs yfir Beiná þar sem gert verður ráð fyrir 3 nýjum íbúðarhúsalóðum sem eru á bilinu 1,4 - 1,6 ha að stærð.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórna varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

**11. Deiliskipulag fyrir alifuglahús í landi Miklholtshellis í Flóahreppi.**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 12. apríl 2017 tillögu að deiliskipulagi alifuglahúss í landi Miklholtshellis. Tillagan var auglýst 12. janúar 2017, ásamt umhverfisskýrslu, með athugasemdafresti til 24. febrúar. Athugasemd barst en að mati sveitarstjórnar gaf hún ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni **http://www.sbf.is.**

Skipulagstillögur 1 - 3 er í kynningu frá 4. til 17. maí 2017 en tillögur 4 - 10 frá 4. maí til 16. júní. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1 - 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 17. maí en 16. júní fyrir tillögur 4 - 10. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@utu.is***







EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Þrastarhöfði 55, 270 Mosfellsbær




Fallegt 302,9 fm einbýli á góðum stað í Mosfellsbæ. Húsið stendur rétt hjá golfvellinum. Húsið skiptist m.a. í stofu/eldhús, 6 herbergi, tvö baðherbergi og fl. Tveir inngangar á neðri hæð. Húsið er óklárað að utan og lóð ófrágengin. Húsið er laust við kaupsamning. **LYKLAR Á SKRIFSTOFU.** **Opið hús fimmtud. 4. maí milli 17:15 og 17:45.**
**Einnig er hægt að bóka skoðun hjá: H. Daði Hafþórsson aðst.m. fast. s: 824 9096 og Gunnar J Gunnarsson lögg.fast. í síma 527-2747. V. 96 m.**

## Sörlaskjól 94, 107 Reykjavík




Falleg útsýnisíbúð á 1. hæð ásamt bílskúr við Sörlaskjól. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað að utan. Eignin er skráð í heild 134,3 fm sem skiptist í íbúð 100,6 fm, geymslu 2,8 fm og bílskúr 25,1 fm. Tvær stofur og tvö herbergi. Íbúðin er laus við kaupsamning. LYKLAR Á SKRIFSTOFU. **Opið hús fimmtud. 4. maí milli 16:40 og 17:15.**
**Einnig er hægt að bóka skoðun hjá: Davíð Jónsson aðst.m. fast. s: 697 3080 eða Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s: 588 9090. V. 61,5 m.**

## Klukkurimi 73, 112 Reykjavík




2ja herbergja 67,8 fm íbúð á jarðhæð með stórum sérgarði. Sér inngangur. Sérgeymsla innan íbúðarinnar sem mætti nýta sem lítið herbergi. Íbúðin er laus við kaupsamning. LYKLAR Á SKRIFSTOFU.
**Opið hús fimmtud. 4. maí milli 16:30 og 17:00.**
**Einnig er hægt að bóka skoðun hjá: Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs., s: 899 1882 eða Daði Hafþórsson aðst.m. fast. s: 824-9096. V. 29,5 m.**

## Blesugróf 12, 108 Reykjavík



Eignamiðlun ehf kynnir eignina Blesugróf 12, Hús til niðurrifs á góðri 655 fm lóð. Samþykkt deiluskipulag heimilar nýtingarhlutfallið 0,4. Er því leyfi fyrir byggingu að stærð ca 262 fm á tveimur hæðum á lóðinni.
**Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson aðst.m. fast. s: 824 9096 og Gunnar J Gunnarsson lg. fs. s: 527 2747. V. 22 m.**

## Barmahlíð 35, 105 Reykjavík



3ja herbergja íbúð í kjallara ásamt bílskúr við Barmahlíð. Eignin er skráð 149,1 fm í heild og skiptist það í íbúð 78 fm, geymsla 2,4 fm, efri hæð í bílskúr 21,2 fm og geymsla undir bílskúr 47,6 fm.
**Nánari upplýsingar veita: Davíð Jónsson aðst.m. fast. s: 697 3080 eða Kjartan Hallgeirsson lg. fast. í síma 588-9090 eða kjartan@eignamidlun.is. V. 35,2 m.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

Kl. 8-11
**20%**
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNAR-STÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MAÍ 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.




**Frumherji**
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Stjarnan skellti sér á toppinn með sigri á KR í Garðabænum



**Ekkert gefið eftir** Það var fast tekist á þegar KR kom í heimsókn í Garðabæinn. KR-stúlkur urðu að sætta sig við að fara stigalausar aftur í Vesturbæinn en liðið er enn án stiga. Íslandsmeistarar Stjörnunnar eru aftur á móti komnir á kunnuglegar slóðir eða í toppsætið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Nýjast

**Meistaradeild undanúrslit**

**Mónakó - Juventus 0-2**
0-1 Gonzalo Higuain (29.), 0-2 Gonzalo Higuain (59.).

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Valur - ÍBV 4-0**
1-0 Elín Metta Jensen (70.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (74.), 3-0 Stefanía Ragnarsdóttir (84.), 4-0 Ariane Calderon (90.).

**Stjarnan - KR 2-0**
1-0 Ana Victoria Cate (65.), 2-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (87.).

**Grindavík - Haukar 2-1**
1-0 Lauren Brennan (1.), 2-0 Thaisa Moreno (71.), 2-1 Margrét Ástvaldsdóttir (75.).

Nýliðar Grindavíkur eru komnir á blað eftir sigur í nýliðaslagnum. Valur hristi líka af sér slenið eftir tap í fyrsta leik og Stjarnan fór á toppinn með fínum sigri á KR í hörkuleik í Garðabænum.

| **Efri** | | | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 6 | ÍBV | 3 |
| Þór/KA | 6 | **Neðri** | |
| Valur | 3 | FH | 3 |
| Breiðablik | 3 | Grindavík | 3 |
| Fylkir | 3 | KR | 0 |
| | | Haukar | 0 |

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | **Wells Fargo** | Golfstöðin |
| 19.00 | **Celta- Man. Utd** | Sport |
| 20.00 | **Pepsimörk kvenna** | Sport 2 |

**Olís- deild karla í handbolta:**

| | | |
|---|---|---|
| 20.30 | **Fram - Valur** | Framhús |

# Munar miklu um Aron

**Ísland mætir Makedóníu ytra í undankeppni EM 2018 í kvöld. Geir Sveinsson vill byggja á því sem vel gekk á HM í Frakklandi og koma Aroni Pálmarssyni inn í leikskipulag liðsins. Liðin mætast á ný hér á landi á sunnudag.**

**HANDBOLTI** Leikur Makedóníu og Íslands í undankeppni EM í handbolta á morgun er afar mikilvægur fyrir bæði lið. Ísland fór ekki nógu vel af stað í undankeppninni síðastliðið haust – vann Tékklandi á heimavelli í október með einu marki en tapaði fyrir Úkraínu með tveimur ytra nokkrum dögum síðar.

Geir Sveinsson sýndi þó á HM í Frakklandi í janúar að landsliðið hefur náð þó nokkrum framförum undir hans stjórn frá þeim leikjum. Ísland lék ágæta vörn á heimsmeistaramótinu og féll úr leik eftir hetjulega baráttu gegn verðandi heimsmeisturum og gestgjöfum Frakklands í Lille.

Leikurinn í Skopje á morgun verður fyrsti landsleikur strákanna okkar frá því á HM í Frakklandi og Geir fékk aðeins þrjár æfingar til að koma liðinu aftur saman og undirbúa það fyrir leikina gegn Makedóníu ytra á morgun og í Laugardalshöllinni á sunnudag.

### Þurfum sex stig

„Fyrir utan meiðsli Arons Rafns [Eðvarðssonar] og innkomu Stephans [Nielsen] í hans stað er allir í hópnum klárir í slaginn," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær en íslenski landsliðshópurinn var þá nýkominn til Skopje í Makedóníu.

Það er dýrt að missa af stórmótum í handbolta og getur verið erfitt að koma sér þangað inn aftur, eins og mörg lið hafa fengið að kynnast í gegnum tíðina. Íslendingum hefur þó gengið vel að halda sér inni á stórmótunum undanfarin ár en ljóst er að það þarf helst að fá eitthvað úr leiknum á morgun til að halda möguleikum Íslands góðum.

„Við vitum að það þarf átta stig til að komast áfram og við erum með tvö stig. Við höfum nú fjóra leiki til að ná í sex stig til viðbótar og því fyrr sem við gerum það, því betra," segir Geir.

Hann stefnir vitanlega á sigur, líkt og fyrir alla leiki. „Það breytist aldrei en við erum nú að fara að spila á erfiðum útivelli og það gerir þetta verkefni bara skemmtilegra fyrir vikið," segir hann.

### Finna taktinn aftur

Geir vill byggja á því sem gekk vel í Frakklandi og fá meira út úr sóknarleiknum. Innkoma Arons Pálmarssonar, sem missti af HM í Frakklandi vegna meiðsla, gæti þar skipt sköpum.

„Það er ekki sjálfgefið að að varnarleikurinn smelli aftur eins og hann gerði í Frakklandi og við erum að vinna í því að ná taktinum aftur. Samhliða því erum við að koma Aroni inn í það sem við viljum gera," segir Geir.

Aron spilaði glimrandi vel með liði sínu, Veszprem, gegn Montpellier í 8-liða úrslitum Meistaradeildarinnar og tekur því enn eitt árið þátt í úrslitahelginni í Köln í vor.

„Hann hefur unnið vel í sínum málum og er greinilega að koma sterkari til baka eftir meiðslin. Hann styrkir okkur mikið og myndi styrkja hvaða lið sem er – eins og sýndi sig þegar hann byrjaði að spila með Veszprem aftur."

### Nýr þjálfari

Í hinni skyttustöðunni var Rúnar Kárason í aðalhlutverki í Frakklandi en þess má geta að hann var markahæstur í liði Íslands þegar strákarnir léku gegn Makedóníu í riðlakeppninni. Hann skoraði sjö mörk en strákarnir urðu að sætta sig við jafntefli, 27-27, eftir svekkjandi lokamínútur.

„Það þýðir ekkert fyrir mig að hafa áhyggjur af svona löguðu. Rúnar kemur örugglega hungraður inn í þetta verkefni og staðráðinn í að eiga góðan leik."

Makedónía mætir til leiks með nýjan þjálfara en Lino Cervar hætti með liðið eftir mótið í Frakklandi og tók aftur við liði Króatíu, sem hann þjálfaði frá 2002 til 2010.

„Auðvitað fylgja nýjar áherslur nýjum þjálfara en hann hefur, rétt eins og við, haft lítinn tíma til að undirbúa liðið fyrir þennan leik. Við þurfum að átta okkur á því hvort og hvaða breytingar hann hefur gert á liðinu en vonandi tekst okkur að bregðast við því."

Leikurinn í Makedóníu hefst klukkan 16.00 í kvöld.

eirikur@frettabladid.is

### Strákarnir okkar hafa staðið sig vel í vorprófunum í undankeppni EM síðustu ár

Íslenska karlalandsliðið spilar á næstu fjórum dögum tvo afar mikilvæga leiki við Makedóníu í undankeppni EM 2018. Þetta er í fimmta sinn sem undankeppni EM er með þessum hætti og íslenska liðinu hefur gengið vel í vorleikjum undankeppninnar.

Ísland hefur unnið sex af átta leikjum sínum á þessum tíma í undankeppnum EM 2010 til 2016 og aðeins tapað einu sinni – útileik í Þýskalandi.

Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson hefur líka verið sjóðheitur í þessum leikjum, markahæstur í sex þeirra og alls með 9,3 mörk að meðaltali í þeim sjö leikjum sem hann hefur spilað af þessum átta.

Þetta góða gengi í vorprófunum lagði grunninn að því að íslenska landsliðið hefur tryggt sér sæti á öllum þessum Evrópumótum.



**Vorpróf íslenska handboltalandsliðsins:**

**Undankeppni EM 2010 – Vorleikir (mars 2009)**
29-26 útisigur á Makedóníu (Guðjón Valur 9)
38-24 heimasigur á Eistlandi (Guðjón Valur 7)

**Undankeppni EM 2012 – Vorleikir (mars 2011)**
36-31 heimasigur á Þýskalandi (Guðjón Valur 12)
28-39 tap á útivelli fyrir Þýskalandi

**Undankeppni EM 2014 – Vorleikir (apríl 2013)**
29-28 útisigur á Slóveníu (Guðjón Valur 9)
35-34 heimasigur á Slóveníu (Guðjón 13)

**Undankeppni EM 2016 – Vorleikir (apríl og maí 2015)**
38-22 heimasigur á Serbíu (Guðjón 12)
25-25 jafntefli á útivelli við Serbíu

**Undankeppni EM 2018 – Vorleikir (maí 2017)**
Útileikur í Makedóníu (Í kvöld)
Heimaleikur við Makedóníu (7. maí klukkan 19.45)

**Samantekt á vorleikjum Íslands:**

**8** leikir (6 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap) | **81%** stiga í húsi | **+29** í markatölu

# ÞÁ HEFST SUMARIÐ!




**Komdu út!**
Verð: 2.499.-




**Garðrækt**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Stóra garðabókin**
Verð: 2.999.-




**Garðyrkjutússpenni Lumocolor**
**VILDARVERÐ: 531.- (stk.)**
Verð: 759.- (stk.)




**Tómatahátíðin**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.699.-




**Risamylla útispil**
Verð: 1.999.-




**Götukrítar (15 stk.)**
Verð: 499.-



**Gripkarfa með bolta (sett)**
Verð: 749.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 7. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




**Tilboðin gilda 4. - 7. maí 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-20%

**ANDABRINGUR**
FRANSKAR
**2.398 KR/KG**
ÁÐUR: 2.998 KR/KG

**LAMBALÆRI**
FERSKT
**1.199 KR/KG**
ÁÐUR: 1.598 KR/KG

-25%

-29%

**SVÍNASNITSEL**
FERSKT MEÐ RASPI
**1.490 KR/KG**
ÁÐUR: 2.098 KR/KG

-40%

**LAMBABÓGSSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.099 KR/KG**
ÁÐUR: 3.498 KR/KG

GOÐI

sistema
STORAGE

**SISTEMA NESTISKUBBUR**
ÞRÍSKIPTUR Í LIT/GLÆR 1.4 L
**699 KR/STK**
ÁÐUR: 989 KR/STK

-29%

**NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML**
MANGO /PASSION **259 KR/STK**
STRAWBERRY /WATERMELON **259 KR/STK**

**ÓDÝRT SÚKKULAÐIKEX**
2X250 GR.
**419 KR/PK**

ÓDÝRT Í nettó

**ÓDÝRT MATARKEX**
2X250 GR.
**299 KR/PK**

**ÓDÝRT MJÓLKURKEX**
500 GR.
**299 KR/PK**

*Góðir ávaxtadrykkir*

**GÚMMÍ HAMBORGARAR**
FRÁ TROLLI. 50 GR.
**199 KR/PK**

**CAPRI SONNE**
ÁVAXTADRYKKUR 330 ML
- 4 TEGUNDUR
**159 KR/STK**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Erna Einarsdóttir**
Norðurvangi 4, Hafnarfirði,

sem lést á kvenlækningadeild Landspítalans 30. apríl verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 8. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líf, styrktarfélag (www.gefdulif.is/).

**Guðmundur Eiríkur Jónmundsson**
**Björk Ragnarsdóttir** **Jón Páll Haraldsson**
**Arnþór Ragnarsson** **Bryndís Ragnarsdóttir**
**Jónmundur Gunnar Guðmundsson Lilja Björk Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær frænka okkar,

**Ragna K. Jóhannsdóttir**
frá Lárusarhúsi, Hellissandi,
Hringbraut 71, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 28. apríl.

**Vilborg Sverrisdóttir**
**Lára Sverrisdóttir Borthne**
**Bryndís Lúðvíksdóttir**
**Guðmundur Ingvi Sverrisson**
**Valdimar Örn Sverrisson**
**Þórður Sverrisson**
**Aðalsteinn Sverrisson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Margrét Guðmundsdóttir**
Lindarbraut 10, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítala, Fossvogi, miðvikudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. maí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Auður Pétursdóttir**
**Jóhann Pétursson** **Margrét Lilja Magnúsdóttir**
**Brynja Pétursdóttir**
**Baldvin Búi Wernersson**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Stella Þórdís Guðjónsdóttir**
Sólheimum 32, Reykjavík,

andaðist á hjartadeild Landspítalans þann 2. maí.

**Ómar Sigurðsson** **Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Bára Sigurðardóttir** **Kristján O. Þorgeirsson**
**Erla Sigurðardóttir** **Jón Arnar Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Björn Ottósson**
Hvannahlíð 8, 550 Sauðárkróki,

lést 26. apríl að heimili sínu. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju 6. maí klukkan 14.00.

**Sigríður Gísladóttir**
**Ragnhildur Sigrún Björnsd.** **Ólafur Stefánsson**
**Anna Birna Björnsdóttir** **Egill Birkir Sigurðsson**
**Davíð Þór Björnsson** **Margrét Rósa Haraldsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Húllumhæ í Keili í dag

Keilir er tíu ára í dag. Opið hús verður í Andrews Theater á Ásbrú með dagskrá og léttum veitingum þar sem forseti vor, Valdimar og fleiri höfðingjar mæta.

Hér verður mikil hátíð og allir boðnir velkomnir," segir Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri Keilis – miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Ásbrú í Reykjanesbæ. Tilefni hátíðarinnar er tíu ára afmæli Keilis.

Hjálmar segir Keili meðal annars hafa verið ætlað það hlutverk í byrjun að efla menntunarstig á svæðinu eftir að þar varð mikið atvinnuleysi í kjölfar þess að Kaninn fór. „Þegar Keilir var stofnaður voru 12,8 prósent íbúa Reykjanesbæjar með háskólamenntun, nú eru þeir 28 prósent, væntanlega hefur Keilir haft þar eitthvað að segja. Fyrirtækið er nú að velta um einum milljarði á ári en það sem mestu skiptir er að um 3.000 nemendur hafa útskrifast héðan á þessum tíu árum," lýsir hann.

Keilir er í raun nokkrir skólar að sögn Hjálmars. Háskólabrúin er einn þátturinn og flugakademían annar. Hann nefnir líka ævintýraleiðsögn og einkaþjálfun, einnig tæknifræði sem kennd er í samvinnu við Háskóla Íslands sem er stærsti eigandi Keilis. Nýir kennsluhættir hafa verið innleiddir, svokallað vendinám sem gerir námið meira lifandi en ella og nemendur virkari.

Afmælishátíðin verður í Andrewsklúbbnum og hefst klukkan 15. „Forsetinn ætlar að heiðra okkur og Valdimar, sem er eiginlega hirðsöngvari Keilis, ætlar að syngja," segir Hjálmar. „Kristján Þór Júlíusson og Jón Atli háskólarektor verða með okkur og valinkunnur hópur ætlar að spá í næstu tíu ár hjá Keili. Svo eru léttar veitingar í boði."

**gun@frettabladid.is**



**„Hér er mikið og gott teymi sem vinnur saman," segir Hjálmar sem viðurkennir þó að vera titlaður framkvæmdastjóri.** MYND/ARNAR HAFSTEINSSON



✝

Okkar ástkæra systir, mágkona og frænka,

**Agnes Snorradóttir**

lést á líknardeild Landspítalans 29. apríl síðastliðinn. Útför fer fram þann 9. maí kl. 15.00 frá Vídalínskirkju í Garðabæ. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarfélögin Göngum saman og Bergmál.

**Guðrún J. Snorradóttir** **Ragnar B. Björnsson**
**Elísabeth Snorradóttir** **Finnbogi Helgason**
**Magnús Snorrason** **Þuríður Ebenezersdóttir**
**Sigurveig Sæmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar og systir,

**María Ingibjörg Guðjónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Fellsenda miðvikudaginn 12. apríl 2017. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir færum við starfsfólki á Fellsenda fyrir góða umönnun.

**Baldur Sigurðsson**
**Einir Guðjón Kristjánsson Normann**
**Grétar Már Guðjónsson**
**Sólveig Guðjónsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Einar Grétar Þórðarson**
rafræðingur,
Miðbraut 13, Seltjarnarnesi,

lést 30. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 5. maí kl. 17.00.

**Thelma Grímsdóttir**
**Jóhanna T. Einarsdóttir, Gunnar Þór Bjarnason**
**Grímur Einarsson, Heidrun Hoff**
**Bjarni Þór Gunnarsson, Marie Guilleray,**
**Evan Bjarnason Guilleray**
**Einar Gunnarsson, Jóhann Helgi Gunnarsson**
**Gréta Grímsdóttir Hoff, Freyja Grímsdóttir Hoff**



✝

Okkar ástkæri sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Þórir Þórarinsson**
bifreiðastjóri,
Laugavegi 76,

lést á líknardeild Landspítalans að kvöldi 29. apríl. Útförin auglýst síðar.

**Sigrún Svansdóttir**
**Þórey Svana Þórisdóttir** **Pétur Smári Tafjord**
**Guðrún Þórisdóttir** **Halldór Guðmundsson**
**Viljar Þór Halldórsson** **Þóra Þórarinsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Ragnarsdóttir**
sjúkraliði,
Melateigi 33, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 30. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 8. maí kl. 13.30.

**Þórir Steindórsson** **Birna Laufdal**
**Heiðrún Steindórsdóttir** **Hlöðver Steingrímsson**
**Marsibil Kristjánsdóttir**
**Anna R. Hermannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær ættmóðir okkar,

**Sesselja Engilráð Guðnadóttir Barðdal**
Árskógum 6, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 25. apríl. Við færum starfsfólki Grundar sérlegar þakkir fyrir fagmennsku, hlýju og vináttu. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 5. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ragnheiður Erlendsdóttir**
**Jón Arnar Barðdal** **Björk Björgvinsdóttir**
**Reynir Barðdal** **Helena J. Svavarsdóttir**
**Þórir Barðdal** **Sigrún Olsen**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**




Eiffel turn púsl 3D
Verð með afslætti: 3.449 kr.
Verð áður: 4.599 kr.

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SPILUM OG PÚSLUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

## 4. – 8. maí




**50% AFSLÁTTUR**
Jibber Jabber fjölskylduspil
Verð með afslætti: 1.999 kr.
Verð áður: 3.999 kr.




**80% AFSLÁTTUR**
Krakka Sprengjuspilið
Verð með afslætti: 999 kr.
Verð áður: 4.939 kr.




Basta
Verð með afslætti: 1.874 kr.
Verð áður: 2.499 kr.




Leynilíf gæludýranna púsl
Verð með afslætti: 1.784 kr.
Verð áður: 2.379 kr.




Frozen púsl 3D
Verð með afslætti: 1.499 kr.
Verð áður: 1.999 kr.




Make´n break
Verð með afslætti: 3.749 kr.
Verð áður: 4.999 kr.

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hæglætisveður víðast hvar, bjart og fallegt vorveður, en samt verður þokan viðloðandi strendur landsins. Hiti 13 til 20 stig að deginum, hlýjast inn til landsins.




| | Föstudagur | | | Laugardagur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| Hiti | 11° | 9° | 13° | 8° | 8° | 11° |
| Vindur | ↖ 1 | ↗ 3 | ↗ 1 | ↘ 3 | ↘ 2 | ↓ 3 |
| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
| Hiti | 16° | 13° | 6° | 12° | 12° | 8° |
| Vindur | ← 1 | ↖ 2 | ↗ 2 | ↓ 3 | ↖ 4 | ↘ 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**2.** land
**6.** rún
**8.** vefnaðarvara
**9.** kirna
**11.** tveir eins
**12.** óstilltur
**14.** rófa
**16.** pot
**17.** af
**18.** óðagot
**20.** pfn.
**21.** traðkaði

**LÓÐRÉTT**
**1.** lummó
**3.** stefna
**4.** trjátegund
**5.** eyrir
**7.** starfræksla
**10.** kusk
**13.** skarð
**15.** rótartauga
**16.** margsinnis
**19.** eldsneyti



**LÁRÉTT: 2.** Kúba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** ker, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT: 1.** púkó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.

## Skák Gunnar Björnsson

Joshua Doknas (2.123) átti leik gegn Peter Murray (2.235) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

**Svartur á leik**

**21...Hxb2! 22. Hd4??** (22. Hxb2 Dxb2 23. h3 með jafnteflismöguleikum). **22...Dxd4! 23. exd4 Hxc2 0-1.** Doknas var einn af 14 Kanadamönnum sem tóku þátt í Reykjavíkurskákmótinu og stóð sig vel eins og margir þeirra.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







NÓA

# VÆNTANLEGT!

## SUMARKROPPIÐ 2017

STÓRAR LÍKUR Á

# MEGA

SÆTU SUMRI




## Stoðkerfislausnir Heilsuborgar

Námskeiðið byggir á þjálfun undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Lögð er áhersla á rétta líkamsbeitingu og jafnvægi í stoðkerfinu. Þannig eykst styrkur og unnt er að halda verkjum í lágmarki. Markmiðið er að þátttakendur læri á sjálfa sig, finni eigin mörk, hvað þarf að leggja áherslu á og hvað þarf að varast.

Þátttakendur fá mat á eigin getu og ráðgjöf sjúkraþjálfara.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið er ætlað körlum og konum á öllum aldri sem kenna sér meins í stoðkerfi, hvort sem álag, sjúkdómar eða slys hafa valdið ójafnvægi.

**Hvenær:** Ný 6 vikna námskeið hefjast 8. og 9. maí, bæði grunn- og framhaldsnámskeið.

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

# Spennumynd með draugaívafi

## Lesendum Ég man þig rann kalt vatn milli skinns og hörunds í svæsnum köflum. Kvikmynd eftir sögunni er frumsýnd í kvöld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Óskar Þór Axelsson kvikmyndagerðarmaður hefur haft veg og vanda af tökum myndarinnar Ég man þig. Hann viðurkennir að finna fyrir talsverðum spenningi í þjóðfélaginu fyrir frumsýningunni í kvöld í Háskólabíói. Bæði hjá eldra fólk og yngra. „Yrsa á aðdáendur á öllum aldri og Ég man þig er ábyggilega hennar frægasta bók, bæði hér á landi og erlendis. Hún hefur fengið afbragðsgóða dóma alls staðar og það hefur hjálpað mikið til í öllu okkar ferli.“

Óskar Þór skrifaði handritið ásamt Ottó Geir Borg. „Í raun er um tvær aðskildar sögur að ræða sem tengjast þegar á líður. Haustið 2015 tókum við upp þá sögu sem gerist á Hesteyri. Fengum þokkalega ákjósanlegt veður, það snjóaði aðeins undir lokin en ef allt hefði verið á kafi í snjó hefði það verið bagalegt því auðvitað mega ekki vera spor neins staðar. Atriðin úr húsinu eru tekin í Grindavík. Þar þurftum við að bræða snjó af jörðinni með heitu vatni af því enginn snjór var í útitökunum fyrir vestan. Svo þökulögðum við götu beint fyrir framan húsið til að láta allt passa. Síðasta daginn vorum við á Árbæjarsafni, það var stóri snjóadagurinn þann veturinn, við vorum aðallega inni og tjölduðum yfir okkur úti. Þetta er partur af því að taka myndir á Íslandi.“





**Óskar Þór finnur fyrir spenningi í þjóðfélaginu fyrir nýju myndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar seinni helmingurinn var tekinn síðasta haust rigndi mikið, að sögn Óskars Þórs. „Það lúkkar alltaf vel í mynd og hér er um hráslagalegt efni að ræða, spennumynd með draugaívafi.“

Nú er Óskar Þór í miðjum tökum á sjónvarpsseríunni Stellu Blómkvist. „Það eru sex þættir og við erum búin með einn þriðja en áætlum að ljúka tökum um miðjan júní,“ lýsir hann. Skyldi höfundurinn vera í sambandi við hann? „Nei, hinn óþekkti höfundur er ekki í beinu sambandi við mig en hann hafði smá samskipti við framleiðendur þegar rétturinn var keyptur og einnig við handritshöfunda en það er allt í gegnum einhverja síu. Þetta er eins og að vera í njósnamynd og ég vil að það haldist. Þá geta allir haldið áfram að giska á hver höfundurinn er, það er gaman að því.“

# Ólíkar myndir, allar flottar

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Flytjendur:** Sæunn Þorsteinsdóttir og Angela Drăghicescu fluttu verk eftir Beethoven, Bolcom, Bartók, Martinů og Jón Nordal.
**Norðurljós í Hörpu sunnudaginn 30. apríl**

Eitt frægasta tónverk sögunnar er Myndir á sýningu eftir Mússorgskí. Þar er innblásturinn göngutúr um sýningarsal með tíu málverkum. Væntanlega er titill verks fyrir selló og píanó eftir Jón Nordal tilvísun í tónsmíð Mússorgskis, því verkið ber nafnið Myndir á þili. Það er töluvert smærra í sniðum, enda myndirnar bara fjórar. Þær heita allar ákveðnum nöfnum, sem vísa í ljóð íslenskra skálda.

Eins og flest annað eftir Jón er andinn þungbúinn og alvarlegur, en samt var í vandaðri túlkun Sæunnar Þorsteinsdóttur sellóleikara og Angelu Drăghicescu birta sem skapaði einstök áhrif. Annars vegar voru laglínur Sæunnar sérlega innilegar, hins vegar voru hljómar píanósins óvanalega fallega mótaðir, með skærum toppnótum. Þetta tvennt myndaði hlýlega stemningu sem eins og lýsti upp myrkrið í tónlistinni, gerði hana skýrari og athyglisverðari.

Tónleikarnir voru haldnir í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn var. Þeir samanstóðu af blandaðri dagskrá, og eitt af stóru verkunum var sónata op. 102 nr. 1 eftir Beethoven. Hún hófst á hægum inngangi sem



**Sæunn er frábær sellóleikari. Hún hefur unaðslegan tón og djarfan leikstíl, segir í dómnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

var afar hástemmdur í meðförum hljóðfæraleikaranna; þær gáfu sér mikinn tíma. Von bráðar byrjaði aftur á móti fjörlegri kafli sem var sömuleiðis ákaflega sannfærandi, snarpur og ákveðinn, rytmískur og lifandi. Í heild var sónatan stórbrotin og glæsileg.

Sæunn er frábær sellóleikari. Hún hefur unaðslegan tón og djarfan leikstíl. Stundum mátti greina örlitla ónákvæmni hér og þar, en þar sem túlkunin var ávallt svo markviss gerði það ekkert til. Angela Drăghicescu var mögnuð við píanóið, leikur hennar var nákvæmur en þróttmikill og einkenndist af fallegum áslætti.

Drăghicescu er rúmensk og á efnisskránni var frægt verk eftir Béla Bartók sem samanstendur af útsetningum rúmenskra þjóðdansa. Laglínurnar eru einkar safaríkar og hrynjandin spennandi; túlkunin á tónleikunum var full af smitandi gleði.

Capriccio eftir bandaríska samtímatónskáldið William Bolcom var líka skemmtilegt. Stíllinn var létt nýklassískur, þ.e. tónrænn en með fjölbreyttum tóntegundaskiptum. Þar kenndi ýmissa grasa, allt frá feneyskum gondólasöngvum til brasilísks tangós. Þetta var leiftrandi stuð og frábærlega spilað, í senn agað og ofsafengið, eins mótsagnakennt og það hljómar. Sömu sögu er að segja um Tilbrigði eftir Martinů við stef eftir Rossini, þar var hvergi dauður punktur.

Í lokin spiluðu þær stöllur aukalag sem ekki var kynnt. Fyrir þá sem ekki vissu var þetta hægi kaflinn úr sónötu fyrir selló og píanó eftir Rakhmanínoff. Hann var fluttur af ánægjulegri andakt, hljómarnir voru munúðarfullir og stefin himnesk. Það var fullkominn endir á tónleikunum.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórskemmtilegir tónleikar með vel samsettri dagskrá og glæstum hljóðfæraleik.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.


20%
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.795
RAFMAGNS TANNBURSTI
Braun Oral-B
50%
VERÐ ÁÐUR.....6.995
TILBOÐ ...........3.495
MEDISANA SNYRTISPEGILL 2 IN1
25%
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.495
iRobot
30%
RYKSUGU VÉLMENNI
ÞÚ SPARAR 15.000 KR.
VERÐ ÁÐUR.....49.995
TILBOÐ ...........34.995
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
PHILIPS DAGSLJÓSA VEKJARI
20%
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ .........10.395
DAEWOO ÖRBYLGJUOFN
25%
20 LÍTRA
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........7.495
OBH KAFFIVÉL GRAVITY
20%
Sýður vatnið
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........15.995
WUSTHOF HNÍFASETT
7 STK SETT
33%
VERÐ ÁÐUR...29.995
TILBOÐ .........19.995
24%
PHILIPS POWERLIFE ECO RANGE RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR.. 16.995
TILBOÐ ........ 12.995
WMF POTTASETT 6 STK
25%
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ .........29.995
PHILIPS Senseo
KAUPAUKI
2 Senseo glös og 8 gerðir af Senseo kaffi að verðmæti 5.250 kr. fylgir!
VERÐ
13.995
LE CREUSET
25% afsláttur af öllum Le Creuset vörum
ALLAR VIFTUR
30%
VERÐ FRÁ 2.495
SOUS VIDE TÆKI
FYRIR NÁKVÆMARI ELDUN
Melissa Sous Vide hitajafnari
VERÐ ÁÐUR...17.995
TILBOÐ .........14.995
Tefal TALENT POTTAR OG PÖNNUR
• Titanium húð • Engin skaðleg efni
• Virkar á allar hellur - einnig Span
20% ÖLL LÍNAN
GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ
GASGRILL
VERÐ FRÁ
59.995
Char-Broil
TRU-Infrared
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!
KITCHENAID BLANDARI CLASSIC
28%
VERÐ ÁÐUR...34.995
TILBOÐ .........24.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
40%
Allt að 42% minni fita
COMPACT 38sm² grillflötur
FULLT VERÐ.....13.995
KRINGLUKAST ...8.395
Russell Hobbs
Losanlegar plötur sem mega fara í uppþvottavél
FAMILY 51sm² grillflötur
FULLT VERÐ.......16.995
KRINGLUKAST .....9.995
ENTERTAINING 64sm² grillflötur
FULLT VERÐ.......18.995
KRINGLUKAST ...11.495



Jón Proppé sýningarstjóri við eina af sjálfsmyndum Louisu Matthíasdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allir brosandi út að eyrum á opnuninni

## Verk Louisu Matthíasdóttur myndlistarkonu prýða nú veggi Vestursalar Kjarvalsstaða á Klambratúni. Sýningin heitir Kyrrð og Jón Proppé er sýningarstjóri.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það var virkilega skemmtilegt verkefni að setja upp þessa sýningu. Verkin hennar Louisu höfða sterkt til fólks með sínum sterku formum og tæru litum enda var kraðak á opnuninni síðasta sunnudag. Allir voru brosandi út að eyrum, sýndist mér,“ segir Jón Proppé heimspekingur glaðlega, staddur á sýningunni Kyrrð á Kjarvalsstöðum. Það er yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur, bæði úr eigu safna og einstaklinga á Íslandi. Jón sá um að setja þau upp og þar má fá glögga yfirsýn yfir feril listakonunnar. Fyrstu myndirnar eru frá 1939.

Louisa væri 100 ára á þessu ári ef hún lifði, en hún lést aldamótaárið 2000. Hún fæddist í húsinu Höfða, sem nú er orðið friðarsetur, árið 1917 og hafði því vítt útsýni út um gluggana á æskuheimili sínu út á sundin blá og til fjallanna handan þeirra. Jón bendir á að eflaust gæti þess í verkum hennar. Hún hafi túlkað íslenskt landslag á einstakan hátt. Reykvískt borgarlíf, kyrralífsmyndir, uppstillingar og myndir af fjölskyldu Louisu og henni sjálfri eru einnig í salnum og nærri einu horninu er íslenskt sjávarþorp með snotrum húsum og snævi þöktum fjöllum í fjarska. Undir henni stendur nafnið Eskifjörður – í sviga. Við Jón erum svo heppin að hitta sýningargest sem kveðst hafa alist upp á Eskifirði og staðfestir að myndin sé þaðan, sum húsin standi enn.

> **ÞAÐ VAR MJÖG LOFSAMLEGA SKRIFAÐ UM HANA Í BLÖÐ VESTRA OG ÍSLENSK BLÖÐ BIRTU ÚTDRÆTTI ÚR ÞEIM UMSÖGNUM EN ENGAR MYNDIR.**

Louisa var aðeins 17 ára þegar hún fór út í heim í listnám, fyrst til Kaupmannahafnar og þaðan til Parísar. Eftir þriggja ára dvöl heima á Íslandi á stríðsárunum hélt hún í frekara nám til New York, þar kynntist hún bandarískum málara, Leland Bell, sem hún giftist og bjó með í Bandaríkjunum mestan hluta ævinnar. Jón segir hana hafa komið í heimsókn til föðurlandsins af og til og þá skissað mikið. En hversu þekkt er hún á alþjóðavísu?

Louisa var vel þekkt í Bandaríkjunum, enda hafði hún haldið margar sýningar þar áður en hún tók þátt í fyrstu samsýningu á Íslandi árið 1974. „Það var mjög lofsamlega skrifað um hana í blöð vestra og íslensk blöð birtu útdrætti úr þeim umsögnum en engar myndir.“

Leiðsögn verður um sýninguna Kyrrð alla föstudaga í þessum mánuði – á íslensku klukkan 12.30 og á ensku kl. 14.00.



Landslag með gulum himni 1989




**Kórstjóri óskast**

Karlakórinn Þrestir er að leita að kórstjóra til að taka við kórnum næsta haust. Leitað er að líflegum einstaklingi helst með reynslu af kórstjórn sem væri tilbúinn að móta og efla reynslumikinn kór.

Umsóknir sendist á Threstir@threstir.is
**Umsóknarfrestur er til 21.05.**

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

1912

# Sniðug og ljúf sveitasæla

**LEIKHÚS**

**Á eigin fótum**
★★★★☆

**Höfundar:** Leikhópurinn Miðnætti og Lost Watch Theatre Company
**Leikstjóri:** Agnes Wild
**Leikarar:** Nick Candy, Olivia Hirst, Rianna Dearden og Þorleifur Einarsson
**Höfundar tónlistar og tónlistarflutningur:** Sigrún Harðardóttir og Margrét Arnardóttir
**Leikmynd, búningar og brúðugerð:** Eva Björg Harðardóttir
**Ljósahönnuður:** Kjartan Darri Kristjánsson

Leikhópurinn Miðnætti og Lost Watch Theatre Company buðu leikhúsgestum, stórum sem smáum, upp í sveit síðastliðinn laugardag í slagtogi við brúðuna Ninnu litlu. Hún leggur af stað í ferðalag með föður sínum en eftir að hafa komið við á sveitabæ heldur hann áfram en hún verður eftir til að dvelja sumarlangt, henni til mikils ama.

Sýningin byggir nánast einungis á látbragðsleik krydduðum með örfáum orðum, sem eru reyndar nánast óþörf. Sagan er líka ofureinföld en öðlast líf í gegnum frumlegan brúðuleik leikhópanna, gríðargóða hönnun og fallega tónlist. Mismunandi brúðuhefðum er blandað saman en hóparnir sækja töluvert í japanskt Bunraku-leikhús þó með sínum eigin áherslum. Þessi nálgun krefst mikillar nákvæmni og þolinmæði af hálfu leikaranna en þrír einstaklingar stjórna brúðunni Ninnu sem þau gera virkilega vel.

Allar sviðshreyfingar eru mjúkar og taktfastar en kyrrðin leynir á sér því alltaf er eitthvað að gerast á sviðinu. Lítil smáatriði eins og kindurnar sem fjúka af fjallstindinum á meðan Ninna berst við óvæntan storm dýpka upplifunina. Á þessum augnablikum er deginum ljósara hversu hæfileikaríkur leikstjóri Agnes Wild getur verið. Öll verkefnaskipting er aflíðandi og virðist áreynslulítil en er í raun þaulskipulögð. Handritið er kannski einfalt en hópurinn treystir á töfra leikhússins til að halda framvindunni gangandi. Atriðið þar sem Ninna verður að hafa hljótt á meðan bóndinn á bænum hlustar á fréttirnar er einstaklega gott dæmi um hversu lifandi og frumleg þessi sýning verður á sínum bestu stundum.

Eva Björg Harðardóttir er hugvitið á bakvið heildarhönnunina og tekst að draga upp mjög fallega mynd af sveitalífinu og umlykjandi náttúru með einföldum áherslum. Pasteltónar einkenna búningahönnunina og fjöllita grasbakkarnir njóta sín vel sem miðpunktur sögunnar. En brúðuvinnan er í sérflokki og nánast töfrum líkast þegar gömul ferðataska breytist í belju, lök í svani og gamall skór í hundinn Snata.

Öll umgjörð er reyndar til fyrirmyndar. Tónlistin sem samin er og spiluð af Sigrúnu Harðardóttur og Margréti Arnardóttur er bæði metnaðarfull og fjölbreytt. Þar verður sérstaklega að nefna naumhyggjukennda lagið sem er spilað undir ferðalagi feðginanna í byrjun sýningar. Stundum virðist meira að segja stærri hljómsveit vera á sviðinu heldur en raun ber vitni. Lýsingarvinna Kjartans Darra Kristjánssonar í Tjarnarbíói hefur verið virkilega góð þetta leikárið og sömu sögu má segja um vinnu hans hér. Allt er gert til að setja fókusinn á Ninnu litlu með björtum bendiljósum en stundum er rökkrið örlítið þreytandi, það er ekki síður spennandi að sjá brúðustjórnendurna á bak við hreyfingarnar.

Á eigin fótum er kjörin sýning fyrir yngstu leikhúsgestina sem geta setið fremst við sviðið, næstum því inni í atburðarásinni, og hitt Ninnu sjálfa í lok sýningarinnar. Aftur á móti geta þeir eldri líka haft mjög gaman af enda sýningin fallega framsett, ljúf og skondin. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Heillandi þroskasaga.



**Brúðuleiksýningin Á eigin fótum er lifandi og frumleg á sínum bestu stundum.**



















# BÍÓ



Leikarar Guardians of the Galaxy Vol. 2 spila vel saman og útkoman er áreynslulaus og skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Vitleysingar Vetrarbrautarinnar í góðum fíling

**KVIKMYNDIR**

**Guardians of the Galaxy Vol. 2**
★★★★☆

**Leikstjóri:** James Gunn
**Framleiðendur:** Kevin Feige, David J. Grant
**Handrit:** James Gunn
**Aðalhlutverk:** Chris Pratt, Zoe Saldana, Kurt Russell, Karen Gillan, Dave Bautista

Þegar Guardians of the Galaxy kom út fyrir þremur árum þótti Marvel-stúdíóið taka mikla áhættu með myndinni, enda könnuðust fáir við hetjurnar fyrirfram og þá var óvíst hvort almenningur myndi tengja sig við súran og ærslafullan tón hennar. Þess vegna sló það marga út af laginu hvað útkoman reyndist vera þrusuvel heppnuð og náði leikstjórinn, sérvitringurinn og atvinnunördið James Gunn að stuða heljarinnar ferskleika, gríni og slettu af sál í létta og óvenjulega geimóperu. Eðlilega er þá staðallinn fyrir framhaldsmyndina nokkuð hár.

Eins og áhorfendur vita margir samanstendur hetjuhópurinn af viðkunnanlega leiðtoganum Peter Quill, hinni stálhörðu Gamoru, stríðskappanum einfalda Drax, byssuóða þvottabirninum Rocket og Groot litla, manngerða trénu sem ætlar sér öllu að drekkja með sakleysi sínu og dúllulegheitum.

Seinast voru þessir vitleysingar miklir einfarar sem komu saman og urðu að nánni liðsheild. Í Guardians of the Galaxy Vol. 2 er reynt á tengsl teymisins með ósögðum tilfinningum og togstreitu, kenndum við hvaða fjölskyldumynstur sem er. Eins og þetta sé ekki nóg glímir Quill núna við tvær ólíkar föðurímyndir sem hann á margt óuppgert við. Það er erfitt að eiga ekki við nokkur vandamál að stríða þegar uppeldisfaðir þinn er villimaður og líffaðir þinn hvergi viðstaddur út æskuna – og lifandi pláneta þar að auki!

Með Guardians of the Galaxy Vol. 2 er tekið meira eða minna allt sem fólk elskaði við fyrri myndina og það fjölfaldað; fleiri brandarar, stærri hasar, aukin krúttlegheit og almennt hærri kvóti af rugli og skrípalegum súrrealisma. Sem betur fer gefur hún samt forvera sínum lítið eftir og er varla dauða mínútu að finna. Heilt yfir má segja að fyrri myndin sé aðeins hnitmiðaðri í frásögninni en það er ýmislegt sem seinni myndin gerir betur. Skúrkurinn er eftirminnilegri, hasarinn flottari, tilfinningakjarninn sterkari og áhersla á persónurnar aðeins meiri.




Í framhaldssögum Marvel hefur venjan oft verið sú að ofhlaða sögur með nýjum persónum og uppstillingum fyrir komandi ævintýri. Gunn gengur prýðilega að forðast þessar gryfjur og reynir að segja í staðinn heldur einfalda og persónulega sögu og einbeitir sér að gildum og gangverkum fjölskyldubanda.

Í handritinu skilur Gunn ekkert eftir til að lesa á milli línanna með samtölunum, heldur eru allar tilfinningar sagðar upphátt eða stafaðar út hjá persónum. Þetta er þó ekki beinlínis galli því yfirdrifni tónninn gengur enn upp og karakterarnir eftirminnilegir og skemmtilegir. Það rignir líka bröndurum í handritinu og ef einn hittir ekki í mark er alltaf stutt í annan sem gerir það áreynslulaust.

Eins og síðast eiga leikararnir kostulega dýnamík, sem í þessari lotu er bara öflugri ef eitthvað er. Allir eru miklu öruggari í hlutverkum sínum. Hver og einn finnur nýjar stillingar á sér (þar á meðal hinir tölvugerðu Rocket og Groot) og dýpkar karakter sinn á einn eða annan hátt. Michael Rooker er á góðri leið með að stela myndinni sem geimsjóræninginn Yondu og ný andlit fara létt með að krydda allt partíið, þar á meðal Pom Klementieff og Sylvester Stallone í gestahlutverki. Kurt Russell kemur líka sterkur inn í hlutverki hins forvitnilega Ego.

Útlitslega og í almennum fíling virkar myndin eins og hasarblað sem hefur verið vakið til lífs. Stíll, hönnun og tæknibrellur eru til fyrirmyndar. Tónlistarvalið leikur líka, eins og síðast, ekki bara svakalegt hlutverk í stemningunni heldur er það gjörsamlega grafið inn í DNA myndarinnar. Gömlu poppslagararnir eru ekki eins þekktir og þeir sem fylgdu listanum síðast en lögin öll smellpassa við senurnar og gefa þeim fínan púls. Grípandi hápunktum er náð með tónlist frá t.d. Fleetwood Mac, Glen Campbell, Jay and the Americans, Cat Stevens, ELO og fleirum. Mixið er geggjað, vissulega, en annað hefði verið vonbrigði.

„Það eru tvenns konar verur í alheiminum; þessar sem dansa og þær sem gera það ekki,“ mælir hinn óborganlegi Drax á einum tímapunkti. Á marga vegu innsiglar þetta hugarfarið sem Guardians of the Galaxy Vol. 2 er ætlað að smita áhorfandann með. Hún er mynd sem gengur út á það að grínast, tjútta og njóta sín í brellu- og tilraunagleðinni, bara hafa gaman. Ekki flóknara en það. Tjúttaðu bara með.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vol. 2 nær ekki alveg að toppa forvera sinn en persónurnar, húmorinn, hasarinn, stíllinn og tónlistin tryggja dúndurskemmtilega sumarafþreyingu engu að síður. Geggjað mix.

# NÝR DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM80653

Verð kr.

# 2.540.000 þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco²

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%




SÝND KL. 6, 9
SÝND KL. 6, 9
SÝND KL. 10.10
SÝND KL. 5.50

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:50 | 12 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| UNFORGETTABLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 9 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:30 | 9 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| UNFORGETTABLE | KL. 10:10 | 16 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5 | 9 |
| STUBBUR STJÓRI | KL. 5:30 | L |

KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 7 - 10 | 12 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| THE SHACK | KL. 5:20 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 10:40 | 6 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 | 9 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is EÐA MEÐ SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 10 | 12 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 7:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF GALAXY 2 2D | KL. 10:10 | 16 |
| GUARDIANS OF GALAXY 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| BEAUTY AND BEAST 2D | KL. 5:20 | 9 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 | 6 |

Góða skemmtun í bíó

Simaveski.is




Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind




skoðaðu úrvalið á Weber.is


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. MAÍ

### Uppákomur

**Hvað?** Michael McIntyre
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugardalshöll
Einn vinsælasti uppistandari Bretlands, Michael McIntyre, hefur nýja túrinn sinn, Big World Tour, á Íslandi. Hann fékk 5 stjörnur af 5 mögulegum í dómi breska blaðsins The Telegraph. Efnið er glænýtt og því eintakt tækifæri til að upplifa eitt besta uppistand heimsins.

**Hvað?** NBA – er kominn tími á breytingar?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex hosteli
Er kominn tími til að endurhugsa hvernig leikmenn ganga til liðs við félögin í NBA-deildinni? Er nýliðavalið kannski besta mögulega fyrirkomulagið? Léttur og skemmtilegur umræðufundur í Gym & Tonic sal Kex hostels þar sem sérfræðingar skiptast á skoðunum og svara spurningum gesta. Frítt er á fundinn og boðið verður upp á léttar veitingar. Skráning á islandsbanki.is.

**Hvað?** UFC-mót á Fredda
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 2
UFC-mót á Fredda. Allt að 16 manns geta skráð sig á mótið, en keppnin verður riðlakeppni þar sem sigurvegarar úr tveggja manna leikjum færast upp í næstu umferð. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en sigurvegarinn fer heim með gjafabréf upp á heila viku í tækjasal og opna tíma í Mjölni, 2 klst. af spilun á Fredda fyrir tvo spilara og burger og bjór meðði fyrir tvo á Prikinu.
Þátttökugjald er 1.000 kr. á mann.


Bergur Ebbi býður í útgáfuhóf í Bíó Paradís í dag kl. 17.00.

**Hvað?** Stofuhiti
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Stofuhiti – ritgerð um samtímann eftir Berg Ebba og af því tilefni er áhugasömum boðið í útgáfuhóf í Bíó Paradís frá 17 til 19. Þar gefst gestum kostur á að kaupa bókina á sérstöku kynningarverði og fá hana áritaða af höfundi. Þá mun höfundur flytja stutt erindi um efni og tilurð bókarinnar, auk þess sem myndræn útfærsla á þemum sem fram koma í bókinni verður kynnt.

**Hvað?** Öxlum ábyrgð
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ferðafélag Íslands
FÍ, í tilefni af 90 ára afmæli sínu, og Landgræðslan boða til málþings um hlutverk útivistarfélaga og ferðaþjónustunnar í að vernda og tryggja aðgengi að náttúrunni.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Suðurlandsbraut 48
Starfsfólk sér um að kenna spil og hópa fólk saman svo allir skemmti sér vel. Spiluð verða alls konar spil á mörgum borðum og allir velkomnir. Spilavinir eiga gífurlegt úrval af spilum sem hægt er að prófa og hlökkum til að sjá ykkur. Einnig má koma með sín eigin spil. Spilakvöld er miðað við fullorðna en krakkar 12 ára og eldri í fylgd með fullorðnum eru velkomnir.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Karllægar atvinnugreinar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Center Hótel Plaza
Hvers vegna eru sumar atvinnugreinar enn þann dag í dag jafn kynbundnar og raun ber vitni og hvort og þá hvað er hægt að gera til að breyta því? Eru líffræðilegar aðstæður að baki eða það staðalímyndir samfélagsins sem hafa helst áhrif? Mun það hafa einhver áhrif að jafna kynjahlutföllin í greininni? Ungar athafnakonur hafa fengið til liðs við sig einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að starfa hjá fyrirtækjum í karllægum atvinnugreinum til að reyna að varpa ljósi á framangreindar spurningar.

### Heilsa

**Hvað?** Icelandair hlaupið 2017
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hótel Reykjavík Natura
Skokkklúbbur Icelandair heldur 23. Icelandair hlaupið og fer hlaupið að venju fram í kringum Reykjavíkurflugvöll. Hlaupaleiðin er um sjö kílómetrar. Hægt verður að skrá sig á staðnum frá kl. 16.00-18.30.

### Tónlist

**Hvað?** Thin Jim
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Rosenberg
Hljómsveitin Thin Jim heldur tónleika á nýja Rosenberg. Hljómsveitin vinnur nú að nýrri plötu sem væntanleg verður í haust. Það eru þau Margrét Eir söngkona og Jökull Jörgensen sem koma fram ásamt gítarleikaranum Birki Rafni og Magnúsi Magnússyni trommuleikara. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Unnur Malín
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi
Unnur Malín hefur verið að hasla sér völl á tónlistarsviðinu undanfarin ár, fyrst varð hennar vart með hljómsveitinni Ojba Rasta, síðar sem tónskáld, og í fyrra hóf hún sólóferil sinn með fyrstu sólótónleikunum á Siglufirði. Unni Malín er margt til lista lagt. Sem sviðslistamaður miðlar hún á fallegan hátt tónlist sinni til áhorfenda og áheyrenda. Tónlist hennar tekur svip af mörgum og ólíkum stílum og stefnum, sem í hennar meðförum taka svip af henni sjálfri. Unnur Malín kemur fram með eigið efni sem hún hefur verið að prófa sig áfram með undanfarið ár. Hún mun bæði leika sér að rödd sinni og á hljóðfæri.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Á Nýjum Stað | 18:00 |
| A Monster Calls | 17:30 |
| Afterimage | 17:45 |
| Genius | 20:00 |
| Spólað yfir hafið | 20:00 |
| The Sea Of Trees | 20:00 |
| Welcome to Norway | 22:30 |
| I, Daniel Blake | 22:00 |
| Moonlight | 22:15 |




VÉLASALAN
Til sjávar og sveita
Fyrir bílinn, bátinn & ferðavagninn
Höfuðrofar
Led kastarar
LED flóðljós
Rofabretti
STEINER sjónaukar
FOCUS fjarlægðarmælar
Lúgur
Áfyllingastútar
VHF-Talstöðvar
Ankeri
Neyðarstigar
Bátastólar
Borðfætur
Fánastangir
Neglur
Borvéladæur
Blásarar
Stýri
Handspil
Boxalok
Lúgutessar
Zink
Zink
Olíudælur
Miðstöðvardælur
Neysluvatnsdælur
Lokar
Sjóinntakssíur
Sjóinntök
Öndunarstútar
Stálvaskar
Blöndunartæki
Salerni
Þokulúðrar
Sjóstangafestingar
Rekankeri
Landfestitóg
Lúðrar
Björgunarvesti
Bensín tankar fyrir utanborðsmótora
Geymakassar
Affallstankar
Eldsneytistankar
Neysluvatnstankar
VÉLASALAN
Dugguvogi 4 · 104 Reykjavík
Sími, 520 0000 · www.velasalan.is




Glænýir og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum fyrsta þætti heimsækir Eva Laufey bakaríið Brauð og Co og lærir að baka brauð og bakkelsi eftir þeirra einstöku list.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



PRISON BREAK

Æsilegi flóttinn heldur áfram og nú sjö árum síðar komast Lincoln og Sara að því að Michael er enn á lífi og er í fangelsi í Jemen.



THE BLACKLIST

Raymond Reddington er mættur aftur í þessum hörkuspennandi þáttum þar sem hann aðstoðar FBI við að leysa flókin og erfið sakamál.






ANIMAL KINGDOM

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Landnemarnir
**11.00** The Goldbergs
**11.25** Sælkeraferðin
**11.50** Manstu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Hello, My Name Is Doris
**14.30** The Duff
**16.10** Tommi og Jenni
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.40** Masterchef Professionals - Australia
**20.25** Í eldhúsi Evu Frábærir nýir þættir í umsjón Evu Laufeyjar þar sem hún fer á stúfana kynnir sér hina ýmsu veitingastaði, kaffihús, bakarí og lærir nýjar aðferðir sem hún vinnur svo með í eldhúsinu heima hjá sér. Í hverjum þætti er sérstakt þema t.d. baksturs, indverskt, asískt og ítalskt svo dæmi séu nefnd og einnig er einn þáttur tileinkaður matarsóun.
**21.00** Prison Break
**21.45** The Blacklist
**22.30** Animal Kingdom Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann í vægast sagt vafasömum málum þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll sem hún er séð.
**23.25** Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
**23.45** Broadchurch
**00.35** The Son
**01.25** Shameless
**02.20** Shameless
**03.10** Person of Interest
**03.55** Ghosts of Girlfriends Past
**05.30** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Monaco - Juventus
**08.40** Wolfsburg - Bayern Munchen
**10.25** Pepsi deild karla
**12.10** Pepsímörkin
**13.30** Middlesbrough - Manchester City
**15.15** Tottenh. Hotspur - Arsenal
**17.00** Monaco - Juventus
**18.40** Meistaradeildarmörkin
**19.00** Celta - Manchester United
**21.10** Pepsímörk kvenna
**22.00** Ajax - Lyon
**23.40** Everton - Chelsea
**01.20** UFC Unleashed

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40** Espanyol - Barcelona
**09.20** Real Madrid - Valencia
**11.00** Spænsku mörkin
**11.30** Ajax - Lyon
**13.10** Watford - Liverpool
**14.55** Premier League Review
**15.45** Pepsi-deild karla- Grindavík og Stjarnan
**17.25** Síðustu 20
**17.50** Pepsi-deild kv - Valur og ÍBV
**19.30** Premier League World
**20.00** Pepsi-mörk kvenna
**20.50** Manchester United - Swansea City
**22.40** Messan
**23.55** Celta - Manchester United

## STÖÐ 3

**17.35** Mike & Molly
**17.55** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.35** Á fullu gazi
**20.00** Þær tvær
**20.30** Drop Dead Diva
**21.15** Arrow
**22.00** Gotham
**22.45** Hugh's War on Waste
**23.45** The New Adventures of Old Christine
**00.05** Gilmore Girls
**00.50** Curb Your Enthusiasm
**01.20** Á fullu gazi
**01.40** Þær tvær
**02.15** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Brunabílarnir
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Brunabílarnir
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Brunabílarnir
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Börnin í Ólátagarði



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Zurich Classic of New Orleans
**13.00** PGA Highlights
**13.55** Golfing World
**14.45** Volunteers of America Texas Shoot
**17.35** Inside the PGA Tour
**18.00** PGA Tour
**22.00** Inside the PGA Tour
**22.25** Golfing World
**23.15** PGA Special. Arnold Palmer Network

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Little Women
**13.25** One Chance
**15.10** Bluebird
**16.45** Little Women
**18.40** One Chance
**20.25** Bluebird Kvikmynd frá 2013. Sagan gerist í litlum bæ norðarlega í Maine-ríki og þykir hún minna um margt á meistaraverk Atoms Egoyan, The Sweet Hereafter. Lance, sem skrifar einnig handritið, er sjálfur fæddur og uppalinn á þeim slóðum þar sem sagan gerist og dregur hér upp einstaklega áhrifaríkar og sterkar lýsingar á lífi og viðbrögðum venjulegs fólks við harmleik sem skekur hið litla samfélag þeirra.
**22.00** Ex Machina
**23.50** What Lies Beneath Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Fyrir ári hélt hann framhjá Claire sem enn þá veit ekkert um það. Sjálf upplifir hún undarlega atburði sem eiga eftir að varpa nýju og ógeðfelldu ljósi á hjónaband hennar.
**02.00** A Girl Interrupted
**04.05** Ex Machina

## RÚV

**16.35** Tómas Jónsson fimmtugur
**17.05** Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**17.30** Táknmálsfréttir
**17.40** Makedónía - Ísland
**19.50** Fréttir
**20.15** Íþróttir
**20.20** Veður
**20.30** Framapot
**21.00** Heimavígstöðvarnar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Svikamylla
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**11.45** The Voice USA
**13.15** Dr. Phil
**13.55** Difficult People
**14.20** Survivor
**15.05** The Bachelorette
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Man With a Plan
**20.15** The Mick
**20.35** Speechless
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order: Special Victims Unit
**01.50** Billions
**02.35** The Catch
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




## SUZUKI VITARA 4x4GLX DÍSEL

**ÁRGERÐ 2016 - SJÁLFSKIPTIR - LÍTIÐ NOTAÐIR**

## Síðustu bílarnir

Til í nokkrum litum á betra verði!

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

## HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

Bílarnir eru eknir á bilinu **25-29** þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er **apríl 2016**.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
lau 12-15
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík


Lukka Sigurðardóttir og Ragnar Gabríel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Ágúst, Kristján og Jóhann létu sig ekki vanta.

# Kynntu sér nýja kynslóð fatahönnuða

Það var mikið um dýrðir í Norðurljósasal Hörpu í gær þegar tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við LHÍ fór fram. Þeir voru margir sem lögðu leið sína á sýninguna og kynntu sér þessa nýju kynslóð fatahönnuða og afrakstur þriggja ára náms þeirra.


Útskriftanemendur fögnuðu rækilega eftir sýninguna.


Jón B. Jónsson og Stefán Svan.


Norðurljósasalurinn var pakkfullur í gær.


Hönnun eftir Kristínu Karlsdóttur.



Magna Rún sýndi þetta stórfenglega dress.

Nilfisk
NILFISK BRAVO ENERGY PARQUET
38.900 kr.

NILFISK heimilisryksugur
Í Rekstrarlandi færðu Nilfisk ryksugur, ryksugupoka og aðra aukahluti.
REKSTRARLAND
Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

Glæsilegt úrval á pier.is

Gildir frá 04.05.2017 til 10.05.2017



# 20–30% AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM

FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ef verslað er fyrir 30.000 kr eða meira







HAAG SÓFI
Áður 229.900,-
NÚ 172.425,-

ODETTE STÓLL
Áður 59.900,-
NÚ 47.920,-







Garðstyttur verð frá 2.990,-





HAVANNA BORÐ
Áður 59.900,- NÚ 47.920,-
HAVANNA STÓLL
Áður 9.990,- NÚ 7.992,-

GRANBY STÓLL
Áður 9.990,- NÚ 7.992,-



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Ógleði olli veseni í upptökum



Eva Laufey Kjaran var ekki alltaf upp á sitt besta á setti við gerð þáttanna Í eldhúsi Evu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Eva Laufey Kjaran** birtist á skjánum í kvöld í nýrri þáttaröð. Eva naut þess í botn að taka upp þættina þó að morgunógleðin hafi sett strik í reikninginn.

Þessi þáttaröð sýnir þegar ég heimsæki frábæra veitingastaði og fæ að vera eins konar starfsmaður á plani ásamt því að ég fæ til mín góða gesti heim í eldhús sem kenna mér ýmis góð trix í eldhúsinu og fræða mig til dæmis um matarsóun okkar Íslendinga,“ segir Eva Laufey Kjaran spurð út í hvað nýju sjónvarpsþættirnir hennar, Í eldhúsi Evu, snúast um. „Í lok hvers þáttar býð ég svo áhorfendum heim til mín í eldhúsið mitt þar sem við eldum saman einfalda og góða rétti sem allir ættu að geta leikið eftir, og mér fannst það sérstaklega skemmtilegt að taka þættina upp heima og fá tækifæri til þess að bjóða áhorfendum heim til mín – ég hef ekki gert það áður og það er þess vegna mun persónulegra fyrir mig.“

Eva Laufey skemmti sér konunglega við gerð þáttanna en ferlið var samt ekki alltaf dans á rósum þar sem morgunógleði setti strik í reikninginn. „Ég var sem sagt komin um það bil fjórtán vikur á leið þegar við hófum tökur og var enn að berjast við blessaða morgunógleðina, og jú, ég ætla ekki að mæla sterklega með því að gera matreiðsluþætti með mikla ógleði,“ segir hún og hlær.

Gosdrykkir og brauðát komu henni í gegnum þetta.

„En ég vinn sem betur fer með svo frábæru tökuliði og þeir sýndu þessu auðvitað fullan skilning og þá voru gerð hlé þegar ógleðin stóð sem hæst … og gosdrykkir komu mér í gegnum þetta … og brauðát. Þess vegna var enn betra að vera heima hjá mér í upptökum, þegar heilsan er ekki upp á tíu! Þetta er sem betur fer bara fyndið núna,“ segir Eva Laufey sem getur hlegið að þessu núna. „En það var erfitt að vera ekki nógu hress alla upptökudagana, að vera flökurt og líða eins og maður sé þunnur allan daginn er ekkert endilega besta dagsformið sem ég hefði kosið.“

**AÐ VERA FLÖKURT OG LÍÐA EINS OG MAÐUR SÉ ÞUNNUR ALLAN DAGINN ER EKKERT ENDILEGA BESTA DAGSFORMIÐ SEM ÉG HEFÐI KOSIÐ.**

Eva Laufey og Haddi, eiginmaður hennar, eiga von á stelpu í september þannig að meðgangan er rúmlega hálfnuð. „Ég er komin yfir þennan erfiða hjalla,“ segir Eva sem er hrikalega spennt fyrir nýjasta fjölskyldumeðliminum sem er á leiðinni. „Við Haddi eigum svo eina sem verður þriggja ára í júlí, hana Ingibjörgu Rósu, og það verður því dásamlegt að fá eina litla skruddu í viðbót.”

Í eldhúsi Evu fara í loftið í kvöld. Spurð út í hvort hún eigi uppáhaldsþátt á Eva erfitt með að svara. „Ég get ekki valið einn uppáhalds – þeir eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Í fyrsta þættinum heimsæki ég bakaríið Brauð og Co. og læri að baka croissant frá grunni og mér þótti það einstaklega skemmtilegt því ég ELSKA croissant. Ég elska reyndar bakstur almennt og það mætti jú kannski segja að kökukerlingin ég hafi verið í essinu mínu í þeim þætti. Naut þess í botn! Svo fannst mér stórkostlegt að elda indverskan mat á Austur-Indíafjelaginu og að læra að útbúa alvöru sushi á Sushi Social, og að búa til ferskt pasta með öllu tilheyrandi. Sem sagt, ég elska alla þættina og hvert þema og hver þáttur hefur sinn sjarma.“

Evu fannst heillandi að fá að vera „starfsmaður á plani“ á öllum þessum ólíku stöðum. „Það skemmtilegasta er auðvitað að fá tækifæri til þess að gera það sem ég elska, að þróa nýjar uppskriftir, að fá að vera starfsmaður á plani á veitingastöðum og læra af öllu þessu frábæra fagfólki sem þar starfar og fara síðan heim í eldhúsið mitt og elda fyrir áhorfendur. Ég lærði rosalega margt í þessari seríu og vona að það skili sér heim í stofu og áhorfendur læri líka margt í leiðinni. Það skemmtilegasta er líka auðvitað að vinna með frábæra tökuliðinu mínu, en að vinna með því gerir alla daga stórkostlega.“

gudnyhronn@365.is





HANDVERK OG HÖNNUN
CRAFTS AND DESIGN

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
4.–7. MAÍ

| | |
|---|---|
| FIMMTUDAGUR 4. MAÍ | 12 - 19 |
| FÖSTUDAGUR 5. MAÍ | 12 - 19 |
| LAUGARDAGUR 6. MAÍ | 12 - 19 |
| SUNNUDAGUR 7. MAÍ | 12 - 18 |

HANDVERK OG HÖNNUN #handverkoghonnun www.handverkoghonnun.is




Það er með gríðarlegu stolti sem við óskum Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, til hamingju með 10 ára afmælið.

Keilir var fyrsta þróunarverkefni Kadeco og á aðeins 10 árum hefur tekist að skapa framsækið þekkingarsetur sem meðal annars á stóran hlut í því að hlutfall háskólamenntaðra íbúa í Reykjanesbæ, 25 ára og eldri, hefur meira en tvöfaldast.

Við óskum stjórnendum, starfsmönnum og nemendum Keilis, innilega til hamingju.

Kadeco

**Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is**



# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 26.04.17 – 02.05.17




**1** Í skugga valdsins
Viveca Sten




**2** Komdu út!
Brynhildur Björnsdóttir/Kristín Eva Þórhallsdóttir




**3** Iceland flying high ensk
Ýmsir höfundar




**4** Löggan
Jo Nesbø




**5** Litla bakaríið við Strandgötu
Jenny Colgan




**6** Iceland in a Bag
Ýmsir höfundar




**7** Independent People
Halldór Laxness




**8** Sterkari í seinni hálfleik
Árelía Eydís Guðmundsdóttir




**9** Leyndarmál eiginmannsins
Liane Moriarty




**10** Ævinlega fyrirgefið
Anna B. Ragde

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




# Tókst að selja lokaverkefnið sitt

**Letrið Silk er komið í sölu á stærstu letursíðu internetsins en það er hannað og búið til af Rakel Tómasdóttur, grafískum hönnuði Glamour. Letrið var tvö ár í vinnslu.**



Nú þegar hefur letrið hennar verið keypt nokkrum sinnum af vefsíðunni myfonts.com.

Þetta er auðvitað pínu nördalegt en grafískir hönnuðir í leit að letri fara inn á myfonts.com,“ segir Rakel Tómasdóttir, yfirhönnuður íslenska tískutímaritsins Glamour, en letrið hennar, Silk, er komið í sölu á síðunni.

Þar má einnig finna Times New Roman og Comic Sans sem flestir kannast við en inni á vefsíðunni eru mörg þúsund leturgerðir og er hún ein stærsta vefsíðan þar sem hægt er að kaupa letur. „Ég byrjaði að teikna eina útgáfu á öðru ári í Listaháskóla Íslands sem þróaðist svo með hverju Glamour-blaði. Að lokum endaði letrið sem heil leturfjölskylda og varð útskriftarverkefnið mitt úr Listaháskólanum fyrir ári síðan,“ segir hún en ekki er mjög algengt að útskriftarnemar nái að selja lokaverkefni sín.

„Leturfjölskylda þýðir í raun að þá eru fleiri útgáfur eins og Bold og Italic og fleira. Í grafískri hönnun eru letur svolítið einkenni. Það að við veljum þetta letur í Glamour heldur blaðinu í sama stíl og fleira. Þetta letur hentar til dæmis mjög vel fyrir tískutímarit, er fínlegt og bindur blaðið saman,“ segir hún en Glamour er íslenskt tímarit sem fjallar um tísku, fylgihluti, fegurð, heimili, hönnun, mat, heilsu og allt milli himins og jarðar. Fjölmörg risanöfn í ljósmyndun og tísku vinna fyrir tímaritið sem gerir það að stofustássi.

**BLÖÐIN ÚTI NOTAST VIÐ SITT LETRIÐ HVERT OG VIÐ ERUM MJÖG ÁNÆGÐ MEÐ OKKAR.**

Það varð því að notast við fallegt letur inni í blaðinu líka en Glamour er gefið út í 16 öðrum löndum. „Blöðin úti notast við sitt letrið hvert og við erum mjög ánægð með okkar, það er líka viðurkenning fyrir letrið að það var samþykkt úti hjá Condé Nast og við máttum nota það í okkar útgáfu,“ segir Álfrún Pálsdóttir ritstjóri Glamour.

Rakel byrjaði á að handteikna alla stafina í letrinu áður en hún setti það í tölvu. „Þar gerir maður svo milljón breytingar áður en það var fullgert. Þetta er langt og strangt ferli. Að teikna stafina tekur hlutfallslega mjög stuttan tíma en að fá þetta til að virka sem ein heild er svolítið annað mál enda margt sem þarf að smella saman.“

Það er ljóst að Rakel er gífurlega fróð um letur enda segir hún að trúlega gæti hún rætt um letur og stafi við annan leturgerðarmann klukkustundum saman. „Það eru alltaf að fæðast nýjar hugmyndir. Ég er ekkert hætt – þetta er bara byrjunin.“

**benediktboas@365.is**



Rakel Tómasdóttir hannaði letrið sem prýðir fyrirsagnir Glamour.
MYND/ÚR EINKASAFNI

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


MAMMUT dagar
Nú gerum við okkur klár fyrir sumarið
20% afsláttur af fatnaði og skóm
dagana 4. - 13. maí
Mammut Kira Pro Halfzip
Verð 14.595,-
Verð m/afsl. 11.676,-
Mammut Ultimate Hoody
Verð 32.995,-
Verð m/afsl. 26.396,-
Mammut Runbold
Verð 31.995,-
Verð m/afsl. 25.596,-
Mammut Jona
Verð 35.995,-
Verð m/afsl. 28.796,-
Mammut Base Jump
Verð 34.995,-
Verð m/afsl. 27.996,-
Mammut Aconcagua Pro
Verð 19.995,-
Verð m/afsl. 15.996,-
Mammut Eigerjoch Light
Verð 37.995,-
Verð m/afsl. 30.396,-
Mammut Masao
Verð 45.995,-
Verð m/afsl. 36.796,-
Bergans Breheimen Neo
Verð 36.995,-
Verð m/afsl. 29.596,-
Ternua Latok
Verð 23.995,-
Verð m/afsl. 19.196,-
Hanwag Alaska GTX
Verð 49.995,-
Verð m/afsl. 39.996,-
Mammut Trovat Guide GTX
Verð 34.995,-
Verð m/afsl. 27.996,-
Mammut Mercury Mid GTX
Verð 25.995,-
Verð m/afsl. 20.796,-
Mammut T-Aegility Low
Verð 17.995,-
Verð m/afsl. 14.396,-
Mammut Chuck Low
Verð 16.995,-
Verð m/afsl. 13.596,-
Hanwag Tatra GTX
Verð 47.995,-
Verð m/afsl. 38.396,-
Mammut Trovat Adv GTX
Verð 33.995,-
Verð m/afsl. 27.196,-
Mammut Nova Mid GTX
Verð 24.995,-
Verð m/afsl. 19.996,-
Mammut T-Aegility Low
Verð 17.995,-
Verð m/afsl. 14.396,-
Teva T-Aenergy Low GTX
Verð 19.995,-
Verð m/afsl. 15.996,-
MAMMUT
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR SINCE 1921
OR OUTDOOR RESEARCH
TERNUA
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Frosta Logasonar

## Verkefni dagsins

Lengi vel bjó ég við svokallaða gluggaumslagafóbíu. Ég gat bara ekki fengið mig til þess að opna gluggaumslög. Ekki af því ég skuldaði einhverju smálánafyrirtæki eða væri með allt niður um mig. Það var ekki þannig. Ég hef bara aldrei þolað gluggaumslög. Ég er heldur enginn sérstakur aðdáandi þeirra í dag. En fyrir einhverjum árum síðan ákvað ég að taka mig á í þessum málum og mæta gluggapóstinum þá og þegar hann lét sjá sig í póstkassanum.

Í stuttu máli hefur þetta haft jákvæð áhrif á sálarlíf mitt. Í hvert skipti sem ég opna gluggaumslag kemur í ljós að þar er ekkert að óttast og ef þar er eitthvað sem ég þarf að bregðast við hef ég tækifæri til að gera það í tæka tíð. Niðurstaðan er að mér líður alltaf aðeins betur heldur en þegar ég ýti á undan mér verkefnum dagsins.

Þetta eru svo sem engin geimvísindi. En ég held að þetta eigi við um mjög mörg okkar. Við höfum oft tilhneigingu til að fresta verkefnum dagsins. Að taka til á skrifborðinu. Taka til í geymslunni. Fara með bílinn í þvott og þrífa hann að innan. Þetta eru allt verkefni sem manni finnst best að gera á morgun.

Ég velti stundum fyrir mér hvar ég væri staddur í dag ef ég mundi aldrei fresta neinu. Það væri áhugavert. Ef ég tæki næstu tíu ár í það að ganga í öll verkefni um leið og þau kæmu upp. Vegna þess að í hvert skipti sem maður tekst á við eitthvað sem maður annaðhvort óttast eða vill fresta verður maður alltaf örlítið sterkari. Það er bara þannig. Hvernig yrði líf þitt eftir tíu ár af því að fresta aldrei neinu? Hugsaðu aðeins um það. Það er notaleg tilhugsun.











